GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR
Gefur út tvær handhægar matreiðslubækur
• Matur • Tilboð • Langur laugardagur • Jólin koma
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

birta
ELÍSABET EYÞÓRSDÓTTIR
Stolt af því að vera dóttir Ellenar
Rauða nefið • Tíska • Jólamatur
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Í DAG ER FÖSTUDAGUR!

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR FAXE BESTI VINURINN

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

1. desember 2006 — 322. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Jóladagatal eldist vel

Guðfinna Rúnarsdóttir lék í jóladagatalinu Stjörnustrák fyrir 15 árum og er ánægð með útkomuna enn þann dag í dag.

FÓLK 70

Yndislegt starf

Guðbjörg Guðjónsdóttir og Hildur Sigurðardóttir hafa unnið á leikskólanum Foldaborg í tuttugu ár og finnst starfið yndislegt.

TÍMAMÓT 40

Tvískinnungur

„Maó var þó að minnsta kosti jafnmikil ófreskja í mannsmynd og Hitler. Munurinn er sá, að eftir seinni heimsstyrjöld var gert rækilega upp við Hitler," segir Hannes H. Gissurarson.

Í DAG 34

Skórnir nálgast hilluna

Landsliðskonan Harpa Melsted segist vera að íhuga að leggja skóna á hilluna.



ÍÞRÓTTIR 66

VEÐRIÐ Í DAG

STORMUR - Í dag verður norðan stormur norðvestan og vestan til annars hægari. Úrkomulítið sunnan til annars rigning eða slydda. Hiti 0-6 stig, mildast sunnan til. VEÐUR 4

KÁRI Í JÖTUNMÓÐ Hvasst var í höfuðborginni í gær og einnig víðast hvar á sunnan- og vestanverðu landinu. Ekki fóru þeir sem lögðu leið sína um sjávarsíðuna varhluta af því eins og þessi mynd frá Reykjavíkurhöfn ber með sér. Hvassviðri er spáð áfram í dag og hefur Veðurstofan sent frá sér stormviðvörun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ráðherra telur ekki ljóst hvort símar voru hleraðir

Samtals var úrskurðað um hlerun hjá 33 einstaklingum á árunum 1949 til 1976. Dómsmálaráðherra telur óþarfi að skipa sérstaka rannsóknarnefnd. Umfangið á hlerununum kemur á óvart, segir Jón Sigurðsson.

HLERANIR Heimasímar átta manna sem allir áttu sæti á Alþingi á árunum 1949 til 1968, voru hleraðir um tíma. Þetta kemur fram í bók Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings, Óvinir ríkisins – ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi.

Samtals voru veittar 33 heimildir til hlerunar á símum einstaklinga og átta félagasamtaka og fyrirtækja á árunum 1949 til 1976. Magnús Kjartansson, þáverandi ritstjóri Þjóðviljans, var hleraður oftast allra eða í öll þau skipti sem hleranir voru heimilaðar að gengnum dómsúrskurði.

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, segir nauðsynlegt að skoða öll gögn um hleranirnar til hlítar. Hann segir nefnd hafa verið skipaða um málið sem eigi eftir að ljúka sínum störfum. „Það er búið að taka ákvarðanir um hvernig eigi að rannsaka þessi gögn. Ég tel það óskynsamlegt að vera með margar rannsóknir í gangi í einu en það er mikilvægt að rannsaka þetta faglega og vel. Umfangið á hlerununum kemur mér á óvart en ég hafði heyrt af þessu áður og við sem vorum herstöðvarandstæðingar trúðum því alltaf að hleranir væru stundaðar."

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra telur rannsókn á hlerunum vera í réttum farvegi. Hann telur sérstaka rannsóknarnefnd óþarfa. „Ég tel að málið sé í réttum farvegi. Að baki öllum ákvörðunum um þetta standa dómsúrskurðir um heimild til lögreglunnar og er byggt á þeim. Hins vegar hefur ekki verið leitt í ljós hvort símar voru hleraðir eða ekki. Ég tel að sérstök rannsóknarnefnd muni ekki bæta neinu við í þessu máli."

Leigjendur í íbúð Arnars Jónssonar leikara og Þórhildar Þorleifsdóttur leikstjóra voru hleraðir sumarið 1968 fyrir mistök. Ætlunin var að hlera Arnar í tilefni af utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík. Arnari var einnig meinuð för til Ástralíu vegna eftirlits með honum. - mh / sjá síðu 6

Íslensk hönnun
og framleiðsla er góð gjöf

Löggilt menntun meistara í iðngreinum tryggir viðskiptavinum faglega þjónustu og lausnir að þörfum hvers og eins.

Samtök iðnaðarins hvetja landsmenn að skipta aðeins við fagfólk með tilskilin réttindi og það er að finna á:

meistarinn.is
www.meistarinn.is

Forseti Palestínu:

Gefst upp á Hamas

VESTURBAKKINN, AP Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, ætlar ekki lengur að reyna að ná stjórnarmyndunarsamkomulagi við Hamas-hreyfinguna herskáu sem situr í meirihlutastjórn Palestínu. Í staðinn segist hann ætla að funda með æðstaráði Frelsissamtaka Palestínu, PLO, og ákveða hvert framhaldið verður. Abbas hefur undanfarið reynt að mynda stjórn með Hamas í tilraun til að binda enda á refsiaðgerðir Vesturlanda og endurvekja friðarviðræður Palestínumanna við Ísrael. - smk

MAHMOUD ABBAS

Friðargæsluliðar SÞ á Haítí og í Líberíu:

Sakaðir um að nauðga börnum

BRETLAND Friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna á Haítí og í Líberíu hafa verið sakaðir um að beita börn þar kynferðisofbeldi. Þetta kom fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC, í gær. Bæði er um nauðganir og vændi að ræða og munu ungar stúlkur hafa sagt fréttamönnum BBC frá viðskiptum við friðargæsluliðana, sem kröfðust kynmaka í staðinn fyrir mat eða fé, sagði í fréttinni. Ráðamenn innan SÞ láta nú rannsaka ásakanirnar.

Á síðustu árum hefur komist upp um ýmislegt misjafnt meðal friðargæsluliða SÞ, svo sem barnaníðingahringur sem nokkrir þeirra stjórnuðu í Lýðveldinu Kongó og vændisrekstur í Kósóvó. Aðstoðarframkvæmdastjóri friðargæslu SÞ, Jane Holl Lute, viðurkennir að kynferðisofbeldi sé víðtækt innan stofnunarinnar. „Við höfum átt við vandamál að stríða, sennilega síðan fyrst var farið að sinna friðargæslu," sagði hún. „Mér skilst að þetta sé annaðhvort vandamál eða hugsanlegt vandamál í hverri einni og einustu för sem við förum í."

Ráðstefna um kynferðislegt ofbeldi friðargæsluliða verður haldin í New York í Bandaríkjunum á mánudaginn. - smk

JÓLAÆVINTÝRI
Í VETRARGARÐINUM
Frumsýnt kl. 14
laugardaginn
2. desember
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

SPURNING DAGSINS

Jón Trausti, kom einhvern tímann til greina að nefna tímaritið Eldgamla Ísafold?

Nei, en það kom til greina að nefna það Ástkæra fósturmold. Því var hins vegar hafnað.

Blaðamaður tímaritsins Ísafold villti á sér heimildir og réð sig á elliheimilið Grund í viku og skrifaði svo grein um aðbúnaðinn þar. Jón Trausti Reynisson er annar tveggja ritstjóra tímaritsins.

Borgarfulltrúar Vinstri grænna segja söluna á Landsvirkjun hafa verið ólöglega:

Salan á Landsvirkjun kærð

STJÓRNMÁL Borgarfulltrúar Vinstri grænna kærðu sölu hlutar Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun til félagsmálaráðuneytisins í gær á þeim forsendum að hún hafi verið ólögleg. Þeir krefjast þess að félagsmálaráðherra felli samþykkt borgarstjórnar um söluna úr gildi.

Íslenska ríkið greiðir þrjá milljarða í peningum fyrir hlutinn og 23,9 milljarða í óskráðum skuldabréfum sem renna í Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir að salan sé ólögleg vegna þess að í lögum er kveðið á um að lífeyrissjóður megi ekki eiga óskráð skuldabréf sem eru meira virði en tíu prósent af hreinni eign sjóðsins. Með sölunni munu óskráðu skuldabréfin mynda 67 prósent af hreinni eign Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar. Til þess að salan gæti gengið í gegn þyrfti að breyta lögum, segir Árni.

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON Segir að salan á hlut Reykjavíkurborgar hafi verið ólögleg og það sýni hversu illa ígrunduð hún var.

Árni segir að ákvæðið um hámarkseign lífeyrissjóða sé í lögum til að tryggja að lífeyrissjóðir ávaxti fé sitt á sem hagkvæmastan hátt því óskráð skuldabréf, sem auk þess séu með breytilega vexti eins og í þessu tilfelli, séu illseljanleg. „Lífeyrissjóðurinn getur ekki farið með bréfin á markað og reynt að selja þau til að ná sér í hagstæðari skuldabréf. Svona bréf takmarka svigrúm lífeyrissjóða og þess vegna er slíkur eignahlutur ólöglegur," segir Árni. - ifv

Sextíu daga fangelsi:

Missti fæturna neðan við hné

DÓMSMÁL Karlmaður var dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamstjón af gáleysi í Hæstarétti á fimmtudag. Dómurinn var staðfesting á dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því 14. febrúar.

Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa ekið gegn rauðu ljósi á gatnamótum Suðurlandsbrautar, Laugavegar og Kringlumýrarbrautar í ágúst á síðasta ári, með þeim afleiðingum að hann lenti í harkalegum árekstri við strætisvagn. Bílstjóri strætisvagnsins kastaðist út úr honum og hlaut áverka á fótum svo að taka varð þá báða af neðan við hné. - ifv

BERJAST UM SÆTI Guðjón Ólafur og Sæunn sækjast eftir sama sætinu.

Framsókn í Reykjavík norður:

Guðjón Ólafur og Sæunn vilja sama sætið

STJÓRNMÁL Báðir þingmenn Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, Guðjón Ólafur Jónsson og Sæunn Stefánsdóttir, sækjast eftir öðru sæti á lista flokksins í kjördæminu.

Jón Sigurðsson formaður hefur lýst áhuga á að skipa fyrsta sætið. Guðjón Ólafur skipaði þriðja sæti listans í síðustu kosningum og Sæunn það fjórða. Þau urðu þingmenn þegar Árni Magnússon og Halldór Ásgrímsson hættu í pólitík. Kjörstjórn stillir upp á listann. - þþs

Alþjóðlegur alnæmisdagur:

Átta Íslendingar greinst í ár

HEILBRIGÐI Alþjóðlegi alnæmisdagurinn er í dag. Af þessu tilefni verða Alnæmissamtökin með opið hús á Hverfisgötu 2 á milli klukkan 16 og 19. Átta einstaklingar hafa greinst HIV-jákvæðir hér á landi í ár. Starfsmenn Rauða krossins lýsa yfir áhyggjum sínum af aukningu alnæmissmita meðal kvenna um allan heim.

Framkvæmdastjóri RKÍ, Kristján Sturluson, líkir útbreiðslu alnæmis í sunnanverðri Afríku við neyðarástand, en þar eru allt að 40 prósent íbúa smitaðir. Því hefur Alþjóða Rauði krossinn sent frá sér neyðarbeiðni um 21 milljarð króna. - kóþ

Jafnmikið kókaín og síðastliðin 20 ár

Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hefur lagt hald á nánast sama magn af kókaíni það sem af er árinu og hún gerði frá 1985 til 2005. Þetta bendir líklega til vaxandi eftirspurnar. Að sögn sýslumanns eru smygltilraunir að verða stórtækari.

FÍKNIEFNAMÁL Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hefur lagt hald á nánast jafn mikið af kókaíni á þessu ári og hún gerði samanlagt á tuttugu árum þar á undan, eða frá því að sérstakir starfsmenn voru settir í fíkniefnaeftirlit í flugstöðinni árið 1985.

Um áttatíu prósent af því kókaíni sem haldlagt hefur verið hér á landi á síðustu árum hefur verið tekið á Keflavíkurflugvelli.

Á tímabilinu 1985 til 2005 lagði tollgæslan hald á um tíu kíló af kókaíni. Þar munar mest um árið 2004 þegar tæplega fimm kíló voru gerð upptæk, þar af 2,7 kíló í desember einum og sér. Það sem af er þessu ári hefur tollgæslan lagt hald á tæplega átta og hálft kíló af efninu, eða eilítið minna en tuttugu undanfarin ár samanlagt.

KÓKAÍN Tæplega átta og hálft kíló af kókaíni hefur fundist við eftirlit á Keflavíkurflugvelli það sem af er ári. Á tímabilinu 1985 til 2005 fundu tollverðir samanlagt um tíu kíló.

KÁRI GUNNLAUGSSON

ÁGEIR KARLSSON

JÓHANN R. BENEDIKTSSON

Kári Gunnlaugsson, aðaldeildarstjóri tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, segir þessa miklu aukningu líklega endurspegla meiri eftirspurn eftir kókaíni á Íslandi. „Ég hef ekki trú á því að við séum einungis að ná svona miklu betri árangri í eftirlitinu. Það virðist því vera meiri eftirspurn. En það er ekki hægt að áætla hana út frá því sem við tökum. Erlendis er oft talað um að yfirvöld séu að ná fimm til tíu prósentum af því sem reynt er að flytja inn. En þetta er of tilviljunarkennt til að áætla eftirspurnina út frá því. Mér finnst að minnsta kosti ólíklegt, miðað við það að við tökum rúm átta hundruð grömm í fyrra en meira en tíu sinnum meira það sem af er ári, að eftirspurnin og neyslan hafi tífaldast á einu ári. Það held ég að geti ekki staðist."

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, tekur undir með Kára og segir mjög erfitt að áætla eftirspurnina. „Það er bara leikur að tölum og aldrei hægt að staðfesta hvort þær séu réttar eða rangar. Það eru engin fræði á bakvið það. Ein stór haldlagning getur skekkt heildarmyndina töluvert."

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, segir að þótt vert sé að gleðjast yfir afgerandi árangri fíkniefnaeftirlits tollgæslunnar sé það áhyggjuefni að smygltilraunir á fíkniefnum virðast vera orðnar mun stórtækari en áður. „Það virðist einnig vera sem það sé meira af dýrum fíkniefnum eins og kókaíni í umferð. Það er líklega skýr vísbending um að fíkniefnaneysla sé að verða almennari og ná til fleiri þjóðfélagshópa en áður. Það er mikið áhyggjuefni."

thordur@frettabladid.is

KVEIKT Á JÓLATRÉ Kveikt verður á jólatrénu á Miðbakka á morgun.

Jólatré á Miðbakka:

Kveikt á trénu á morgun

SAMKOMA Kveikt verður á Hamborgartrénu á Miðbakka Reykjavíkurhafnar kl. 17.00 á morgun.

Þetta er í fertugasta og fyrsta sinn sem Hamborgarhöfn sendir Reykjavíkurhöfn jólatré en það er þakklætisvottur til íslenskra sjómanna fyrir matargjafir til barna í Hamborg eftir síðari heimsstyrjöldina. - hs

Tekið á kortamisnotkun:

Kvittanir ekki með númerum

KORTAVIÐSKIPTI Ekki verður lengur hægt að sjá upplýsingar um kortanúmer og gildistíma á kvittunum frá og með lokum nóvember að nokkrum þjónustuaðilum undanskildum sem hafa fengið frest að sögn Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda, sem gaf út tilmæli í ágúst um að látið yrði af birtingu greiðslukortaupplýsinga á kvittunum.

„Undanfarin ár hefur verið hægt að sjá upplýsingar um kortanúmer á kvittunum sem til dæmis hefur verið hent og þær upplýsingar notaðar í kaupum gegnum net eða síma." Gísli segir töluvert margar verslanir hafa enn verið með þetta kerfi og embættinu hafi borist nokkrar ábendingar um þetta. - sdg

Fyrrverandi forsætisráðherra Rússlands liggur veikur á sjúkrahúsi í Moskvu:

Læknar hafa grun um eitrun

MOSKVA, AP Jegor Gaidar, fyrrverandi forsætisráðherra Rússlands, liggur veikur á sjúkrahúsi í Moskvu, þó ekki í lífshættu, en grunur leikur á að hann hafi orðið fyrir eitrun. Gaidar veiktist heiftarlega í Írlandi í síðustu viku, daginn eftir að Alexander Litvinenko, fyrrverandi njósnari, lést í London.

Í líkama Gaidars hafa læknar ekki fundið neina „eðlilega orsök eitrunarinnar og þeim hefur ekki tekist að finna neitt náttúrulegt efni sem þeir þekkja," sagði Valery Natorov, aðstoðarmaður læknanna í Moskvu í gær, um orsakir veikindanna.

Rannsóknin á láti Litvinenkos í London heldur áfram af fullum krafti.

Geislamengun hefur fundist á tólf stöðum í London og nágrenni og grunur leikur á hugsanlegri geislamengun á tólf stöðum til viðbótar í tengslum við rannsóknina á láti Alexanders Litvinenkos, að því er John Reid, innanríkisráðherra Breta, upplýsti í gær.

JEGOR GAÍDAR Hann gegndi stöðu forsætisráðherra um hríð á meðan Boris Jeltsín stjórnaði Rússlandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Leitað var að geislamengun í fjórum farþegaflugvélum og þúsundir farþega sem hafa flogið með þeim hafa verið beðnir um að láta vita ef þeir fá vísbendingu um að þeir hafi orðið fyrir geislun. - gb

Fíton/SÍA

Allir fá eitthvað fallegt

Endalaust úrval fyrir jólin

Það er þægilegt að gera öll jólainnkaupin í Kringlunni. Komdu og skoðaðu ótrúlega fjölbreytt úrval og upplifðu notalega jólastemningu. Þú finnur jólagjafirnar og sparifötin fyrir alla fjölskylduna.

Opið 10–19 í dag

Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00 - 18.30	10.00 - 21.00	10.00 - 19.00	10.00 - 18.00	13.00 - 17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

GENGIÐ 30.11.2006

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	67,97	68,29
Sterlingspund	132,96	133,60
Evra	89,64	90,14
Dönsk króna	12,023	12,093
Norsk króna	10,938	11,002
Sænsk króna	9,887	9,945
Japanskt jen	0,5843	0,5877
SDR	102,42	103,04

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 122,7957

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstaðan deildi hart á Jón Sigurðsson vegna ummælanna um Írak:

Jón inntur eftir skýringum

STJÓRNMÁL Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, ítrekaði þá skoðun sína á Alþingi í gær að stuðningsyfirlýsing íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak í mars 2003 hafi verið lögmæt. Fyrir því lægi lögfræðileg athugun. Sagði hann ummæli sín um Íraksmál á laugardag hafa fallið í framsöguræðu á flokksfundi þar sem verið var að undirbúa sérstakt málefnaflokksþing.

Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna, spurði Jón hvort Framsóknarflokkurinn hygðist styðja tillögu stjórnarandstöðunnar um að sérstök nefnd rannsakaði málið en fékk ekki skýrt svar. Ögmundur kvaðst ennfremur vona að með ræðunni hafi Jón ekki verið að reyna að klóra yfir málið til að kaupa frið kjósenda.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði sérkennilegt að Jón teldi að þetta væri mál sem hann þyrfti aðeins að eiga við flokk sinn og kvað það ekki bara snúast um lögmæti heldur siðferði.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, sagði Jón vera að reyna að þvo málið af flokknum.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði það furðuleg stærilæti að halda að afstaða Íslands hefði skipt einhverju máli í alþjóðasamhengi. - bþs

FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS Íraksyfirlýsing Jóns Sigurðssonar var til umræðu á Alþingi í gær.

Líkamsárásin í London:

Rannsaka nýjar vísbendingar

LÍKAMSÁRÁS Lögreglan í Bethnal Green á Englandi segir ákveðna framvindu hafa orðið í máli Haraldar Hannesar Guðmundssonar og að hún muni rannsaka nýjar vísbendingar um helgina.

Ekkert er gefið upp nánar, til að spilla ekki fyrir rannsókninni.

Tólf dagar eru síðan ráðist var á Harald, en líðan hans er óbreytt og honum er haldið sofandi.

Nú hafa hátt í hundrað manns styrkt Harald og aðstandendur hans með fjárframlögum í SPRON og vilja aðstandendur koma á framfæri kæru þakklæti þeirra. - kóþ

Frjálslyndi flokkurinn:

Mælist með 11 prósenta fylgi

STJÓRNMÁL Fylgi Frjálslynda flokksins eykst til muna samkvæmt nýrri könnun Gallups og mælist nú ellefu prósent. Þetta kom fram í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær. Í síðustu könnun, sem gerð var í október, mældist flokkurinn með fjögurra prósenta fylgi. Þetta er fjórum prósentum yfir kjörfylgi flokksins.

Fylgisaukningin er á kostnað Sjálfstæðisflokksins, en fylgi hans hrapar um sex prósentustig frá síðustu könnun, fer frá 43 prósentum niður í 37 prósent. Samfylkingin mælist með 25 prósenta fylgi, VG með nítján prósenta og Framsóknarflokkurinn með átta prósenta fylgi. Liðlega átján prósent tóku ekki afstöðu eða neituðu að svara í könnuninni, úrtak var 4019 manns og svarhlutfall 61 prósent. - ifv

Eignarnám í Norðlingaholti:

Hagsmuna Reykjavíkurborgar gætt

REYKJAVÍKURBORG Fulltrúar Samfylkingarinnar segjast afar ósáttir við þá ákvörðun borgaryfirvalda að una úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta og greiða Kjartani Gunnarssyni 208 milljónir króna fyrir fjóra hektara á Norðlingaholti.

Eftir að úrskurðurinn lá fyrir var lögð fram í borgarráði í apríl sú stefna að leita til dómstóla til að knýja fram lægra verð. Í yfirlýsingu frá skrifstofu borgarstjóra segir að í sumar hafi nýlegt útboð á lóðum raskað fyrri forsendum og að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hafi farið að þeim ráðum að una úrskurði eignarnámsnefndarinar. Með því væri verið að gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar í hvívetna. - gar

MÁLFLUTNINGURINN Hollendingurinn Johan Hendrik Engelsman í dómssal, ásamt túlki. Hann sagði aftursætið hafa verið tekið úr bílnum til að komast að bensíntanknum. Með því að fjarlægja kringlótta lúgu hafi verið hægt að stinga hendinni ofan í tankinn. Til vinstri eru verjendur sakborninga.

Smyglarar báru við athyglisbresti vegna bensínvímu

Fjórir menn sem ákærðir eru fyrir stórfellt fíkniefnabrot mættu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í gær. Þeim er gefið að sök að hafa ætlað að smygla og koma í dreifingu rúmlega 25 kílóum af hassi og amfetamíni.

DÓMSMÁL Tveir sakborninga í einu stærsta fíkniefnamáli sem komið hefur upp hér á landi báru fyrir dómi í gær, að þeir hefðu verið svo sljóir af bensínvímu að þeir hefðu ekki áttað sig á því að þeir væru að losa ríflega 25 kíló af fíkniefnum úr bensíntanki bifreiðar.

Málflutningur fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Fjórir menn eru ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnabrot, þar sem reynt var að smygla inn ríflega fimmtán kílóum af amfetamíni og rúmum tíu kílóum af hassi í bensíntanki BMW-bifreiðar. Þrír þeirra, Hollendingurinn Johan H. Engelsman, Ársæll Snorrason og Ólafur Ágúst Hraundal, voru handteknir 13. apríl í iðnaðarhúsnæði á Krókhálsi, þar sem þeir voru að fjarlægja efnin úr bifreiðinni.

Fjórði sakborningurinn, Hörður Eyjólfur Hilmarsson, kvaðst hafa farið að undirlagi Herbjörns Sigmarssonar til Belgíu til að kaupa bíl. Herbjörn neitaði því fyrir dómi í gær, en kvaðst hins vegar hafa sent Herði peninga til Belgíu sem hann hefði skuldað honum. Hollendingurinn kvaðst hafa aðstoðað Hörð við að fylla út pappíra varðandi bílinn erlendis. Hann kvaðst hafa vitað að það hefði átt að flytja efni í bílnum til Íslands, sagðist hafa verið að vinna fyrir menn erlendis, en gæti ekki sagt meira, því „það væri of hættulegt fyrir sig“. Hann hefði átt að hjálpa til við að taka efnin úr bílnum og vigta þau. Þeir Ársæll hefðu þekkst síðan 1997. Ársæl hafi hann hitt við komuna hingað. Hann hafi rétt honum miða með númeri sem hann átti að hringja í. Það hafi reynst vera símanúmer Herbjörns, en Ársæll hefði ekki hringt í hann heldur í Ólaf Ágúst.

Ársæll kvaðst hafa boðið Hollendingnum að hjálpa honum að gera við bílinn, sem hefði ekki farið í gang, í iðnaðarhúsnæði að Krókhálsi sem hann hefði til umráða. Hann hefði skotist frá til að sækja bensíndælu og keypt svarta plastpoka í leiðinni, því „lengi hefði staðið til að taka til“ í húsnæðinu. Þegar hann hefði komið til baka hefði hann séð einhverja brúsa á gólfinu, en hann hefði farið „í mikla vímu“ af bensínlyktinni í húsnæðinu.

Ólafur Ágúst kvaðst hafa verið að tappa bensíni af bílnum. Vísað var til hljóðupptöku úr BMW-inum í húsnæðinu, þar sem hann heyrðist segja að hassið væri allavega ónýtt, en það þýddi ekki að svekkja sig á því. Spurður um þessi ummæli sagðist hann hafa sagt að „plastið undir sætinu“ væri ónýtt. Jafnframt var vísað til þess að þremenningarnir hefðu heyrst vera að telja eitthvað. Ólafur Ágúst kvaðst ekkert vita hvað þeir hefðu verið að telja vegna bensínvímunnar. Þá var upptakan leikin fyrir hann í dómssal, en hann neitaði allri sök. Í lok upptökunnar mátti heyra þegar lögreglan réðst til inngöngu í húsnæðið og gómaði þremenningana við verknaðinn.

jss@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HVASSVIÐRI EÐA STORMUR

Það er mjög hvasst í kortunum fyrir norðvestanvert landið og verður svo lengst af í dag. Má búast við töluverðri úrkomu á sama svæði með hita á bilinu 1-3 stig. Þetta þýðir að sú úrkoma sem fellur, fellur yfirleitt sem slydda á láglendi en til fjalla mun að líkindum snjóa með tilheyrandi skafrenningi. Mildara er á Norðaustur- og Austurlandi og því á ég von á því að sú úrkoma falli sem rigning. Úrkomulítið verður syðra.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Norðan strekkingur. Úrkomulítið. Hiti 2-4 stig.

um hádegi »



» á morgun



» sunnudagur



um hádegi »

Kaupmannahöfn	8°C	léttskýjað	London	13°C	rigning	Alicante	18°C skýjað
Þórshöfn	10°C	skúrir	París	10°C	léttskýjað	Mallorca	17°C skýjað
Osló	10°C	skúrir	Frankfurt	9°C	léttskýjað	Algarve	19°C léttskýjað
Stokkhólmur	10°C	léttskýjað	Friedrichshafen	10°C	hálfskýjað	Krít	18°C heiðskírt
Gautaborg	8°C	skýjað	Berlín	8°C	hálfskýjað	Las Palmas	22°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

GLJÁÐUR KJÚKLINGUR

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 stk. stór kjúklingur
4 msk. hunang
3 msk. smjör
5 msk. limesafi
3 msk. svört sesamfræ
2 msk. kóríanderfræ, möluð
salt og hvítur pipar

Hitið hunang í potti og hrærið saman við stofu-heitt smjör. Blandið saman við limesafa, sesamfræ og kóríanderfræ. Penslið gljáanum á kjúklinginn og kryddið með salti og hvítum pipar. Setjið kjúklinginn á ofngrind með bakka undir og eldið við 120°C þar til kjarnhiti nær 70°C, eða í um 2 klst. Penslið gljáanum reglulega á kjúklinginn á meðan á steikingu stendur. Berið fram með fersku salati. Uppskriftin miðast við fjóra.

Kalkúnn
frosinn

TILBOÐ
589 kr/kg
Verð áður 929,-

Kjúklingur
ferskur

TILBOÐ
484 kr/kg
Merkt verð 745,-

Lambahryggur
af nýslátruðu

TILBOÐ
1.142 kr/kg
Merkt verð 1.758,-

Lambalæri
af nýslátruðu

TILBOÐ
1.192 kr/kg
Merkt verð 1.758,-

Kjöt & fisktorgið

Lambafile m/fitu TILBOÐ 2.898 kr/kg ~~3.469 kr/kg~~

Nautalundir TILBOÐ 2.998 kr/kg ~~3.998 kr/kg~~

Brúnegg
- vistvæn egg

TILBOÐ
399 kr/pk
Verð áður 599,-

Freyju mix 500 g
- besta blandið

TILBOÐ
149 kr/pk
Verð áður 199,-

Jólaglögg 1 ltr.
- tilbúið glögg á fernu

Gildir til 3. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Gefur þú blóð?

Já 17,6%

Nei 82,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Var rétt að hækka umferðarsektir?

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Áfengisgjald hækkar til mótvægis við lækkun virðisaukaskatts á áfengi:

Ætlunin að lækka verð á mat ekki áfengi

STJÓRNMÁL Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp sem miðar að lækkun matvælaverðs frá 1. mars á næsta ári. Meginbreytingin felst í afnámi vörugjalda og lækkun virðisaukaskatts í sjö prósent.

Við þessa aðgerð verður virðisaukaskattur á áfengi sjö prósent en til mótvægis er áfengisgjald hækkað. Er það gert til að mæta tekjutapi ríkissjóðs. Sú ráðstöfun hefur verið gagnrýnd, meðal annars af Samtökum verslunar og þjónustu og Samtökum ferðaiðnaðarins, sem benda á að við þetta hækki verð á mest seldu bjórtegundum um allt að sautján prósent.

Árni M. Mathiesen segir skattalækkun áfengis þýða tekjutap ríkissjóðs upp á nokkra milljarða króna og því sé mætt með hækkun áfengisgjalds. „Tilgangur aðgerðarinnar var ekki að lækka verð á áfengi heldur lækka verð á matvöru.“

ÁRNI M. MATHIESEN Fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpi til lækkunar matvöruverðs í gær.

Þótt lögin eigi að taka gildi 1. mars leggur Árni áherslu á að þingið afgreiði málið fyrir jólahlé enda grundvallist fjárlagafrumvarp næsta árs á því að hluta. Hann er bjartsýnn á að það takist þó skammt sé til áætlaðra þingloka. „Þó í þessu séu flóknar töflur og kannski flókinn texti þá er þetta ekki flókið mál. Það hefur verið til umfjöllunar í þinginu að undanförnu og menn vel inni í því sem þarna er lagt til.“

Þó verði varla héraðsbrestur þótt málið hljóti ekki samþykki þingsins fyrir jól. **- bþs**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Vill ítarlega rannsókn

HLERANIR „Ég tel að það sé full ástæða til þess að þingið setji á fót sérstaka rannsóknanefnd sem hafi umboð til þess að kalla til vitni.

Það er nauðsynlegt að fara vel yfir allar upplýsingar sem til eru um hleranirnar ekki síst vegna nýlegra upplýsinga um stórfelldar hleranir á símum þingmanna á því tímabili sem Guðni Th. hefur rannsakað.

Það þarf að svara öllum spurningum sem upplýsingarnar hafa kallað fram, meðal annars hverjir hleruðu og hvað varð um upplýsingarnar sem aflað var með hlerununum.“ **- mh**

Engar tapaðar kvittanir



Kvittun í tölvupósti

Nú er hægt að tengja Dælulykilinn við netfang þannig að um klukkustund eftir dælingu kemur sjálfkrafa pdf- kvittun með tölvupósti.

Skráning í síma: 591-3100

RSK SAMÞYKKT

ATLANTSOLÍA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - Sími 591 3100
atlantsolia@atlantsolia.is

PIPAR • SÍA • 60706

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Nú fæst 10% sýrði rjóminn frá MS í handhægum sprautuflöskum

Nýju umbúðirnar eru einstaklega þægilegar. Þær flýta fyrir matseldinni og henta vel í fjölbreytta rétti – en innihaldið er að sjálfsögðu sami fríska og hitaeiningasnauði sýrði rjóminn

Gerðu það gott með sýrðum rjóma – frá MS.

Nýjung!

Hleruðu leigjendur í íbúð á Kleppsvegi

Íbúar í íbúð Þórhildar Þorleifsdóttur og Arnars Jónssonar voru hleraðir sumarið 1968. Eftirlit með Arnari kom í veg fyrir að hann fengi að fara til Ástralíu að leika. Samtals voru á fjórða tug einstaklinga hleraðir af lögreglu 1949 til 1976.

HLERANIR Leigjendur í íbúð leikarahjónanna Arnars Jónssonar og Þórhildar Þorleifsdóttur, á sjöundu hæð á Kleppsvegi 132 í Reykjavík, voru hleraðir sumarið 1968. Þetta kemur fram í bók Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings, Óvinir ríkisins – ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi, sem kom út í gær. Arnar tók þátt í mótmælum vegna komu herskipa til Íslands 1968 og gekk „snarplega fram“, eins og orðrétt segir í bók Guðna og var þess vegna undir sérstöku eftirliti lögreglu.

Arnar og Þórhildur leigðu út íbúð sína á sumrin á þessum tíma þar sem þau störfuðu utan höfuðborgarsvæðisins á sumrin. Í bók Guðna kemur fram að yfirmenn lögreglunnar hafi komist að því að í sumum tilfellum hafi þeir verið á villigötum þar sem „rangt fólk var á línunni“. Átti þetta við síma í íbúð Arnars og Þórhildar.

ARNAR JÓNSSON

Arnar segir eftirlit lögreglu með honum hafa komið í veg fyrir að hann hafi fengið leikarahlutverk á erlendum vettvangi. „Ég og Þórhildur ætluðum okkur að fara til Ástralíu til að vinna við leiklist. Það var allt saman frágengið en ég fékk þá þau skilaboð frá breska sendiráðinu að ekkert gæti orðið af þessum áætlunum þar sem ég væri á svörtum lista og breska sendiráðið þyrfti stundum að taka við skipunum frá öðru sendiráði,“ segir Arnar og vísar til skipana frá bandaríska sendiráðinu. „Þetta var sumarið 1968 og eftir að þetta kom upp gerðum við okkur grein fyrir því að eftirlit með einstaklingum var umtalsvert á þessum tíma,“ segir Arnar.

Samtals voru veittar hlerunarheimildir hjá 33 einstaklingum en nöfn þeirra allra eru ekki nefnd í bók Guðna. Meðal annars nefnir Guðni ekki nöfn þeirra sem rekja má til tveggja símanúmera því erfiðlega gekk „að sjá hvers vegna þau urðu fyrir valinu“, eins og orðrétt segir í bók Guðna.

Í bókinni kemur fram að gögnum um Atlantshafsbandalagið sem til voru í utanríkisráðuneytinu var eytt árið 1956 af embættismönnum. Í bókinni segir einnig að fréttastjóri Ríkisútvarpsins árið 1969, Margrét Indriðadóttir, hafi að mati breskra yfirvalda verið velunnari kommúnista. Í breskri skýrslu frá 1972, sem Guðni skoðaði við vinnslu bókarinnar, kom fram að Margrét hefði verið „þekktur velunnari kommúnista [„communist sympathiser“]“ en þess hefði reyndar gætt „furðu lítið í fréttum útvarpsins“.

magnush@frettabladid.is

ÚRSKURÐIR OG HLERANIR

1949 AÐILD ÍSLANDS AÐ ATLANTSHAFSBANDALAGINU

- **26. MARS** veitt heimild til hlerana í 16 síma.

Magnús Kjartansson, Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson, Eggert Þorbjarnarson, Kristinn E. Andrésson, Brynjólfur Bjarnason, Sigurður Guðnason.

1951 HEIMSÓKN DWIGHTS EISENHOWER

- **17. JANÚAR** heimild til hlerana á 15 símum.

Magnús Kjartansson, Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson, Eggert Þorbjarnarson, Kristinn E. Andrésson, Sósíalistaflokkurinn (Sósíalistafélag Reykjavíkur), Þjóðviljinn, Verkamannafélagið Dagsbrún, Æskulýðsfylkingin, Mál og menning.

1951 KOMA BANDARÍKJAHERS

- **24. APRÍL** heimild til hlerana á 25 símum.

Magnús Kjartansson, Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson, Eggert Þorbjarnarson, Kristinn E. Andrésson, Brynjólfur Bjarnason, Sigurður Guðnason, Sósíalistaflokkurinn (Sósíalistafélag Reykjavíkur), Þjóðviljinn, Verkamannafélagið Dagsbrún.

- **4. MAÍ** Einu símanúmeri til viðbótar er bætt við listann.

1961 LAUSN LANDHELGISGÆSLUNNAR VIÐ BRETA

- **26. FEBRÚAR** Heimild til hlerunar á 14 símanúmerum.

Magnús Kjartansson, Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson, Brynjólfur Bjarnason, Sigurður Guðnason, Lúðvík Jósepsson, Sósíalistaflokkurinn (Sósíalistafélag Reykjavíkur), Þjóðviljinn, Verkamannafélagið Dagsbrún, Æskulýðsfylkingin, Samtök hernámsandstæðinga, Alþýðusamband Íslands.

1963 HEIMSÓKN LYNDON B. JOHNSON

- **12. SEPTEMBER** Heimild til hlerunar á sex símanúmerum.

Sósíalistaflokkurinn (Sósíalistafélag Reykjavíkur), Þjóðviljinn, Verkamannafélagið Dagsbrún, Æskulýðsfylkingin, Samtök hernámsandstæðinga, Alþýðusamband Íslands, MÍR, Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, Magnús Kjartansson, Einar Olgeirsson.

1968 UTANRÍKISRÁÐHERRAFUNDUR ATLANTSHAFSBANDALAGSINS

- **8. JÚNÍ** veitt heimild yfirsakadómara í Reykjavík til hlerunar á 17 símum.

Magnús Kjartansson, Ragnar Arnalds, Stefán Bjarnason og Rósa Kjartansdóttir, foreldrar Ragnars Stefánssonar, Páll Bergþórsson, Lúðvík Jósepsson, Úlfur Hjörvar rithöfundur, Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri og Arnar Jónsson leikari, Sósíalistaflokkurinn (Sósíalistafélag Reykjavíkur), Þjóðviljinn, Verkamannafélagið Dagsbrún, Æskulýðsfylkingin, Samtök hernámsandstæðinga, Alþýðusamband Íslands, MÍR, Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna.

Heimild: Óvinir ríkisins eftir Guðna Th. Jóhannesson

Páll Bergþórsson veðurfræðingur var einn þeirra sem var hleraður árið 1968:

Var einungis óvinur hersins

HLERANIR „Ég hef vitað þetta lengi. Þeir voru nú ekki lagnir við að fara leynt með þetta,“ segir Páll Bergþórsson veðurfræðingur en heimilissími hans var hleraður árið 1968. „Símtöl sem voru hleruð voru allt öðruvísi en önnur símtöl. Þegar maður loksins fékk samband var löng þögn og síðan smellir. Ég ræddi þetta við aðra sem höfðu það á tilfinningunni að þeir hefðu verið hleraðir, meðal annars Magnús Kjartansson, og hann hafði alveg sömu sögu að segja.“

PÁLL BERGÞÓRSSON

Magnús Kjartansson, þáverandi ritstjóri Þjóðviljans, var hleraður oftast allra eða í öll þau skipti sem hleranir voru heimilaðar frá 1949 til 1976.

Páll segir ekki mikla hættu hafa stafað af sér en hugsanlega hafi yfirvöld talið hann líklegan til óspekta. „Ég var alls ekki óvinur ríkisins á þessum tíma heldur fyrst og fremst óvinur hersins. Ég var í samtökum herstöðvarandstæðinga en lét nú yfirleitt ekki mikið fyrir mér fara. Hugsanlega var ég aðeins of nálægt þeim sem voru með miklar óspektir en ég var engum hættulegur.“ **- mh**

Vinsælasta ævisagan

Saga Rögnu á Laugabóli lætur engan mann ósnortinn. Þetta er einstök saga sterkrar og sjálfstæðrar konu sem upplifir meiri harma en lagðir eru á flest fólk. Ragna lætur ekki bugast en berst áfram og lætur engan eiga neitt inni hjá sér.
Inn í þessa ótrúlegu persónusögu fléttast náttúruhamfarir á Vestfjörðum og í bakgrunni eru hinar miklu þjóðfélags- og þjóðlífsbreytingar síðustu aldar.



Mest selda bókin í flokki ævisagna samkvæmt metsölulistum.

„Á Laugabóli Rögnu Aðalsteinsdóttur var Aðventa hinna veglausu árið um kring. Betur að svo væri víðar. “

s.h. - bb.is

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fundur forsætisráðherra Íraks og forseta Bandaríkjanna í Jórdaníu:

Bush lofar Maliki meiri hjálp

ÍRAK, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti og Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks voru sammála á fundi sínum í Jórdaníu í gær um að Írakar þurfi sem fyrst að taka að sér ábyrgð á öryggismálum í landinu og þá gæti bandarískt herinn farið að hugsa til heimferðar. Hins vegar létu þeir ekkert uppi um það hvernig þeir ætluðu sér að fara að því að gera íröskum öryggissveitum kleift að taka við af 140 þúsund manna her Bandaríkjanna.

„Hann er rétti maðurinn fyrir Írak," sagði Bush að loknum fundi þeirra, sem stóð í hálfa þriðju klukkustund. Bush sagði einnig að al-Maliki væri orðinn þreyttur á því „hve seinir við höfum verið að færa honum þau tæki sem hann þarf til þess að vernda írösku þjóðina."

Í skjali frá Stephen Hadley, þjóðaröryggisráðgjafa Bandaríkjanna, sem dagblaðið New York Times birti á miðvikudag, kemur fram að Hadley hefur alvarlegar efasemdir um að al-Maliki ráði við það verkefni að taka við stjórn öryggismála af Bandaríkjamönnum. Annað hvort skorti hann til þess allar forsendur eða þá að hann hreinlega vilji það ekki, þótt hann láti annað í veðri vaka í viðræðum við Bandaríkjamenn. **- gb**

NOURI AL-MALIKI OG GEORGE W. BUSH Bandaríkjaforseti hlýðir á forsætisráðherra Íraks á blaðamannafundi að loknum fundi þeirra í Jórdaníu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

FRÍSTUNDAHEIMILI

Enn vantar 26 starfsmenn

Enn vantar 26 starfsmenn til starfa á frístundaheimilum í Reykjavík. Alls eru 2.341 barn búið að fá pláss á frístundaheimili en 68 bíða enn eftir plássi. Samkvæmt upplýsingum frá borgaryfirvöldum er fyrirhugað að taka inn 19 börn í næstu viku. Óvíst er hvenær þau 49 börn sem þá verða á biðlista fá pláss.

Segist hafa verið blekktur í heimsókn

Hjúkrunarfræðingur sem sakar starfssystur sína um kynferðisbrot segir hana hafa blekkt sig í heimsókn. Lögmaður konunnar segir ásakanirnar tilhæfulausar.

DÓMSMÁL „Það verður athyglisvert hvernig dómstólar líta það þegar það er tekin ákvörðun gegn starfsmanni sem er byggð á svona ósönnuðum fullyrðingum," segir Gísli Hall, lögmaður hjúkrunarfræðings sem fluttur var til í starfi frá geðdeild Landspítalans yfir á Klepp eftir að samstarfsmaður hennar sakaði hana um kynferðislega áreitni.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu átti hin meinta áreitni sér stað á heimili konunnar. Starfsfélagarnir höfðu fyrr um kvöldið verið í boði hjá deildarstjóra sínum en fengu far með einum starfsfélaga sinna í úthverfið þar sem þau búa bæði. Hjúkrunarfræðingurinn sem sakar konuna um áreitnina segist hafa verið blekktur inn á heimili konunnar:

„Áður en við lögðum af stað úr boðinu bað hún mig, svo margir heyrðu, að koma með henni út að ganga með hundinn hennar sem annars yrði brjálaður. Hún sagði að það væri perri í hverfinu sem hefði flassað dóttur hennar og vinkonu hennar og að ég gæti ekki lifað með það á samviskunni ef henni yrði nauðgað þegar hún væri að viðra hundinn. Ég hringdi þá í konuna mína á leiðinni og sagði henni frá þessu."

Lögmaður konunnar segir manninn hafa verið hjá henni í um eina og hálfa klukkustund og þegið þar drykk.

„Viku síðar fór hann til lögreglu og lét bóka eftir sér að hún hefði

> Manni finnst nú að tveggja metra maður hefði getað gengið út hefði honum eitthvað verið misboðið.
>
> **GÍSLI HALL**
> LÖGMAÐUR

áreitt hann kynferðislega. Hann kvað hana gengið mjög nærri honum til að fá hann til kynmaka. Manni finnst nú að tveggja metra maður hefði getað gengið út hefði honum eitthvað verið misboðið," segir Gísli.

Maðurinn lýsir atburðarásinni hins vegar þannig að þegar komið hafi verið í úthverfið hafi konan viljað sýna sér íbúðina sína.

„Hún býður mér í glas og stillir því á ákveðinn stað þar sem ég átti að sitja. Ég neyðist til að drekka. Eftir dálítinn tíma hefur hún uppi tilburði sem ég get ekki sætt mig við en vil ekki lýsa því nánar nema í ítrustu neyð," segir hjúkrunarfræðingurinn.

Konan stefnir Landspítalanum til að fá ákvörðunina ógilta og dæmdar miskabætur.

„Það hefði verið nærtækara að bjóða honum upp á flutning í starfi ef hann treysti sér ekki til að halda áfram frekar heldur en að láta það bitna á henni. Hún hafði unnið þarna lengur og er með mun meiri menntun en hann. Þetta er hreint og klárt einelti," segir Gísli Hall.

gar@frettabladid.is

DESEMBERDAGAR!

BORÐ + 4 STÓLAR

49.900,-

„ROYAL" BORÐ + 4 STÓLAR

Glæsilegt, gegnheilt eikarborð ásamt 4 gegnheilum eikarstólum með míkrófíberákæði. Stærð á borði 180x90 sm. Stækkunarplata **4.990,-** Borð **34.900,-** Stóll **7.990,-** Borð + 6 stólar **59.900,-** Glerskápur 190x100x45 sm **39.900,-** Skenkur 86x140x45 sm **34.900,-**

169.900,-

„CARTER" LEÐURHORNSÓFI

Stórglæsilegur, klassískur hornsófi úr þykku bycast leðri. Hægt að fá á báða vegu. Litur brúnn. Stærð 283 x 202 sm.

99.900,-

„PALMERA" HORNSVEFNSÓFI

Fallegur hornsvefnsófi úr slitsterku microfíberefni. Svefnpláss fyrir tvo. Innbyggð rúmfatageymsla. Stærð 250 x 180 sm.

SÓFASETT 3+2

99.900,-

„DINKY" SÓFASETT 3+2

Fallegt sófasett með microfíberáklæði sem sérstaklega auðvelt er að þrífa. Breidd á 2ja sæta er 163 sm og á 3ja sæta 212 sm.

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

SÓFASETT 3+2

99.900,-

„MARIE" SÓFASETT 3+2

Smekklegt sófasett með breiðum örmum úr brúnu microfíberefni. Breidd á 2ja sæta 162x90 sm og breidd á 3ja sæta 217x90 sm.

Akureyringar fá jólatré frá vinabænum Randers í Danmörku:

Kveikt á trénu á Ráðhústorgi

SAMKOMA Kveikt verður á jólatrénu á Ráðhústorginu á Akureyri á morgun en tréð er gjöf frá vinabæ Akureyrar, Randers í Danmörku.

Klukkan tvö hefst dagskrá í útibúi Landsbankans við Ráðhústorg þar sem félagar úr unglingakór Akureyrarkirkju og Óskar Pétursson syngja nokkur lög. Þá tekur Idolstjarnan Bríet Sunna lagið og gestum og gangandi verður boðið upp á kakó og meðlæti. Það verður síðan klukkan fjögur sem kveikt verður á danska trénu.

Dagskráin er í boði Landsbanka Íslands sem undanfarin ár hefur tekið þátt í hinni eiginlegu jólastemningu í miðbæ Akureyrar. **- hs**

JÓLATRÉÐ Á RÁÐHÚSTORGI Kveikt verður á trénu á morgun kl 16.00.

RÍKISÚTVARPIÐ Fulltrúi í minnihluta menntamálanefndar og stjórnendur Skjásins og 365 segja að breytingartillögur meirihluta menntamálanefndar séu ekki eiginlegar breytingar. FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

Breytingartillögurnar eru gagnslitlar

Með breytingartillögum við frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. er ætlunin að koma til móts við gagnrýni einkafyrirtækja. Stjórnendur 365 og Skjásins telja takmarkanirnar ekki nægilega miklar.

ALÞINGI Meirihluti menntamálanefndar afgreiddi frumvarp um Ríkisútvarpið ohf. til Alþingis á fundi á miðvikudagskvöld. Minnihlutinn greiddi atkvæði gegn afgreiðslu frumvarpsins.

Þær tvær breytingartillögur við frumvarpið sem meirihluti menntamálanefndar samþykkti eru að takmarka kostunarsamninga RÚV við tíu prósent af auglýsinga- og kostunartekjum stofnunarinnar og að fyrirtækinu verði bannað að birta auglýsingar á vefsíðu sinni.

Þetta eru ekki eins miklar breytingar og talið var að yrðu gerðar á frumvarpinu. Hins vegar átti að heimila RÚV að auglýsa á netinu samkvæmt frumvarpinu áður en meirihlutinn samþykkti breytingartillögurnar. Í umræðunni um RÚV-frumvarpið í fjölmiðlum í vikunni kom fram að jafnvel yrði sett þak á heimild stofnunarinnar til að selja auglýsingar.

Formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson, segir að með breytingartillögunum sé komið til móts við gagnrýni einkafyrirtækja. Hann segir að komið sé í veg fyrir að hið nýja félag, RÚV ohf. fari inn á svið einkafyrirtækja með kostunarsamningum og sölu auglýsinga á veraldarvefnum. Sigurður segir að menntamálanefnd mælist til þess í nefndaráliti að kostunartekjum RÚV ohf. verði veitt til að kosta innlent efni en ekki erlent afþreyingarefni. Formaðurinn segir að hann hefði jafnvel viljað ganga lengra í takmörkunum á auglýsingatekjum RÚV.

MAGNÚS RAGNARSSON

ARI EDWALD

Að sögn Marðar Árnasonar, fulltrúa Samfylkingarinnar í menntamálanefnd, eru breytingarnar á frumvarpinu hvorki fugl né fiskur. Mörður segir að tillögurnar hafi verið kynntar í lok fundarins á miðvikudag og að litlar efnislegar umræður hafi farið fram um þær.

Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjásins og Ari Edwald, forstjóri 365, segja að breytingartillögur meirihluta menntamálanefndar séu gagnslitlar því RÚV ohf. verði áfram gert kleift að keppa óheft á auglýsingamarkaði. „Ef það er ætlun menntamálanefndar að drepa einkageirann þá er frumvarpið góð leið til þess," segir Magnús. Ari segir að ekki sé um neinar eiginlegar breytingar á frumvarpinu að ræða því þær kveði ekki á um að RÚV sé bannað að gera eitthvað sem stofnuninni er heimilt í dag.

ingifreyr@frettabladid.is

MINNKAÐU HRAÐANN!
ÞAÐ BORGAR SIG

Í dag, 1. desember, tekur gildi breyting á reglugerð um sektir og viðurlög við umferðarlagabrotum. Helsta breytingin er að sektir vegna einstakra umferðarlagabrota hækka umtalsvert, eða um allt að 60%.

Vikmörk varðandi hámarkshraða hafa einnig verið lækkuð. Áður voru þau miðuð við 10 km/klst. yfir hámarkshraða án þess að fá sekt en með nýju reglugerðinni hafa mörkin verði lækkuð niður í 5 km/klst.

Kynntu þér málið á www.us.is

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ · VEGAGERÐIN · RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN · UMFERÐARSTOFA

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

1. verðlaun í Þýskalandi W2241WPS

vilborga@centrum.is

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 114.800

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

30-90% afsláttur!

HEIMA ER ENGU ÖÐRU LÍKT

Almennt verð: 3.980 kr.
Tilboðsverð: **2.780 kr.**

Á ÉG AÐ GÆTA SYSTUR MINNAR?

Almennt verð: 4.480 kr.
Tilboðsverð: **3.130 kr.**

MOLLY MOON OG INDVERSKI TÖFRAMAÐURINN

Almennt verð: 2.980 kr.
Tilboðsverð: **2.080 kr.**

HAMINGJAN Í LÍFI OG STARFI

Almennt verð: 3.990 kr.
Tilboðsverð: **2.790 kr.**

SEIÐUR LANDS OG SAGNA

Almennt verð: 9.990 kr.
Tilboðsverð: **6.990 kr.**

STELPAN FRÁ STOKKSEYRI

Almennt verð: 4.980 kr.
Tilboðsverð: **3.480 kr.**

UPP Á SIGURHÆÐIR

Almennt verð: 6.980 kr.
Tilboðsverð: **4.880 kr.**

NORRÆN SAKAMÁL

Almennt verð: 4.750 kr.
Tilboðsverð: **3.320 kr.**

Á UNDAN SINNI SAMTÍÐ

Almennt verð: 3.990 kr.
Tilboðsverð: **2.790 kr.**

Í MATINN ER ÞETTA HELST

Almennt verð: 4.480 kr.
Tilboðsverð: **3.130 kr.**

AÐ OPNA DYR

Almennt verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð: **3.490 kr.**

ALEXANDER MIKLI

Almennt verð: 3.980 kr.
Tilboðsverð: **398 kr.**

Tilboðið gildir til 6. desember 2006

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS — SÍA

Íslenskur sálfræðingur birtir fræðigrein um svefnrannsóknir í tímaritinu Nature:

Góður svefn styrkir minnið

VÍSINDI Hægar heilabylgjur djúpsvefns styrkja minnið. Þetta kemur fram í grein sem birtist í hinu virta fræðiriti Nature í gær, en rannsóknin er mastersverkefni Höllu Helgadóttur, diplom sálfræðings, sem hún vann ásamt samstarfsmönnum sínum við háskólann í Lübeck í Þýskalandi undir leiðsögn sálfræðingsins Jan Born, sem stjórnar taugainnkirtlafræðistofnun skólans.

„Rannsóknin gekk út á það að auka hægar heilabylgjur í svefni með vægri raförvun á höfuð. Þannig má dýpka svefninn, en það hefur ekki verið gert áður með þessum hætti," segir Halla. Hún segir að niðurstöður minnisprófa, sem lögð voru fyrir þátttakendur rannsóknarinnar, sýndu að minni þeirra styrktist meira yfir nótt þegar þeir fengu raförvun heldur en við venjulegan svefn. „Þetta bendir til þess að hægar heilabylgjur í djúpsvefni gegni því hlutverki að festa í minnið upplýsingar sem við höfum lært yfir daginn. Rannsóknin útskýrir með nýjum hætti mikilvægi góðs nætursvefns til að viðhalda minni og muna lengur það sem við upplifum."

HALLA HELGADÓTTIR
Hið virta fræðitímarit Nature birtir í dag grein hennar um svefnrannsóknir.

Halla er alkomin heim og vinnur nú að svefnrannsóknum á Landspítalanum auk heilalínuritsrannsókna á Alzheimer-sjúkdómnum, ofvirkni og athyglisbresti hjá fyrirtækinu Mentis Cura. **- shá**

LANDSPÍTALI – HÁSKÓLASJÚKRAHÚS FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tölur frá neyðarmóttöku nauðgana á Landspítala:

Tuttugu hópnauðganir á árinu

NAUÐGANIR Hópnauðgunum á Íslandi hefur fjölgað úr átján í tuttugu milli ára, þegar enn er rúmur mánuður til ársloka. Einnig hafa fleiri nauðgunarmál komið inn á borð neyðarmóttöku Landspítalans en í fyrra. Í lok þessa mánaðar höfðu 134 mál borist, en þau voru 130 alls í fyrra. Af þessum 134 málum hafa einungis 43 mál verið kærð til lögreglu, eða 32 prósent.

Eyrún B. Jónsdóttir, deildarstjóri á neyðarmóttökunni, segir að hlutfall kærðra hópnauðgana sé enn minna, því að einstaklingur sem lendir í því að vera nauðgað af tveimur gerendum eða fleiri upplifi sig svo niðurlægðan að sjaldan sé farið með málið lengra. Að auki komi oft fyrir að líði yfir fórnarlambið í hópnauðgunum og því geti verið erfitt að segja til um hverjir komu að máli.

Til hópnauðgana teljast þau mál þar sem fleiri en einn gerandi fremur glæpinn. Einnig ber fólki skylda til að koma fórnarlambi kynferðisglæps til hjálpar og telst það því hópnauðgun þegar horft er upp á nauðgun, án beinnar þátttöku. Hið sama á að sjálfsögðu við þegar annar gerandinn heldur fórnarlambi föstu meðan hinn kemur fram vilja sínum. **- kóþ**

Harmleikur á Indlandi:

Hópur svína át lítinn dreng

INDLAND Þriggja ára drengur lést þegar hópur svína réðst á hann í útjaðri höfuðborgar Indlands, Delí, og banaði honum. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Drengurinn eigraði burt heiman frá sér meðan fjölskylda hans tók sér hádegisverðarhlé. Þegar móðir hans hóf leit að honum sá hún svín nágranna síns japlandi á einhverju og þekkti þar rifrildi úr fötum sonar síns, að sögn lögreglu. Konan henti grjóti í svínin, en þau réðust þá gegn henni. Hún æpti upp yfir sig og komu nágrannar henni þá til bjargar, en drengurinn var látinn.

Eigandi svínanna hefur verið handtekinn, sakaður um manndráp af gáleysi. **- smk**

FINNLAND

Sönn fantasía

Ákveðið hefur verið að þema Evróputónsöngvakeppninnar, sem fram fer í Helsinki næsta vor, verði „sönn fantasía, eða „True Fantasy".

Við erum stolt af nýja nafninu. Við erum:

HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

Himinn og haf / SÍA

Það er með mikilli ánægju sem við endurvekjum þetta gamla og virðulega nafn og tengjum um leið nafn landsins við þá útrás og sókn um allan heim sem félagið stendur fyrir.
Við rekum eitt fullkomnasta flutningakerfi í heiminum.

Eimskip og Air Atlanta Icelandic eru tvær meginstoðir félagsins.

- 9.500 starfsmenn í fimm heimsálfum
- 50 skip á öllum úthöfum
- 100 frystigeymslur
- 25 flugvélar í rekstri
- 1.350 flutningabílar og tengivagnar
- 24.900 hluthafar

HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

– íslensk sókn um allan heim

INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR
F.1942. RITHÖFUNDUR

120 1886 2006

ÁRIÐ SEM HEIMSSTRÍÐINU LAUK OG FÓLKIÐ FAGNAÐI LANGÞRÁÐUM FRIÐI VARÐ EKKERT LÁT Á HEIMSÓKNUM VÁGESTA HINGAÐ Á ÚTJAÐARINN:
HAFÍS ELDGOS DREPSÓTT...
ÞAU SEM LIFÐU AF SÓTTINA ÍSINN OG ELDINN HÓPUÐUST SAMAN
HLJÓÐ OG KLÖKK VIÐ GAMLA
FANGELSIÐ Í MIÐBÆNUM, HORFÐU
Á NÝJA FÁNANN BLAKTA VIÐ HÚN

1. DESEMBER

ÚTI
FYR
GR
H
O
T

OG HLUSTUÐU Á ORÐIN SEM STIGU
TIL HIMINS FÖGUR BJÖRT OG EILÍF:
ÍSLAND FRJÁLST OG FULLVALDA
RÍKI! ÆVARANDI HLUTLEYSI!
ÞAU TRÚÐU ÞESSU.
LÚÐRASVEITIN LÉK ELDGAMLA
ÍSAFOLD OG ÞAU TRÚÐU
STAÐFASTLEGA Á LANDIÐ
FULLVELDIÐ OG HLUTLEYSIÐ.

Í HEIMI HÖFÐU VOPNIN VERIÐ KVÖDD
IR FULLT OG ALLT, EINNIG ÞVÍ TRÚÐU ÞAU
UNLAUS OG BJARTSÝN LITU ÞAU TIL
IMINS OG SJÁ: HANN VAR SKÝLAUS
G BLÁR OG SUNNANGOLAN BÆRÐI FÁNANN,
TÁKN ÆVARANDI HLUTLEYSIS,
FRELSISFÁNANN
ÞEIRRA FRIÐARFÁNANN.
HEIMSSTRÍÐ HAFÍS ELDGOS DREPSÓTT:
SVARTIR SKUGGAR AÐ BAKI ÞEIRRA.

BER 1918

EITT SÖGULEGT
ANDARTAK TRÚÐU
ÞAU ÞESSU ÖLLU. SUM
ÞEIRRA TRÚÐU AÐ GUÐ
VÆRI STADDUR MEÐAL ÞEIRRA OG BLÉSI
RÆÐUMANNINUM SANNFÆRINGU
ÍBRJÓST. ÖÐRUM VARÐ HUGSAÐ TIL
HINNA UNDURSAMLEGU
GULLNU TAFLNA SEM FUNDUST
Í GRASINU ÞEGAR JÖRÐIN KOM UPP
ÚR ÆGI ÖÐRU SINNI
AÐ RAGNARÖKUM LOKNUM.

1918

GOTT FÓLK McCANN

Íslendingar
til hamingju með daginn

Á hverjum hátíðisdegi býður Landsbankinn listamanni
að deila með okkur hugrenningum sínum.
Ingibjörg Haraldsdóttir á orð dagsins.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

KOLAKARL Í KÍNA Þessi kolanámumaður í héraðinu Xiaoqinghe Shanxi brosir breitt að vakt lokinni með tvo stóra kolamola í fanginu sem hann ætlar að fara með heim til sín.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsóknir á umferðaróhöppum sýna að eldri ökumenn skera sig úr:

Eldri ökumenn líklegri til að valda slysi

UMFERÐARMÁL Ökumenn yfir 72 ára aldri eru 2,5 sinnum líklegri til að látast í slysi en aðrir ökumenn. Eldri ökumenn eru einnig líklegri til að valda slysi en aðrir ökumenn. Þeir sem eru 68 og eldri eru um tvisvar sinnum líklegri til þess að hljóta meiri meiðsl en aðrir ökumenn.

Þetta eru niðurstöður Guðmundar Freys Úlfarssonar, verkfræðings og prófessors við Washingtonháskóla í St. Louis, sem hefur rannsakað umferðaróhöpp og meiðsli eldri ökumanna. Niðurstöður Guðmundar Freys sýna einnig að óhöppum eldri ökumanna fjölgar hraðar en annarra ökumanna.

ÁFRAM VEGINN Eldri ökumenn forðast að keyra við vond skilyrði eða þegar umferð er mikil.

Eldri ökumenn hafa verið skilgreindir sem 72 ára og eldri en áður hafa þeir oft verið skilgreindir sem 65 ára og eldri. Mörkin eru áætluð út frá tölfræðilegu spálíkani fyrir meiðsli þar sem mismunur eftir aldurshópum er athugaður. Marktækur munur á öllum meiðslaflokkum byrjar að sjást við 68 ára aldur en þá eru um tvisvar sinnum meiri líkur á að ökumaður hljóti meiri meiðsl en aðrir ökumenn.

Ástæða rannsóknar Guðmundar, sem styrkt var af rannsóknarráði umferðaröryggismála, er að meiðsli eldri ökumanna eru alvarlegri og dánartíðni þeirra hærri auk þess sem slysatíðni eldri ökumanna á ekinn kílómetra er hærri í hverju gefnu slysi. Hingað til hafa rannsóknir umferðarslysa snúist um unga ökumenn og að ökumönnum almennt. Guðmundur notaði gögn frá slysaskrá Umferðarstofu frá tímabilinu 1999 til 2004 og áttu 28.137 ökumenn í hlut.

- shá

VINSTRIHREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ

Forval í Reykjavíkurkjördæmum og Suðvesturkjördæmi

2. desember 2006

Andrea Ólafsdóttir

Auður Lilja Erlingsdóttir

Álfheiður Ingadóttir

Árni Þór Sigurðsson

Benedikt Kristjánsson

Elías Halldór Ágústsson

Emil Hjörvar Petersen

Erlendur Jónsson

Friðrik Atlason

Gestur Svavarsson

Guðfríður Lilja Grétarsd.

Guðmundur Magnússon

Jóhann Björnsson

Katrín Jakobsdóttir

Kári Páll Óskarsson

Kolbrún Halldórsdóttir

Kristín Tómasdóttir

Kristján Hreinsson

Mireya Samper

Ólafur Arason

Paul F. Niklov

Sigmar Þormar

Steinar Harðarson

Steinunn Þóra Árnadóttir

Svala Heiðberg

Sveinbjörn M. Njálsson

Wojciech Szewczyk

Þorleifur Friðriksson

Þórir Steingrímsson

Ögmundur Jónasson

Á morgun verður kosið í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á höfuðborgarsvæðinu.

Kosningarétt hafa allir félagar í Reykjavíkurkjördæmunum og Suðvesturkjördæmi sem skráðu sig í hreyfinguna fyrir lokun kjörskrár þann 25. nóvember.

Kjörfundur er kl. 10-22.

--

Haldin verður sameiginleg kosningavaka í Iðnaðarmannasalnum, Skipholti 70, húsið opnar klukkan 21.30.

Kjörstaðir:
Reykvíkingar, aðrir en þeir sem búa í Árbæ, Grafarvogi og Grafarholti og Seltirningar kjósi í Suðurgötu 3.

Kópavogsbúar, Garðbæingar, Álftanesbúar og Hafnfirðingar, kjósi á Strandgötu 11 í Hafnarfirði.

Reykvíkingar sem búa í Árbæ, Grafarvogi og Grafarholti, Mosfellsbæingar og Kjalnesingar kjósi í Hlégarði í Mosfellsbæ.

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

HREINDÝR Lögreglustjóri í Noregi stöðvaði hreindýr svipað þessu fyrr í vikunni.

Óvenjulegur eltingarleikur:

Lögregla stöðvaði hreindýr

NOREGUR, AP **Armur laganna reyndist óvenju langur í Norður-Noregi á mánudag, þegar honum tókst að stöðva hreindýr á flótta.**

Lögreglustjórinn Klemet Klemetsen fékk tilkynningu um hrein nokkurn sem hundar höfðu hrætt. Tarfurinn hljóp dauðskelfdur eftir glerhálum þjóðvegi nærri Kautokeino, svo bílstjórar bifreiða sem á móti honum komu þurftu að taka á öllu sínu til að koma í veg fyrir slys.

Klemetsen ók af stað og þegar hann kom auga á hreindýrið kveikti hann á bláu ljósunum og færði bílinn upp að tarfinum, opnaði gluggann og teygði hendina út. Hann greip um hálsinn á dýrinu, sem var á um 30 km/klst hraða, og saman hægðu þeir svo smám saman á sér.

„Ég held ekki að nokkur lögreglumaður hafi náð hreindýri á þennan hátt áður," sagði Klemetsen í samtali við fréttamenn.

- smk

Allsherjarnefnd Alþingis:

Þrettán fá ríkisborgararétt

STJÓRNMÁL Allsherjarnefnd Alþingis leggur til að þrettán umsækjendum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Alls 21 óskaði þess við nefndina að fá íslenskan ríkisborgararétt nú um áramót.

Fólkið sem verður íslenskir ríkisborgarar nú er fætt í tíu ríkjum; Indónesíu, Taílandi, Nígeríu, Tógó, Bandaríkjunum, Frakklandi, Póllandi, Litháen, Þýskalandi og á Íslandi.
Elsti nýi Íslendingurinn í þessum hópi er fæddur 1946 en sá yngsti er níu ára. **- bþs**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Keyrði út af

Karlmaður keyrði út af í aftakaveðri í Svínadal, sem er um 18 kílómetra frá Búðardal, síðdegis á þriðjudag. Ökumanninn sakaði ekki en bifreiðin er nokkuð skemmd. Mikill krapi og hálka var á veginum.

Rafiðnaðarsambandið:

Nokkrir rafvirkjar óskráðir

VINNUMARKAÐUR Nokkrir rafvirkjar, sem starfa hér á landi á vegum starfsmannaleigu, hafa ekki verið skráðir hjá Vinnumálastofnun og ekki hefur verið leitað eftir staðfestingu á starfsréttindum þeirra. Lögmaður Rafiðnaðarsambandsins hefur farið fram á að Vinnumálastofnun kanni hvort stofnað hafi verið til ráðningarsambands við þá.

Á fundi Rafiðnaðarsambandsins með starfmönnum annarrar starfsmannaleigu í síðustu viku kom í ljós að á hennar vegum var rafvirki og hafði ekkert verið gert til að fá starfsréttindi hans staðfest. - ghs

Auglýst eftir hjúkrunarfræðingum í Expressen:

Vantar fólk í 40 stöðugildi

HEILBRIGÐISMÁL Landspítali – háskólasjúkrahús auglýsir eftir hjúkrunarfræðingum í sænska dagblaðinu Expressen. Herdís Herbertsdóttir, sviðsstjóri hjúkrunar, segir að hjúkrunarfræðinga vanti í fjörutíu stöðugildi á sjö legudeildir á lyflækningasviði.

„Við erum að auglýsa eftir hjúkrunarfræðingum á flestar legudeildir sviðsins. Það vantar mjög mikið af hjúkrunarfræðingum og við erum að óska eftir því að fólk ráði sig í eitt ár og þá styrkjum við það til að læra íslensku," segir Herdís.

Sænsku hjúkrunarfræðingarnir, ef einhverjir verða, verða á sömu launakjörum og íslenskir hjúkrunarfræðingar, þó heldur lægri launum meðan þeir eru að læra íslensku, en fá greidda ferð fram og til baka og aðstoð við að finna sér íbúð.

KRÓNÍSK MANNEKLA Herdís Herbertsdóttir, sviðsstjóri hjúkrunar, segir að „krónísk mannekla" sé á sjö deildum og vanti hjúkrunarfræðinga í fjörutíu stöðugildi.

Þótt hjúkrunarfræðinga vanti í fjörutíu stöðugildi þá segist Herdís aldrei myndu ráða fleiri en tvo hjúkrunarfræðinga á hverja deild. Hún segir að deildirnar hreinlega þoli ekki fleiri, að minnsta kosti ekki meðan hjúkrunarfræðingarnir eru að læra málið.

„Krónísk mannekla" er meðal hjúkrunarfræðinga á LSH. Herdís hefur fengið þónokkrar fyrirspurnir frá Svíþjóð en ekki kemur í ljós strax hver árangurinn verður. LSH auglýsir einnig í Færeyjum. - ghs

Fíkniefnasali dæmdur:

Ákærði mætti ekki fyrir dóm

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður var á mánudag dæmdur til að greiða 180.000 krónur í sektargreiðslu í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir fíkniefnasölu. Maðurinn var handtekinn í Reykjavík sumarið 2005 með sextán töflur af vímuefninu MDMA í fórum sínum sem hann ætlaði til sölu og dreifingar. MDMA er algengasta efnið sem notað er í e-töflur.

Ákærði mætti ekki fyrir dóm og því var málið dæmt í fjarveru hans. Auk sektarinnar var manninum gert að greiða rúmlega 100.000 krónur í sakarkostnað.

- þsj

Samið um félagsgjöld:

Heimili og skóli fær stuðning

SKÓLAMÁL Samtök foreldrafélaga og foreldraráða við grunnskóla Kópavogs (SAMKÓP), Heimili og skóli og Landssamtök foreldra hafa undirritað samning þar sem SAMKÓP skuldbindur sig til að greiða félagsgjald til Heimilis og skóla fyrir foreldrafélög allra grunnskóla í Kópavogi. Samningurinn markar sérstök tímamót en þetta er fyrsta formlega samkomulagið um slíkt samstarf og með þessu vill SAMKÓP sýna stuðning við það starf sem unnið er innan Heimilis og skóla. - hs

KJÓSARHREPPUR

Heimatilbúið á jólamarkaði

Kjósverjar verða með jólamarkað í Kaffi Kjós sunnudaginn 10. desember. Er fólk hvatt til að koma með handverksmuni eða aðrar vörur og selja. Hægt verður að velja sér jólatré í Fossá.

Jólamarkaður Ásgarðs verður haldinn á morgun í húsnæði Ásgarðs í Álafosskvosinni:

Úrval frumlegra gjafavara og jólaskrauts

JÓLAMARKAÐUR Jólamarkaður handverkstæðis Ásgarðs verður haldinn á morgun frá klukkan tólf til fimm síðdegis og verður markaðurinn haldinn í húsnæði Ásgarðs við Álafossveg 24 í Mosfellsbæ.

Óskar Albertsson, talsmaður Ásgarðs, segir mikla stemningu meðal starfsmanna Ásgarðs sem allir keppast nú við að klára sem flesta hluti fyrir söluna á morgun. „Þarna verður til sölu mikið úrval af leikföngum, útskornum jólatrjám, jólarósum, jólaskrauti og gjafavörum en allt er þetta unnið úr náttúrulegum efnum. Meðal þess sem verður á boðstólum eru jólakúlur úr þæfðri ull en þær voru svo vinsælar fyrir jólin í fyrra að þær seldust upp." Ágóði sölunnar rennur til Ásgarðs.

Um klukkan tvö á laugardaginn munu systkinin KK og Ellen Kristjáns flytja nokkur lög og einnig verður boðið upp málverk sem listamaðurinn Garðar Jökulsson hefur gefið Ásgarði. Þá verður veitingasala á staðnum og vonast starfsfólk Ásgarðs til að sem flestir sjái sér fært að kynna sér vöruúrvalið og gæða sér á veitingum. Í fyrra komust færri að en vildu en nú verður reist tjald sem viðbót við húsnæðið. Alls starfa 28 þroskaheftir starfsmenn í Ásgarði sem framleiða leikföng sem eru seld á almennum markaði. Starfsmennirnir bera ábyrgð á og eiga frumkvæði að þróun og útfærslu leikfanganna en leitast er við að hafa þau einföld í hönnun, sterk og skemmtileg. - hs

LITRÍKAR OG FALLEGAR TÖSKUR Ýmiss konar gjafavara verður til sölu á jólamarkaðnum.

JÓLASTEMNING Í ÁSGARÐI Óskar ásamt nokkrum starfsmanna Ásgarðs sem vinna nú að undirbúningi jólamarkaðarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SVERRRIR ÞÓR SVERRISSON OG ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR Eru kynnar kvöldsins í sjónvarpsútsendingu Stöðvar 2.

SKEMMTIATRIÐIN UNDIRBÚIN Þau Jóhannes Haukur Jóhannesson, Hildigunnur Þráinsdóttir og Jón Páll Eyjólfsson undirbúa kvöldið með sínum hætti.

Dagur rauða nefsins:

Gerum góðverk með bros á vör

SÖFNUN Í dag er dagur rauða nefsins og af því tilefni hvetur Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, alla landsmenn til að gera góðverk og gefa með bros á vör.

Hápunktur dagsins verður ein viðamesta sjóvarpssöfnun Íslandssögunnar á Stöð 2 sem hefst um klukkan hálf átta og stendur til miðnættis. Markmiðið með sjónvarpsútsendingunni er að safna heimsforeldrum sem styðja bágstödd börn um allan heim.

Sjónvarpsútsendingin verður viðamikil og skemmtileg en þar koma fram allir helstu grínistar landsins svosem Tvíhöfðabræður, Spaugstofan og Stelpurnar auk fjölda annarra skemmtiatriða.

Útsendingin verður í opinni dagskrá og meðan á henni stendur munu þjóðþekktir Íslendingar sitja í símaveri og taka við skráningum heimsforeldra. **- hs**

SPAUGSTOFUGRÍNISTARNIR Karl Ágúst Úlfsson, Örn Árnason og Sigurður Sigurjónsson láta sitt ekki eftir liggja og taka þátt í dagskránni í kvöld.

„Kitlandi skemmtileg“

Einar Már Guðmundsson

★★★★★
Óttar M. Norðfjörð, DV

„Margslungin bók ... mögnuð og óvenjuleg.“
Þorgerður E. Sigurðardóttir, bokmenntir.is

„Það er meiri lífsháski í þessari ljóðabók en fyrri bókum Einars ... Lestur hennar er skemmtileg glíma við frjótt ímyndunarafl.“
Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.

3. ljóð Metsölulisti Mbl. 24. nóv.

„Kitlandi skemmtileg.“
Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, Víðsjá

„Hér er ekkert meðalskáld á ferð.“
Ármann Jakobsson, kistan.is

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Opin íbúðalán



Í tilefni fullveldisdagsins sendum við landsmönnum öllum **baráttukveðjur**.

„Búið þér við fullt frelsi?“

Barátta Íslendinga fyrir frelsi í viðskiptum hefur staðið í hundruð ára. Þróunin hefur verið afar jákvæð en draugar fortíðarinnar eru þó lífseigir. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

Opin íbúðalán SPRON bæði í íslenskri og erlendri mynt eru án slíkra skilyrða.
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**

spron – frelsi í bankaviðskiptum

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

„ORÐRÉTT“

Koníak fyrir alla

„Það hljóta að hafa verið einhverjir koníakskarlar sem hafa samið þetta.“

BÖRKUR GUNNARSSON LEIKSTJÓRI UM NÝJA SKATTATILLÖGU SEM MUN LÆKKA VERÐ Á DÝRASTA ÁFENGINU EN HÆKKA ÞAÐ ÓDÝRARA.

Fréttablaðið, 29. nóvember.

Akureyri fyrir Akureyringa?

„Margir hafa spurt mig síðustu daga hvernig í ósköpunum standi á því að Keflvíkingur muni setjast hér í stól bæjarstjóra.“

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR TEKUR VIÐ STÖÐU BÆJARSTJÓRA AKUREYRAR EFTIR ÁRAMÓT.

Morgunblaðið, 29. nóvember.

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HREINN HÁKONARSON FANGAPRESTUR

Jólin eru erfiður tími fyrir fanga

Nú er að fara í hönd einn annasamasti tími ársins fyrir presta og er margt á döfinni hjá Hreini Hákonarsyni, fangapresti Þjóðkirkjunnar. „Núna er verið að undirbúa aðventustund sem verður á Litla-Hrauni um miðjan mánuðinn. Á aðventustundinni munu ýmsir listamenn koma fram sem Jónas Þórir organisti hefur milligöngu um að útvega. Hann stýrir og stjórnar þessum viðburði með miklum myndarskap.“

Einnig er verið að undirbúa sérstakt tilraunaverkefni sem verður kynnt á sunnudaginn á aðventukvöldi í Grensáskirkju að sögn Hreins. „Verkefnið heitir Englatréð og er þannig að úr jólatré hanga litlir miðar sem á er búið að skrifa nöfn barna fanga. Síðan getur fólkið í kirkjunni valið sér engil og útvegað honum litla gjöf. Gjöfin er síðan skilin eftir við tréð og fer til barns fanga.“

Hreinn segir tilganginn með verkefninu að benda á að fangar eiga börn líka og jólin eru oft mjög erfiður tími fyrir börnin. Hreinn er einnig ritstjóri Verndarblaðsins sem kemur út á vegum samtakanna Vernd og er dreift til allra fanga á landinu og víðar.

„Að öðru leyti sinni ég hefðbundnum skyldum, að fara í fangelsið og styrkja fangana. Ég messa síðan í öllum fangelsunum á aðfangadag. Jólin eru erfiður tími fyrir fanga. Það eru engar heimsóknir leyfðar í fangelsinu á aðfangadag og fangarnir eru því dálítið einir með sínum hugsunum og hugsa auðvitað til sinna barna og fjölskyldna.“

MANNANÖFN Í EVRÓPU

EMMUR ÚT UM ALLT

Emma er það kvenmannsnafn sem er vinsælast í flestum Evrópulöndum, en bæði í Svíþjóð, Írlandi, Noregi, Finnlandi og Belgíu er það í fyrsta sæti og í öðru í Danmörku, Hollandi og Skotlandi. Anna er vinsælasta nafnið á Íslandi og í Ungverjalandi og Hollandi. Eina karlmannsnafnið sem er í fyrsta sæti á fleiri en einum stað er Jan í Tékklandi og Póllandi.

SJÓNARHÓLL

VARNARSAMSTARF VIÐ NOREG

GÍSLI MÁR SIGURJÓNSSON
Tækniteiknari.

Hjartað segir nei

„Nei, ertu geðbilaður, mér er nógu illa við Noreg eins og er,“ segir Gísli Már Sigurjónsson tækniteiknari þegar hann er spurður hvort hleypa eigi norskum her inn í landið. „Ég ætla ekki að rökstyðja það með neinum rökum, þetta er fallegt land og allt það og ég hef ekki slæma reynslu af Norðmönnum sjálfur, en eitthvað í hjarta mínu segir nei.“ Gísli hefur ekki miklar áhyggjur á ógnunum við öryggi Íslands. „Ég held að þessi mikla ógn sem talað er um að steðji að okkur sé ofmetin. Helst myndi ég ekki vilja hafa einn einasta hermann hér og mig minnir að það standi í stjórnarskránni að við eigum að vera herlaus,“ segir Gísli á alvarlegri nótum. Hann er því heldur ekki hlynntur hugmyndum um íslenskan her. „Björn Bjarnason er stórkostlegur listamaður og þetta nýjasta útspil hans um að ákvörðunin um að styðja innrásina í Írak hafi ekki snúist um Írak. Ég vona að hann láti ekki hlera síma minn eftir þessi ummæli.“

Blaðið Blaðið og barinn Barinn

Hugmyndin um að nefna hluti er ef til vill jafn gömul fyrstu hugmyndinni sjálfri, því ekki er hægt að fá neinar hugmyndir ef engin nöfn eru til yfir hluti svo hægt sé að skilja einn þeirra frá öðrum. Eitthvað virðist þetta þó hafa misfarist undanfarið.

„Ertu búinn að lesa Blaðið í dag?“
„Blaðið?“
„Já, Blaðið.“
„Hvaða blað?“
„Blaðið Blaðið.“

Álíka samræður eiga sér nú stað um land allt, þar sem nöfn virðast óðum vera að komast úr tísku. Þannig fer maður á barinn Barinn, skoðar vefsíðuna vefsida.is, virðir fyrir sér safnið Safn og kaupir fisk í Fiskbúðinni.

Þetta hefur löngum tíðkast á litlum stöðum, til dæmis er á Grímsey til búðin Búðin og á Fáskrúðsfirði er Hin búðin, en málin flækjast þegar til er meira en eitt eða tvennt af hverju.

Þeir feðgar Reynir og Jón Trausti fá hrós fyrir að hafa ekki freistast til að skýra tímarit sitt Tímaritið, heldur ber blaðið hið tignarlega og gamla nafn Ísafold, Ísafold er þó ekki bara tímarit, heldur einnig prentsmiðja, gistiheimili og ferðaskrifstofa, en allt er þetta hverju öðru ótengt.

Annar angi þess að nefna hlutina ekki nöfnum er nefnilega að nefna alla hluti sömu nöfnum.

Sirkus var fyrst bar og komu bæði sjónvarpsstöð og vikublað í kjölfarið þótt þau hefðu ekkert með barinn að gera. Og það getur valdið misskilningi þegar allt heitir það sama. Í blaði einu (mögulega Blaðinu) var tilkynnt að Iggy Pop myndi líta inn á sjónvarpsstöðina Sirkus kvöld eitt meðan reyndin var sú að hann ætlaði á barinn. Apótekið er bæði lyfsalakeðja og veitingahús, fletti maður upp apotekid.is fær maður hins vegar heimasíðu Lyfju, enda hart barist um lénin þegar allt heitir það sama.

Andstæða þess að skýra hlutina nákvæmlega það sem þeir eru er að skýra þá nákvæmlega það sem þeir eru ekki. Útvarpsstöðin Kaninn spilar einungis íslenska tónlist. Vefsíðan VefÞjóðviljinn starfar undir slagorðinu: „Við gerum okkar besta til að blaðið sé eins ólíkt Þjóðviljanum heitnum og mögulegt er.“ Hið ágæta félag Dagsbrún átti álíka lítið sameiginlegt með verkalýðsfélaginu gamla og Bubbi 2006 á við Bubba 1980, þótt báðir noti sama nafn.

Þess er svo líklega ekki langt að bíða að við verðum öll starfandi hjá Fyrirtækinu. Nema þá að við munum öll vinna hjá fyrirtækinu Ríkið ehf.

valurg@frettabladid.is

KANINN Þaninn en ekki lengur sami gamli kommúnistabaninn.

BARINN Barinn hét einu sinni í höfuðið á götunúmeri.

Skapar nafnið hamingjuna?

„Hvað býr í nafni?“ spyr hin ástleitna unglingsstúlka Júlía í leikriti einu, og veltir því fyrir sér hvort rós myndi lykta eins héti hún eitthvað annað. Tilefnið er að kærastinn Rómeó er með óheppilegt ættarnafn, og allt endar þetta með lyfjaneyslu og sjálfsmorði. Í bókinni Freakonomics sem er mikil gullnáma fyrir greinarhöfunda er rakin saga manns sem nefnir einn son sinn Winner og hinn Loser. Svo fer að lokum að Loser vegnar vel en Winner fer í hundana.

Höfundurinn Steven Levitt finnur talsverða fylgni milli nafna og velgengni. Þannig heita ríku strákarnir Benjamin, Samuel eða Jonathan og ríku stelpurnar Alexandra, Lauren eða Katherine, en fátæku strákarnir Cody, Brandon og Anthony og fátæku stelpurnar Amber, Heather og Kayla. Það er þó ekki nafnið sem segir til um velgengni, heldur velgengni foreldra sem segir til um nafnið, samkvæmt Levitt.

En aðrir eru fljótir að herma eftir tísku fína fólksins, og nöfn eins og Lauren og Madison hafa orðið vinsæl meðal almennings en tilheyrðu fyrir tuttugu árum fyrst og fremst yfirstéttinni.

Ekki er líklegt að íslensk nöfn séu jafn stéttskipt enn sem komið er, Jón getur verið bæði meðaljón eða séra Jón og jafnvel stórkaupmaðurinn Jón. Ef til vill mun meiri munur verða á nöfnum hérlendis með vaxandi stéttskiptingu, en mannanafnanefnd mun tryggja ákveðinn jöfnuð, að minnsta kosti fyrst um sinn. En tískan breytist, til dæmis er nafnið Kári aftur orðið vinsælt, hvort sem það er vísun í auðkýfinginn Kára Stefánsson eða jafnvel Kárahnjúka. Og ekki kæmi á óvart að bráðum yrði hér allt fullt af litlum Björgólfum.

BJÖRGÓLFUR T. BJÖRGÓLFSSON
Skírður í höfuðið á pabba.

- vg

Vönduð spariföt

í miklu úrvali

XIN
Flauelsjakki
3.999kr

DXL
Skyrta
1.999kr

Pils m/belti
1.999kr

HFK line
Blúsa
1.999kr

Pils
1.499kr

HFK line
Flauelsjakki
3.999kr

Skyrta
2.499kr

Vesti
1.999kr

Flauelsbuxur
2.999kr

XIN
Flauelsbuxur
2.999kr

Kjóll
2.999kr

oyoy
Flauelsjakki
2.499kr

Skyrta
1.499kr

Flauelsbuxur
1.999kr

DreamTeam
TILBOÐ 1.499kr
Verð áður 1.999,-
Spariskór
svartir
st. 24-34

DreamTeam
TILBOÐ 1.499kr
Verð áður 1.999,-
Spariskór
svartir, brons, hvítir
st. 29-36

DreamTeam
GOTT VERÐ 1.999kr
Spariskór
svartir
st. 22-34

DreamTeam
TILBOÐ 1.499kr
Verð áður 1.999,-
Skór
svartir
st. 24-36

Gildir til 6. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Aðventan byrjar

Birkireykta úrbeinaða hangikjötið frá SS
FRAMPARTUR OG LÆRI

30% afsláttur við kassann

SS ÚRB. HANGILÆRI
kílóverð nú:
1819 KR.
Merkt verð 2598 KR.

SS ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
kílóverð nú:
1329 KR.
Merkt verð 1898 KR.

500 ml
49 KR.
Egils GULL

10 tartalettur
98 KR.
KAREN VOLF

Tartalettur
og hangikjötið
daginn eftir...

Safarík lífsstílsvara
Ferskar döðlur 650g kassi

Sjáðu sparnaðinn verðið!

Bónus býður betur!

2.5kg
579 KR.
STEIKINGARFEITI

Frá Stjána bakara
Steikingarfita 2.5 kg

20 stykki
798 KR.
LAUFABRAUÐSDEIG

Laufabrauðsdeig - tilbúið til skurðar!

650g
359 KR.
FERSKAR DÖÐLUR

Pipardropar
198 KR.
500g

Brúnkökur
259 KR.
350g

Kókostoppar
198 KR.
250g

Robin klemmurnar
með jólabragðinu!

2.3 kíló
345 KR.
ROBIN KLEMENTÍNUR

600g
259 KR.
Bónussíld

í Bónus!
EKKERT BRUÐL
Ferskar bringur
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1698 KR.
kílóverð nú
Írskar frosnar svínalundir
FERSKAR SKINNLAUSAR
kílóverð nú:
1538 KR.
Merkt verð 2565KR.
40% afsláttur við kassann
Heilt kíló!
998 KR.
10 frosnir ungnautaborgarar
Vængir kílóverð nú:
192 KR.
Merkt verð 320KR.
500 ml
49 KR.
Pepsi MAX
Ferskir leggir og vængir
40% afsláttur við kassann
Leggir kílóverð nú:
387 KR.
Merkt verð 645KR.
500 ml
49 KR.
Egils appelsín
Ungnautaborgarar
10 x 100g
Jóla risarúlla
ELDHÚSPAPPÍR
149 KR.
jólarisarúlla
FERSKAR KJÖTVÖRUR
UNGNAUTAHAKK
8-12% FITA
898 KR.
KÍLÓVERÐ
Ferskt ungnautahakk
8-12% fita
2 lítrar
98 KR.
SPRITE
Reyktur lax og grafinn frá Norðanfiski
REYKTUR/GRAFINN LAX
kílóverð nú:
1199 KR.
Merkt verð 1599KR.
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Svona erum við

> Fjöldi gæsluvarðhaldsúrskurða



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: KÓKAÍN

Kókaínneysla í árþúsundir

Kókaín hefur verið mikið í umræðunni síðustu daga. Í fréttum á miðvikudaginn var greint frá því að tollverðir á Keflavíkurflugvelli hefðu lagt hald á þrjú kíló af kókaíni í fórum Íslendings í Leifsstöð í síðustu viku og daginn eftir var sagt frá því að fjöldi kókaínfíkla á Íslandi hafi tuttugufaldast á nokkrum árum. Þetta bendir til að kókaínneysla Íslendinga hafi aldrei verið meiri.

Hefur maðurinn notað kókaín lengi?

Kókaín er unnið úr laufum kókaplöntunnar sem vex í mörgum heimshlutum. Fornleifarannsóknir í Ekvador benda til að maðurinn hafi notað það í meira en fimm þúsund ár.

Indíánaættbálkar í Suður-Ameríku sögðu að kókajurtin væri komin frá guðunum og að neysla hennar bæri vott um góða stöðu í samfélaginu. Í gegnum tíðina hafa menn aðallega tuggið lauf plöntunnar og tíðkast það enn víða í Suður-Ameríku. Vesturlandabúar þekkja hins vegar aðallega unnið kókaín sem er hvítt efni í duftformi.

Hvaðan kemur kókaín?

Megnið af því kókaíni sem notað er í heiminum kemur frá Kólumbíu, um níutíu prósent, en alþjóðleg glæpasamtök smygla því þaðan og til Bandaríkjanna og Evrópu, aðallega sjóleiðina.

Nýlega birtust fréttir í fjölmiðlum um að glæpamenn séu í auknum mæli farnir að smygla kókaíni með heimatilbúnum kafbátum. Á dögunum lögðu yfirvöld á Kosta Ríka hald á 2,7 tonn af kókaíni í einum slíkum fjögurra manna kafbáti úti fyrir ströndum landsins. Söluverðmæti efnisins var talið vera um 47 milljónir dala.

SPURT & SVARAÐ

UMHVERFI ÁKVARÐAR VERÐIÐ

MAGNÚS LEÓPOLDSSON
Löggiltur fasteignasali.

Jaðarbyggðir vinsælar

Reykjavíkurborg hefur greitt 208 milljónir fyrir fjóra hektara lands í Norðlingaholti. Upphæðin er í samræmi við úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta sem borgarráð ákvað í vor að skjóta til dómstóla. Deilur standa nú yfir um hvort of hátt verð hafi verið greitt fyrir landið.

Hvað ákvarðar verð eigna?

„Það umhverfi sem eignin stendur á og það hvað megi gera við landið, almenna reglan er sú að því minna sem má hrófla við landinu því minna virði er það. Staðsetningin skiptir líka máli og þær eignir sem eru í nálægð þéttbýlis eru meira virði."

Eru 208 milljónir of hátt verð fyrir fjóra hektara?

„Ég hef ekki kynnt mér þetta mál sérstaklega en ég geri ráð fyrir að ef matsnefnd hefur farið yfir málið sé þetta markaðsvirði landsins og því sú upphæð sem seljandi á rétt á að fá fyrir það."

Hefur áhugi fólks á jaðarbyggðum aukist?

„Já, bæði lönd í jaðri þéttbýla og einnig landakaup á landsbyggðinni. Það er misjafnt hvernig fólk notar þá landskika sem það kaupir, sumir nýta þá til ræktunar, aðrir undir sumarhús og enn aðrir kaupa jarðir til að búa á þeim."

Deiling byrða og samstaða í reynd

Leiðtogar Atlantshafsbandalagsins reyndu að láta eins og fundur þeirra í Ríga hefði tekizt vel. En hann opinberaði hve djúpstæð togstreita er innan raða þess um forgangsröðun verkefna, deilingu byrða og samstöðu í reynd.

JAAP DE HOOP SCHEFFER Þrátt fyrir þennan áhyggjusvip sagði framkvæmdastjóri NATO svartsýni ástæðulausa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogar NATO sýndu samstöðuvilja bandamannanna 26 með því að árétta á fundi sínum í vikunni, að þeir myndu koma hver öðrum til hjálpar í neyð hvar sem er í Afganistan. En skuldbindandi fyrirheit fengust ekki um að fjölga í herliði NATO í þeim héruðum landsins þar sem skæruhernaður talibana er skæðastur.

Í þessu sambandi munar mestu um að evrópsku meginlandsveldin Þýzkaland, Frakkland, Ítalía og Spánn reyndust ekki reiðubúin til að senda hermenn til að berjast við hlið bandamanna frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada og Hollandi í Suður- og Austur-Afganistan.

Alls eru 32.800 hermenn í fjölþjóðaherliðinu ISAF í Afganistan, sem NATO stýrir. En á hættulegustu svæðunum í suður- og austurhluta landsins hafa hingað til aðeins hermenn frá síðarnefndu NATO-löndunum fjórum boðið skæruliðum talíbana birginn. Í ljósi þess að talið er að í röðum talibana-skæruliðanna séu virkir að minnsta kosti tíu þúsund herskáir heimamenn, sem fá meira en nóg af vopnum yfir fjöllin frá Pakistan og hafa til að mynda framið eitt sjálfsmorðssprengjutilræði á dag síðustu daga, er skiljanlegt að ráðamenn NATO-ríkjanna sem bera hitann og þungann af þessum átökum þrýsti á um að þeirri byrði verði deilt á fleiri herðar bandamanna.

Hætta á nýrri kreppu?

Sumir fréttaskýrendur taka jafnvel svo djúpt í árinni, að í þessu felist hætta á nýrri kreppu NATO-samstarfsins. „Því þetta bandalag byggir á hugmyndinni um samstöðu," skrifar leiðarahöfundur þýzka dagblaðsins Die Welt í gær. „Ef það dregur úr þessari einingartilfinningu er NATO í alvarlegri hættu."

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri bandalagsins, segir þó slíkar áhyggjur ástæðulausar. „Það er ekki hin minnsta ástæða til svartsýni í Afganistan," sagði hann við lok leiðtogafundarins í Ríga.

Brezki forsætisráðherrann Tony Blair reyndi líka að túlka niðurstöðu fundarins með jákvæðari hætti. „Það hafa náðst mikilvægir áfangar í rétta átt," sagði Blair, en bætti við: „Höfum við fengið allt sem við báðum um? Ekki enn."

Pólverjar munu senda 1.100 manna liðsauka til Afganistans eftir áramót. En nýjar liðsaukaskuldbindingar fengust ekki í Ríga. Ekki opinberlega, að minnsta kosti. Að sögn ónafngreindra embættismanna hétu þrjú aðildarríki því að fjölga í sínu liði; Danmörk, Tékkland og Kanada.

Í því skyni að sýna í verki að Ísland skærist ekki úr leik í þessu erfiða verkefni NATO lýsti Geir H. Haarde forsætisráðherra því yfir á fundinum í Ríga að íslenzk stjórnvöld myndu auka framlög til endurreisnar- og þróunarverkefna í Afganistan, auk þess að standa að flugfrakt, bæði með flugvélum íslenskra flugfélaga og erlendra, í þágu þeirra bandalagsríkja sem hafa liðsafla í sunnanverðu landinu.

Angi af víðtækari umræðu

Togstreitan um það hvernig byrðunum í Afganistan er deilt er annars bara einn angi af víðtækari umræðu innan bandalagsins, sem staðið hefur yfir lengi, um breytt hlutverk NATO eftir að tvípóla veröld kalda stríðsins leið undir lok og aðlaga þurfti herafla bandalagsins að ógnum nútímans.

Hernaðargetugjáin milli Evrópuríkjanna annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar er vandi sem tengist vandanum í Afganistan beint með þeim hætti, að herafli flestra evrópsku NATO-ríkjanna er enn miðaður að mestu við hefðbundnar landvarnir gegn innrás erlends hers. Aðeins örlítill hluti allra þeirra tveggja milljóna hermanna sem skipa raðir NATO-herja Evrópu er í stakk búinn að vera sendur í verkefni á borð við það sem nú er við að etja í Afganistan.

Robert Gates, verðandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, lagði á það áherzlu í skriflegu svari sem hann veitti í gær við spurningum varnarmálanefndar Bandaríkjaþings, að hann hefði trú á framtíð NATO-samstarfsins, en að bandalagið þyrfti á auknu fé og hreyfanlegum mannafla og búnaði að halda ef það ætti að geta staðið undir þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem nú er ætlazt til af því.

Evrópsku NATO-ríkin verja að vísu til varnarmála yfir helmingi þess sem Bandaríkin gera, en fyrir þau útgjöld fæst aðeins um fimmtán prósent af útreiknaðri hernaðargetu Bandaríkjahers.

NATO og Bandaríkin þrýsta því á evrópsku bandamennina að taka til hver í sínum ranni; breyta uppbyggingu herafla síns úr staðbundnu landvarnahlutverki kaldastríðstímans og fjárfesta þess í stað í þjálfuðum sveitum atvinnuhermanna og hergögnum sem gera þær hreyfanlegri og betur í stakk búnar að mæta með skilvirkum hætti ógnum á borð við hryðjuverk eða upplausnarástand í fjarlægu ríki.

Viðbragðssveitir mikilvægur áfangi

Mikilvægur áfangi á þessari braut er stofnun hinna svonefndu viðbragðssveita NATO, sem de Hoop Scheffer tilkynnti með stolti að yrðu komnar á laggirnar í byrjun næsta árs, eftir fjögurra ára undirbúning. Í þeim á að vera 25.000 manna lið, sem á að vera hægt að senda með fimm daga fyrirvara í verkefni svo til hvar sem er í heiminum og að halda því þar úti í minnst þrjátíu daga.

En þetta er þó aðeins áfangi, eins og heyra mátti á máli verðandi varnarmálaráðherrans í Washington. „Bandaríkin geta hjálpað með því að beita NATO til að fást við flóknar ógnir nútímans, og með því að gera bandamönnum sínum ljóst að við ætlumst til þess að þeir axli jafnan skerf af byrðunum," segir Robert Gates í þingsvörum sínum. Að sínu mati væri meginvandi NATO fólginn í óvilja margra aðildarríkjanna til að verja því til varnarmála sem nauðsyn krefði. NATO ætlast til þess að aðildarríkin leitist við að verja minnst tveimur prósentum af landsframleiðslu sinni til málaflokksins, en útgjöld flestra Evrópuríkjanna eru á bilinu 1,2-2 prósent.

Einnig þrýst á Ísland

Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, hafa sett sér að ná tveggja prósenta markinu eftir nokkur ár, þrátt fyrir að þröngt sé í búi þar eystra. Að NATO skuli sjá þeim fyrir lofthelgiseftirliti, að miklu leyti á kostnað „útgerðarríkja" þotnanna sem sinna því hverju sinni, hefur aukið þrýstinginn á þau að standa sig í að uppfylla óskir NATO að þessu leyti.

Eins og bent var á í upphafsgrein greinaflokks um varnarmál Íslands í Fréttablaðinu 9. nóvember veldur þetta því að íslenzka ríkið á nú erfiðara með að komast upp með að spara sér að mestu þennan útgjaldalið. Geir H. Haarde forsætisráðherra finnur greinilega fyrir því að þessi þrýstingur NATO beinist líka að Íslendingum. „Auðvitað getum við ekki lengur ætlazt til þess, eins og við höfum gert áratugum saman, að aðrir standi straum af öllum okkar vörnum," hefur Morgunblaðið eftir honum í gær. Það sé ekki eðlileg krafa lengur og því séu íslenzk stjórnvöld „tilbúin að verja í þessi mál heilmiklum peningum."

Anne-Grete Strøm-Erichsen, varnarmálaráðherra Noregs, tjáði Fréttablaðinu í vikunni að Norðmenn væntu þess að Íslendingar sýndu vilja til að taka þátt í kostnaði af því samstarfi, sem um kynni að semjast milli þjóðanna um öryggis- og varnarmál. Geir sagði hins vegar Ríkisútvarpinu í gær að það væri ótímabært að velta því fyrir sér hver sá kostnaður gæti orðið.

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Viðbragðssveitir NATO

Leiðtogar NATO hafa lýst því yfir að nýjar viðbragðssveitir bandalagsins séu komnar á laggirnar eftir fjögurra ára undirbúning. Hægt á að vera að senda hið 25.000 manna lið með skömmum fyrirvara í verkefni hvar sem er í heiminum.

- **Landherafli – *9.500 menn*** Blandað lið bardagaþjálfaðra hermanna og stuðningsliðs, m.a. búið skriðdrekum, þyrlum og stórskotaliði
- **Sjóherafli – *6.300 menn:*** Útbúnaður m.a. flugmóðurskip, landgönguskip, svifnökkvar, kafbátar og stuðningsskip
- **Flugherafli – *5.500 menn*** Fær um að fara í 200 leiðangra á dag
- **Sérsveitir – *1.400 menn*** Búnar efna-, sýkla- og geislavörnum
- **Staðfræði- og stuðningslið – *1.900 manns*** Búið flutningaflugvélum og getu til að stjórna neyðaraðstoðaraðgerðum.

Heimild: NATO © GRAPHIC NEWS

Skammdegisvarnir

Látum ekki fylgifiska skammdegisins leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið, höldum heilbrigði og hreysti með varnarefnum náttúrunnar.

Láttu sérhæft starfsfólk okkar aðstoða þig við val á vítamínum.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

SÉR TILBOÐ!
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Verð frá kr. 15.900

STURTUHLÍFAR á baðkör

glæsileg útlit og margar gerðir

Classico OV2
tvískipt 120 x hæð 140
þrískipt 125 x hæð 140

HVI-76 og HVI-85
lengd 76 hæð 130
lengd 85 hæð 140

CV2 tvískipt
lengd 85 hæð 140

CV3 þrískipt
lengd 125 hæð 140

STURTUKLEFAR

Sturtuklefi rúnaður
120 x 80

Sturtuklefi rúnaður
80x80
90x90

Sturtuklefi hornréttur
80x80
90x90

Krómaður álrammi
5 mm rammalaust öryggisgler
Botn + vatnslás fylgja

Verð frá kr. 27.900

kynntu þér úrvalið á www.i-t.is
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Ódýrt og gott

40% afsláttur

BAUTABÚRIÐ

Bayonneskinka

599 kr. kg.

Bautabúrs Bayonneskinka

299 kr. pk.

4 Krónu borgarar m/brauði

40% afsláttur

539 kr. kg.

ýsuflök frosin

20% afsláttur

569 kr./pk.

4xPepsi MAX 2 ltr kaupauki 4xKit kat chunky

2 fyrir 1

Myllu heilhveitibrauð

6 fyrir 4

Jóla hrísmjólk

HD ávaxtasafi 330 ml

12 fyrir 8

Gevalia kaffi rautt 500g

316 kr./pk.

35% afsláttur

Goða hangiálegg

Maískorn

19 kr./stk.

Krónu salernspappír 12stk

199 kr./pk.

Wanted í Mexíkóska matargerð

KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN

SPARAÐU STÓRT

1298 kr./kg.
Borgarnes hangiframpartur úrb.
30% afsláttur

998 kr./kg.
Goða lambalæri sneitt

289 kr./stk.
Freschetta Napoli 3 teg.
300g

30% afsláttur
1069 kr./kg.
Goða grísaofnsteik

Egils Hvítöl 1,25 ltr x 4
4 fyrir 3

Klementínur kassi 2,3 kg
349 kr./kg.

20% afsláttur
Ora jólasíld 630g
Ora hátíðarsíld 500g

Myllu jólatvenna
799 kr./pk.

Ommu laufabrauð steikt 15 stk í pk.
1099 kr./pk.

20% afsláttur

Jólabækur í úrvali

Bækur fást eingöngu í Jafnaseli- Lágholtsvegi-Bildshöfða-Mosfellsbæ-Hvaleyrarbraut og á Reyðarfirði.

KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 6.177 **+0,73%** **Fjöldi viðskipta:** 493 **Velta:** 5.078 milljónir

MESTA HÆKKUN

Glitnir	+2,75%
FL Group	+2,20%
Landsbankinn	+0,76%

MESTA LÆKKUN

Tryggingamiðst.	-2,50%
365	-1,43%
Teymi	-1,40%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:
... Actavis 66,70 +0,60% ... Alfesca 5,10 +0,39% ... Atlantic Petroleum 565,00 +0,00% ... Atorka 6,30 +0,48% ... Bakkavör 60,30 -0,50% ... Eimskipafélagið 31,00 +0,00% ... FL Group 23,20 +2,20% ... Glitnir 22,40 +2,75% ... Kaupþing 787,00 +0,26% ... Landsbankinn 26,50 +0,76% ... Marel 78,00 -0,64% ... Mosaic Fashions 16,80 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,30 +0,58% ... Össur 113,00 -0,44%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Fjölgar í Höllinni
Fjölgun fyrirtækja í Kauphöllinni verður að teljast fagnaðarefni í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á innlendum hlutabréfamarkaði á liðnum árum. Dagsbrún var skipt upp í tvö skráð félög, 365 og Teymi, og þá var Exista skráð í haust. Í desember er von á tveimur félögum; eignarhaldsfélagið OMX, sem á og rekur Kauphöll Íslands og kauphallir í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, verður skráð á aðallistann í dag og Icelandair Group Holding verður svo skráð síðar í mánuðinum. Fjármálafyrirtæki hafa boðað komu sína á næstunni. Færeyska fjármálafyrirtækið, Föroya Sparikassi, verður skráð að öllum líkindum á fyrri hluta næsta árs og svo er von á Icebank, áður Sparisjóðabankanum, árið 2008.

Sláturvertíðin hafin
Ætla mætti að sláturtíð væri hafin í Kauphöll Íslands ef marka má tilkynningar er bárust þangað í gær. Actavis sendi inn gærur af kynningarfundi og Bakkavör tilkynnti um að hlutafjár hefði verið aukið. Sennilegra er þó að prentvillupúkinn illræmdi hafi verið hér á ferðinni.

MARKAÐSPUNKTAR

Kaupþing tilkynnti í gær að umframsöluréttur, sem veittur var vegna útboðs til erlendra fjárfesta, verði nýttur til fulls. Umframeftirspurn var eftir hlutum bankans, að sögn greiningardeildar Landsbankans.

Nettókaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum námu 16 milljörðum króna í október samanborið við 1,5 milljarða í september. Viðsnúningurinn skýrist af kaupum í hlutabréfum erlendra fyrirtækja upp á 14,5 milljarða króna, að sögn greiningardeilda Kaupþings.

Hlutafé Bakkavarar Group hefur verið aukið um tæpa 24 milljón hluti til að efna skuldbindingar samkvæmt breytanlegum skuldabréfum í eigu Kaupþings banka hf. Hluthafar áttu ekki forgangsrétt til hlutafjárkaupa.

Lánshæfi staðfest

Matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur staðfest lánshæfiseinkunnir Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka. Bankinn er með langtímaeinkunn BBB-, skammtímaeinkunnina F3, óháða einkunn C/D, og svokölluð stuðningseinkunn er 3.

Horfur í matinu eru sagðar stöðugar. Um leið er því þó gefið undir fótinn að frekari framfarir í þá átt sem orðið hafi á þessu ári gætu stutt jákvæða endurskoðun matsins. Er þar sérstaklega vísað til árangurs í áhættustýringu.

Matið segir Fitch Ratings að endurspegli styrkan eiginfjárgrunn, hraðan vöxt á sviðum þar sem tekjustreymi sé stöðugra og aukna landfræðilega dreifingu. **- óká**

FUNDUR HJÁ STRAUMI-BURÐARÁSI Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður og Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka.

Farice með nýjan vef

Farice, sem rekur ljósleiðarastreng héðan til Skotlands með viðkomu í Færeyjum, hefur opnað nýjan vef á slóðinni *www.farice.is*.

Nýi vefurinn er sagður mun aðgengilegri en sá fyrri og efnisframsetningin skýrari. Tæpt er á þáttum í rekstri Farice á borð við umhverfismál, fiskveiðar og öryggismál.

Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice, segir áhuga útlendinga á landinu að aukast og því hafi verið nauðsynlegt að hressa upp á ímynd fyrirtækisins. „Upplýsingatæknisamfélagið og fjarskipti hafa verið að þróast hratt og þar eru gríðarlega mörg tækifæri sem geta haft jákvæð áhrif á þróun efnahags- og atvinnumála hér og í Færeyjum," segir hann. **- óká**

Actavis kaupir fyrirtæki

Actavis hefur keypt bandaríska lyfjafyrirtækið Abrika Pharmaceuticals Inc. sem er sérhæft í þróun forðalyfja og samheitalyfja sem erfið eru í þróun. Kaupverð nemur 16,5 milljörðum króna en þar af er helmingur árangurstengdur.

Actavis tilkynnti í gær um kaup á bandarísku lyfjafyrirtækinu Abrika Pharmaceuticals Inc. Nemur kaupverðið 181 milljón evra sem samsvarar um 16,5 milljörðum íslenskra króna. Þar af nema árangurstengdar greiðslur 96 milljónum evra, eða 8,7 milljörðum króna. Róbert Wessmann, forstjóri Actavis, segir oft geta verið áhugavert að gera samninga sem þessa, sérstaklega í þeim tilfellum þar sem tekjur félagsins velta mikið á væntingum eigenda. „Við erum tilbúin að borga 96 milljónir að því gefnu að félagið nái að lágmarki fimmtán milljónum í framlegð á hverju ári. Ef félagið nær 55 milljónum í framlegð yfir tveggja ára tímabil, 2007 og 2008, þá næst þessi greiðsla að fullu. Ef þetta næst ekki minnkar upphæðin í beinu hlutfalli við það."

Abrika, sem var stofnað í maí árið 2002, var að sögn Róberts eitt af fyrstu félögunum sem Actavis skoðaði þegar fyrirtækið var fyrst að þreifa fyrir sér um yfirtökur eða samvinnu í Bandaríkjunum. „Það gekk ekki upp þá en við höfum fylgst með þeim síðan þá og þau með okkur," segir Róbert.

Með kaupunum er Actavis komið í hóp leiðandi fyrirtækja í þróun forðalyfja í Bandaríkjunum en Abrika er sérstaklega sérhæft í þróun og sölu þeirra auk samheitalyfja sem eru erfið í þróun. Samkeppnin í samheitalyfjageiranum er mikil í dag, ekki síst í þeim lyfjum sem er auðvelt að þróa. Róbert segir að þess vegna hafi Actavis verið að auka við hlut framleiðslu og þróunar forðalyfja í Ameríku. Samkeppnin á þeim markaði sé oft lítil sökum erfiðrar þróunar og sérhæfingar í framleiðslu þeirra. „Eftir kaupin erum við með um hundrað starfsmenn í þróun á forðalyfjum. Við ætlum að setja fimmtíu milljónir evra árlega í þróun á þessari tegund lyfja á næstu árum. Við erum því orðin leiðandi á þessum sviði og teljum

ACTAVIS HEFUR KEYPT BANDARÍSKALYFJAFYRIRTÆKIÐ ABRIKA Sigurður Óli Ólason, aðstoðarforstjóri Actavis, og Róbert Wessmann, forstjóri Actavis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Föroya Sparikassi á Euroland

Skráning í Kauphöll í farvatninu. Bréf bankans hafa hækkað um 149% á árinu.

Föroya Sparikassi Group, sem verður skráður í Kauphöll Íslands á næsta ári, er fyrsta óskráða fyrirtækið sem fær aðild að sænsku fjármálaveitunni Euroland.com. Forvígismenn Sparikassans segja að aðgerðin sé liður í skráningarferli félagsins á markað. Finn Danberg, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Sparikassanum, segir að það sé mikilvægt að fjárfestar, lánveitendur og sérfræðingar hafi aðgang að nýjustu upplýsingum um bankans.

Þótt Sparikassinn, stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON, sé óskráð félag þá ganga hlutabréf sparisjóðsins kaupum og sölu. Frá áramótum hefur gengi hlutabréfa Sparikassans hækkað um 149 prósent, en yfir níu þúsund hluthafar eiga bréf í bankanum.

Í september seldi Sparikassagrunnurin, stærsti hluthafi bankans, sautján prósent hlutafjár á genginu 330. Síðan þá hefur gengið hækkað allverulega og stendur nú í 459 dönskum krónum á hlut.

Markaðsverðmæti Föroya Sparikassi er 39 milljarðar króna.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins á fjöldi íslenskra fjárfesta bréf í Sparikassanum, þar á meðal SPRON og aðrir sparisjóðir, Eyrir og fleiri fjárfestar. **- eþa**

Leikbær

SKELFIRINN

Helgartilboð!

Nú verður allt brjálað!

Tilboð 11.990 kr.

Fullt verð 16.990

Hefur þú séð þennan bíl?

Bílnum hér við hliðina var stolið í gær! Vinsamlegast hafið augun opin og látið vita í einhverri verslun Leikbæjar ef þið sjáið hann. Fundarlaunum heitið!

Hringbrot

Faxafeni	Firði, Hafnarfirði	Kjarnanum, Self.	Laugavegi	Mjódd	Háholti, Mosf.bæ
Sími: 568 4870	Sími: 565 5605	Sími: 482 4870	Sími: 551 1135	Sími: 557 9111	Sími: 566 5018

299 kr/kg áður 679 kr/kg.
Goða grísabógur ferskur

1.189 kr/kg. áður 1.698 kr/kg.
Goða hamborgarhryggur

1.399 kr/kg. áður 2.148 kr/kg.
Norðlenskt hangilæri

979 kr/kg. áður 1.748 kr/kg.
Norðlenskur hangiframpartur

150 kr/stk. áður 299 kr/stk.
Jólapappír 6 metra

175 kr/pk. áður 349 kr/pk.
Lambi wc 6 rúllur

H:N markaðssamskipti / SÍA

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 1. desember til 3. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

1.445 kr/kg áður 2.409 kr/kg.

Ísfugl kjúklingabringur skinnlausar

249 kr/stk.

Uncle Bens sósa Tikka Masala 500 gr.

Casa fiesta vörur

378 kr/pk. áður 756 kr/pk.

Pepsi 2 ltr 4 í pakka

98 kr/stk.

Toppur sítrónu og hreinn 1,5 ltr.

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

Ryanair með fjórðung í Aer Lingus

Írska lággjaldaflugfélagið Ryanair hefur aukið við hlut sinn í írska innanlandsflugfélaginu Aer Lingus og á nú fjórðung í félaginu.

EIN AF VÉLUM RYANAIR Írska lággjaldaflugfélagið Ryanair á 25 prósent í flugfélaginu Aer Lingus.

Dermont Mannion, forstjóri Aer Lingus, staðfesti þetta í vikunni. Ryanair vinnur að óvinveittri yfirtöku á flugfélaginu.

Ryanair festi sér 19 prósenta hlut í Aer Lingus skömmu eftir einkavæðingu þess í lok september og gerði tilboð í eftirstandandi hluti fyrir 1,48 milljarða evra eða um 136 milljarða íslenskra króna. Það mun hafa greitt um 88 milljónir evra eða rúma 8 milljarða króna fyrir hin 6 prósentin í viknunni. Stórir hluthafar í Aer Lingus hafa mótmælt tilboðinu og segjast ekki ætla að selja þá. **- jab**

Svínabændur uggandi

Danskir bændur óttast að hagur sinn versni eftir að stjórnvöld í Rússlandi hótuðu að koma í veg fyrir innflutning á landbúnaðarafurðum frá löndum Evrópusambandsins á næsta ári. Ástæðan er andstaða stjórnvalda við inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í sambandið í upphafi næsta árs.

Danska dagblaðið Jótlandspósturinn segir ótta Rússa felast í því að sýkt kjöt geti borist frá löndunum tveimur til aðildarríkja Evrópusambandsins og þaðan til Rússlands. Til að koma í veg fyrir slíkt sé stefnt að því að banna innflutning á kjöti frá aðildarríkjum sambandsins.

Danir óttast að ef ákvörðuninni verði framfylgt muni það koma harkalega niður á svínakjötsbændum.

Sala á svínakjöti til Rússlands hefur stóraukist ár frá ári en hún nam 1,4 milljörðum danskra króna eða rúmlega 17 milljörðum íslenskra króna á fyrstu átta mánuðum þessa árs.

Þá flytja Danir langmest út af svínakjöti til Rússlands miðað við önnur aðildarríki Evrópusambandsins en danska svínakjötið nemur um 19 prósentum af heildarmagninu á rússneska markaðnum. **- jab**

Fólki fjölgar í fjármálageira

Í árslok 2005 voru stöðugildi hjá fjármálafyrirtækjum (móðurfélög) 4.548 talsins og fjölgaði þeim um 359 eða um tæp níu prósent á milli ára samkvæmt tölum sem Fjármálaeftirlitið hefur birt.

Fjöldi útibúa banka og sparisjóða var 171 í lok árs og fækkaði þeim um sjö á milli ára.

Heildareignir samstæða allra lánastofnana landsins voru 6.202 milljarðar króna í árslok 2005 og jukust um 83 prósent.

Hagnaður var samanlagður 136,4 milljarðar króna en var 52,9 milljarðar árið 2004. Aukningin var því 158 prósent á milli ára. **- eþa**

Elstu leikfangagerð Bretlands lokað

Breski leikfangaframleiðandinn Merrythought hefur verið lýstur gjaldþrota. Fyrirtækið, sem stofnað var árið 1930, er eitt elsta fyrirtækið í Bretlandi í þessum geira og hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi.

Á meðal helstu leikfanga fyrirtækisins eru rugguhestar og önnur leikföng fyrir börn, sem fyrirtækið seldi í verslunum Harrods og John Lewis.

Oliver Holmes, forstjóri Merrythought og barnabarn stofnandans, segir í samtali við breska dagblaðið The Guardian að fyrirtækið hafi orðið fórnarlamb vegna vegna innflutnings á ódýrum vörum.

„Þetta er sorgardagur," sagði hann og benti á að hæfileikaríkir einstaklingar myndu missa vinnuna. Þá mun verksmiðju fyrirtækisins í Shropskíri í Bretlandi sömuleiðis verða lokað og eignir þess seldar upp í skuldir í næsta mánuði. **- jab**

EIGANDI HARRODS Í MIÐIÐ Elsti leikfangaframleiðandi Bretlands, sem meðal annars selur vörur sínar í bresku verslunninni Harrods, hefur verið lýstur gjaldþrota.

Rússneskur ríkisrekstur áhyggjuefni

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur lýst yfir áhyggjum vegna mikils vaxtar rússneska ríkisorkufyrirtækisins Gazprom, sem sagt er hafa einokunarstöðu á markaði fyrir jarðgas í Austur-Evrópu.

Í nýrri skýrslu frá OECD um hagkerfi Rússlands segir ennfremur að mikil stækkun fyrirtækisins og yfirtökur þess síðustu árin komi í veg fyrir heilbrigða samkeppni í Rússlandi og beini vöxturinn sjónum stjórnenda frá kjarnastarfsemi Gazprom.

Þá leggur OECD áherslu á, að gasiðnaðurinn í landinu verði endurskipulagður í samræmi við aðra geira með það fyrir augum að auka samkeppni á heimamarkaði.

Gazprom er í andstöðu við markaðsvæðinguna austur frá, að mati OECD, sem bendir á að hlutur ríkisins í fyrirtækjum í Rússlandi hafi aukist mikið síðastliðin þrjú ár. Hafi ríkið átt fimmtung fyrirtækja í Rússlandi fyrir þremur árum en hann nemur nú 30 prósentum.

„Aukinn ríkisrekstur er skref aftur á bak," segir í skýrslu OECD, sem áréttar að rússneska ríkið verði að minnka við hlut sinn í fyrirtækjum í landinu, ekki síst í orkufyrirtækjum, með það fyrir augum að minnka einokunarstöðu Gazprom í Austur-Evrópu. **- jab**

HÖFUÐSTÖÐVAR GAZPROM OECD hefur áhyggjur yfir vaxandi ríkisrekstri í Rússlandi.

OMX tekur við rekstri Kauphallar Íslands í dag

OMX kauphallarsamstæðan tekur í dag formlega við rekstri Kauphallar Íslands. Um leið verður OMX skráð með öðrum fyrirtækjum kauphallarinnar. Um áramót hefst samþætting við aðrar kauphallir OMX.

JUKKA RUUSKA OMX OG ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON KAUPHÖLL ÍSLANDS Jukka Ruuska forstjóri kauphallararms OMX sótti landið heim í byrjun síðasta mánaðar. OMX tekur í dag formlega við stjórn Kauphallar Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta eru mikil tímamót," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, en í dag tekur OMX kauphallarsamstæðan formlega við stjórn hennar. Þá verður OMX jafnframt skráð í Kauphöllina hér. „Það er í fyrsta skipti sem er tvíhliða skráning erlends fyrirtækis í Kauphöllina hjá okkur." Ferlið er samkvæmt samningi sem gengið var frá um miðjan október.

Breytingar verða strax miklar hjá Kauphöllinni því stjórnin sem verið hefur lætur af störfum um leið og Kauphöllin verður dótturfélag OMX. „Þar tekur ný þriggja manna stjórn við og Jukka Ruuska, sem er forstjóri OMX Exchanges, verður formaður. Með þessu er stefnumótun Kauphallarinnar í raun komin í hendur nýrra aðila og helstu verkefnin sem fram undan eru að samþætta starfsemina við hinar Norðurlandaþjóðirnar," segir Þórður. Um áramót taka við sýnilegri breytingar þegar vefviðmóti Kauphallarinnar verður breytt. „Og einhvern tímann á fyrsta ársfjórðungi förum við inn á samnorræna listann og upplýsingar af markaðnum hjá okkur fara í gegnum sömu kerfi og eftir sömu leiðum og upplýsingar um önnur fyrirtæki sem eru skráð í kauphöllum OMX," segir Þórður.

Hann segir samrunann og skráningu OMX hér framhald þróunar sem verið hafi á íslenska markaðnum undanfarin ár. „Markaðurinn hefur eflst gríðarlega. Velta með hlutabréf hefur fimmtánfaldast á síðustu fimm árum og verðmæti skráðra hlutafélaga hefur farið úr 50 prósentum af landsframleiðslu í 245 prósent. Þá hefur meðalstærð skráðra fyrirtækja átjánfaldast á sama tíma," segir Þórður og kveður Kauphöllina einfaldlega hafa verið komna að þeim tímamótum að nauðsynlegt væri að tengjast stærri alþjóðlegri kauphöll. „Einfaldlega til að geta veitt þessum stóru fyrirtækjum þá þjónustu heima sem við viljum geta veitt." OMX segir Þórður svo hafa verið augljósan kost í því sambandi því náið samstarf hafi verið á undanförnum árum við norrænu markaðina, auk þess sem markaðurinn og umgjörð hafi verið áþekk því sem þar gerðist.

Með samrunanum við OMX segir Þórður svo búið að skapa hagfelld skilyrði fyrir áframhaldandi vöxt markaðarins, en hversu mikill hann verði fari svo eftir því hvernig fyrirtækin standi sig. Aðgangur að afleiðumarkaði OMX í maí segir Þórður svo koma til með að ýta undir aukna veltu hér.

Tvíhliða skráningu OMX núna segir Þórður svo fyrst og fremst ætlaða til að kynna fyrir markaðnum fyrirtækið OMX. „Jafnframt gerum við okkur vonir um að í framhaldinu verði OMX bara hluti af íslenska markaðnum, þannig að viðskipti með hlutabréf OMX fari fram með sama hætti og með önnur fyrirtæki á íslenska markaðnum. Þetta eykur breiddina því OMX er með annan bakgrunn en þau fyrirtæki sem fyrir eru í Kauphöllinni." **olikr@frettabladid.is**

Yfirmannaskipti hjá VW

Stjórn þýsku bílaframleiðendanna hjá Volkswagen ætlar ekki að framlengja samning sinn við Hans Dieter Poetsch, fjármálastjóra fyrirtækisins, sem rennur út um áramótin.

Að sögn þýska tímaritsins Focus tengist ákvörðunin uppsögn Bernd Pischetsrieders, forstjóra Volkswagen, sem sagði upp störfum hjá fyrirtækinu í upphafi mánaðarins frá og með næstu áramótum. Uppsögnin kom á óvart enda hafði hann skömmu áður endurnýjað samning sinn við Volkswagen til sex ára.

Pitschetsrieder hafði nokkru áður boðað hagræðingu í rekstri bílaframleiðandans og meðal annars sagt upp 20.000 manns. Ekki var einhugur um ákvörðunina í stjórn Volkswagen. Focus fer ekki nánar í uppsögn Poetsch að öðru leyti en því að Pitschetsrieder réði hann til starfa.

Martin Winterkorn, núverandi forstjóri Audi, eins af dótturfélögum Volkswagen, mun taka við starfi Pischetsrieders en við starfi Poetsch tekur Rupert Stadler, sem nú er fjármálastjóri Audi.

Volkswagen hefur ennfremur tilkynnt að fyrirtækið muni blása til sóknar, auka framleiðslu á bílum frá Audi í verksmiðju sinni í Brussel og segja auk þess upp fleira starfsfólki í hagræðingarskyni. **- jab**

STJÓRN VOLKSWAGEN Bernd Pischetsrieder, fráfarandi forstjóri VW, ásamt Ferdinand Piech, stjórnarformanni fyrirtækisins, sem veifar. Lengst til hægri er Hans Dieter Poetsch, fráfarandi fjármálastjóri.

HONDA
The Power of Dreams

Afsláttur

259.000

Drífðu núna

Sláum 259.000 kr. af fjórhjóladrifnum CR-V

Drífðu þig núna!

Fullbúinn **CR-V** rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið tilboðsverð frá aðeins:

2.890.000 kr.
beinskiptur ES

2.990.000 kr.
sjálfskiptur ES

honda.is

Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á snjóþungum vetrardegi eða upp í næstu skíðabrekku. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseiginleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið.
Drífðu þig og kynntu þér CR-V á Honda góðu tilboði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

H:N markaðssamskipti / SÍA

Bíll á mynd er EXE útfærsla.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Líkur á CIA-njósnum í utanríkisráðuneytinu:

Raup eða alvara?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra og formaður Alþýðuflokksins, greinir frá því í viðtali við þetta blað liðinn miðvikudag að hann hafi á þeim tíma er hann gegndi þessum embættum báðum talið meira en litlar líkur á að fulltrúar bandarísku leyniþjónustunnar CIA hefðu haft aðgang að sérstöku öryggisherbergi í utanríkisráðuneytinu til þess að stunda njósnir.

Í þessu sambandi tilgreinir ráðherrann fyrrverandi einkum árin 1992 og 1993 þegar endurskoðun á varnarsamningnum stóð yfir. Jafnframt segir hann aðspurður að ekki hafi verið kostur á að kæra mál af þessu tagi því að þau hefðu farið til dómsmálaráðuneytisins sem hefði falið sömu bandarísku leyniþjónustumönnum rannsóknina.

Vandinn við að meta þessi ummæli er fyrst og fremst sá að ekki er ljóst hvort ráðherrann fyrrverandi vill láta líta á þau sem raup eða alvöru. Ef rétt þætti að líta á þau sem alvöru vakna fyrst og fremst upp nokkrar spurningar.

Hvað ber ráðherra að gera sem fær grun um að erlendir njósnarar noti hans eigið ráðuneyti til starfsemi sinnar gegn hagsmunum íslenska ríkisins? Á honum hvíla einfaldlega þær skyldur að viðlagðri ábyrgð samkvæmt lögum um ráðherra að gera ráðstafanir til þess að stöðva það ástand án tafar. Hvers vegna var það ekki gert?

Þá er ástæða til að spyrja hvort líklegt sé að erlendir njósnarar hafi árum saman stundað iðju sína í utanríkisráðuneytinu án aðildar eða vitneskju annarra embættismanna þess? Hvers vegna lét ráðherra það álitamál kyrrt liggja?

Málið er svo einfalt að ráðherra ber ábyrgð á að í ráðuneyti hans gerist ekkert sem andstætt er lögum og stjórnarskrá eða stefnir heill ríkisins í hættu. Ráðherra má eins og kunnugt er krefja ábyrgðar fyrir störf, vanrækt starfa og stórkostlegt hirðuleysi. Finnst ráðherranum fyrrverandi nú að það hefði átt að gera?

Hvers vegna var málið ekki kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins sem fór með rannsókn opinberra mála á þeim tíma? Ráðherrann fyrrverandi gefur þá skýringu að dómsmálaráðuneytið hefði tekið málið til sín og og stýrt rannsóknninni sjálft og notað til þess sömu erlendu njósnara og hann hafði grunaða. Felast ekki í þessum ummælum grunsemdir um brot dómsmálaráðuneytisins á lögum og stjórnarskrá?

Gat nokkur annar en dómsmálaráðherrann borið ábyrgð á slíkum vinnubrögðum? Sat hann ekki í embætti í stjórnskipulegu umboði þingmanna Alþýðuflokksins eins og aðrir ráðherrar á þeim tíma? Var ekki fullkomlega ábyrgðarlaust af þeim að styðja með þeim hætti ráðherra sem þeir grunuðu um slík verk? Hvers vegna var Alþingi ekki gerð grein fyrir grunsemdunum um háttsemi dómsmálaráðuneytisins?

Þetta eru þau raunverulegu álitaefni sem við blasa ef ráðherrann fyrrverandi kýs að láta meta ummæli sín í alvöru. Kjósi hann hins vegar að litið sé á þau sem raup er aðeins efni til að spyrja einnar spurningar:

Er ekki ástæða til að færa umræður um mál af þessu tagi á aðeins hærra plan?

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lét ekki blekkjast

Reykjavíkurlistinn sótti á sínum tíma hart að Kjartani Gunnarssyni og tók landareign hans í Norðlingaholti eignarnámi. Vildi R-listinn aðeins greiða í kringum 60 milljónir króna fyrir landið, í mesta lagi 111 milljónir. Kjartan lét ekki blekkjast og ætlaði að sætta sig við 130 milljónir. Að því gekk borgin ekki. Nú hefur matsnefnd eignarnámsbóta úrskurðað að verðmæti hektaranna sé 208 milljónir. Það sama verður ekki sagt um marga aðra landeigendur í nágrenninu sem gengu að tilboðum R-listans eftir að embættismenn fullyrtu að

þeir fengju ekki hærra verð en borgin byði. Ætli þeir nagi sig í handarbakið nú?

Einn á móti

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, greiddi einn atkvæði gegn því í borgarstjórn að land nafna hans Gunnarssonar í Norðlingaholti yrði tekið eignarnámi. Kjartan hefur átt umrætt land í áratugi. „Ég er af grundvallarástæðum andvígur eignarnámi nema brýnir almannahagsmunir krefji. Í þessu tilfelli taldi ég slíkt ekki vera fyrir hendi," sagði Kjartan í samtali við DV á sínum tíma. Nú vill Vilhjálmur borgarstjóri að borgin sættist við Kjartan og klári þann leiðangur sem R-listinn hóf.

Óvinir ríkisins

Þingmenn voru hressilegir í gær þegar þinghald hófst aftur eftir annríki á nefndarfundum síðustu daga. Jólamatur var á borðum í skreyttum matsalnum. Jólatrén eru komin upp á Alþingi en þessir hefðubundnu jólasveinar halda sig enn í fjöllunum. Jólaskapið var ekki langt undan; hlógu margir á meðan aðrir glugguðu í nýútkomna bók Guðna Th. Jóhannessonar um óvini ríkisins. Mesta spennan fólst auðvitað í að vita hvort eitthvert nafn núverandi þingmanna væri þar að finna. Mörður Árnason var einn þeirra „heppnu".

bjorgvin@frettabladid.is

Tvískinnungur: Maó og Hitler

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Tvískinnungur um kommúnisma

Háskóli Íslands hýsti fyrir skömmu ráðstefnu um Maó formann, sem vinir Kínverska alþýðulýðveldisins höfðu skipulagt. Einn þeirra, Arnþór Helgason, sagði í viðtali við Morgunblaðið 10. nóvember, að „hlutlæg umræða" um Maó væri nauðsynleg. „Í því samhengi er svo mikilvægt að forðast að fordæma hvaðeina sem fyrir augu og eyru ber. Því okkar er ekki að fordæma þar sem við getum ekki sett okkur almennilega í spor þeirra sem bæði urðu fyrir hremmingum á þessu tímabili og þeirra sem stjórnuðu þeim." Meðal annars voru á ráðstefnunni fluttar íslenskar þýðingar á ljóðum Maós. Í ráðstefnulok bauð kínverska sendiráðið til hófs.

Samkvæmt heimsmetabók Guinness er Maó afkastamesti fjöldamorðingi sögunnar. Lesa má um illvirki hans í nýlegri ævisögu þeirra Jons Hallidays og Jung Chang, sem bönnuð er í Kínaveldi, en ég hef sagt frá því stórfróðlega riti hér í blaðinu. Margir Íslendingar hafa lesið aðra ágæta bók eftir Jung Chang, Villta svani, sem kom út á íslensku 1995. Ég hef beðið eftir viðbrögðum við þessari ráðstefnu, en þau hafa engin verið (að undantekinni stuttri hugleiðingu Guðmundar Magnússonar sagnfræðings á netsíðu sinni), svo að ég legg hér orð í belg.

Hvað hefði verið sagt, ef svipuð ráðstefna hefði verið haldin um Adolf Hitler? Forsvarsmaður hennar hefði sagt opinberlega, að „hlutlæg umræða" um Hitler væri nauðsynleg; við mættum ekki fordæma hann, þar sem við gætum hvorki sett okkur í spor hans né þeirra, sem orðið hefðu fyrir „hremmingum" í stjórnartíð hans; kunnur listgagnrýnandi hefði flutt vinsamlegt erindi um vatnslitamyndir Hitlers og vinsæll leikari lesið upp valda kafla úr Mein Kampf eftir einræðisherrann þýska í íslenskri þýðingu. Þótt ég sé lítill spámaður, er ég viss um, að Háskóli Íslands hefði aldrei komið nálægt slíkri ráðstefnu, en fjölmiðlar farið hamförum gegn skipuleggjendum hennar.

Maó var þó að minnsta kosti jafnmikil ófreskja í mannsmynd og Hitler. Munurinn er sá, að eftir seinni heimsstyrjöld var gert rækilega upp við Hitler. Hinar hræðilegu myndir úr útrýmingarbúðum nasista hafa verið lagðar á minni mannkynsins, ekki aðeins í dagblöðum frá 1945, heldur líka í ótal kvikmyndum, heimildaþáttum og kennslubókum. Gyðingar hafa gætt þess vandlega, að helförin gleymdist ekki. Ekkert sambærilegt uppgjör hefur farið fram við kommúnista. Fáar myndir eru til úr þrælakistum þeirra. Dauflegt orðalag er notað í kennslubókum um ógnarstjórn þeirra. Hverfandi áhugi er á kvikmyndum og heimildaþáttum um ódæði þeirra. Engir öflugir hópar sjá sér hag í því að halda uppi minningunni um þær 100 milljónir manna, sem féllu á tuttugustu öld af völdum kommúnisma.

Þetta skýrir tvískinnunginn, þótt það afsaki hann ekki. Ég tel óeðlilegt að banna áróður fyrir nasisma, eins og gert er víða í Norðurálfunni, þótt ég skilji vel hina sáru reynslu ýmissa þjóða af þeirri stefnu. Á sama hátt tel ég óeðlilegt að banna áróður fyrir kommúnisma. Ég er hins vegar ósammála Arnþóri Helgasyni um það, að við getum ekki fordæmt hryðjuverk Maós og annarra kommúnista, um leið og ég virði auðvitað rétt hans til að halda fram því sjónarmiði. Hitt er hæpnara, að Háskóli Íslands skyldi gerast aðili að þessari ráðstefnu, þótt ég þekki suma íslenska þátttakendur í henni að góðu einu og telji víst, að þeir séu annarrar skoðunar um Maó en Arnþór.

Þessa tvískinnungs um kommúnisma gætir víða. Milton heitinn Friedman hélt fyrirlestra um hagstjórn í Chile 1975 og hitti yfirvöld þar að máli. Hann gaf þeim það ráð að auka atvinnufrelsi. Farið var eftir því, og er Chile eina landið í Rómönsku-Ameríku, sem nálgast hefur Bandaríkin í landsframleiðslu á íbúa. Pinochet einræðisherra fór frá völdum 1989, eftir að hann hafði tapað kosningum. Friedman var óspart skammaður fyrir Chileför sína. En hann hélt líka fyrirlestra um hagstjórn í Kínaveldi 1980, hitti yfirvöld þar að máli og gaf þeim sama ráð. Þar var líka farið eftir því, og hefur hagvöxtur síðan verið ör í Kínaveldi. Enginn hallaði orði á Friedman fyrir Kínaför hans. Þar eystra situr enn blóðug einræðisstjórn og þaggar tafarlaust niður gagnrýnisraddir. Hér vestra heyrast slíkar raddir hins vegar varla fyrir veisluglaumnum eftir ráðstefnur eins og þá í Háskólanum.

Framlag okkar bjargar mannslífum

UMRÆÐAN

UNICEF í Síerra Leóne

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Í dag verður haldin landssöfnun UNICEF á Íslandi. Ég fékk nýlega tækifæri til að sjá með eigin augum hversu miklu starf UNICEF getur skilað er ég heimsótti Afríkuríkið Síerra Leóne ásamt fulltrúum frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

Síerra Leóne er eitt fátækasta ríki veraldar. Í skýrslunni Human Development Report, sem er gefin út af þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), er landið í 176. sæti af þeim 177 ríkjum þar sem lífsgæði eru flokkuð. Ekki síst eru það börn og konur sem líða fyrir ástandið í landinu. Talið er að 70% þjóðarinnar lifi við algjöra fátækt. Barnadauði er með því hæsta sem gerist, 176 af hverjum þúsund börnum fæðast andvana og 286 af hverjum 1000 börnum ná ekki fimm ára aldri.

UNICEF í Síerra Leóne starfar aðallega á fjórum sviðum; við verndun barna, heilsugæslu, menntun og vatn og hreinlæti. UNICEF vinnur einnig að því að endurheimta börn sem notuð hafa verið í stríði, veita þeim sálræna aðstoð og sameina þau fjölskyldum sínum. Sú vinna hefur gengið vel, en mikil áhersla er nú lögð á götubörn og stúlkur sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Talið er að um 300 þúsund börn, sem búa í sveitahéruðum landsins, fari á mis við nám vegna fjarlægðar frá næsta grunnskóla. Borgarastyrjöldin í Síerra Leóne eyðilagði stóran hluta menntakerfisins og því hafa mörg börn og ungmenni ekki fengið tækifæri til náms í rúma tvo áratugi. Ástandið er sérstaklega slæmt í sveitahéruðunum þar sem enga skóla er að finna og erfitt er fyrir litla fætur að ganga langar vegalengdir í næsta grunnskóla og margar hættur sem leynast á leiðinni, ekki síst fyrir ungar stúlkur. UNICEF hefur því fært skólana nær börnum í sveitahéruðunum með því að byggja svokallaða samfélagsskóla fyrir aldurshópinn 6 til 9 ára.

Nú er verið að byggja fimmtíu samfélagsskóla í sveitahéruðum landsins fyrir framlög frá íslenskum aðilum og eru margir þeirra þegar tilbúnir. Alls mun þetta leiða til þess að um 4.500 börn á aldrinum 6 til 9 ára fá tækifæri til að öðlast góða þriggja ára menntun.

Ég heimsótti fimm af „íslensku skólunum" í héruðunum Bombali og Kono og opnaði m.a. einn þeirra formlega. Það var ótrúlega sterk upplifun að sjá hversu miklu framlag Íslendinga hefur skilað og snertir daglega líf þúsunda barna. Ekki síst skiptir það miklu máli fyrir þau hundruð stúlkna sem hefðu ekki komist í skóla að öllu óbreyttu.

Stúlkur eru oft giftar ungar og algengt að þær séu farnar að eignast börn 12-13 ára. Eru þær þá gjarnan þriðja eða fjórða eiginkona manns síns en fjölkvæni er algengt í sveitum Síerra Leóne. Með menntun aukast líkurnar á því að stúlkur giftist seinna og ráði meiru um framtíð sína.

Framlög okkar bjarga mannslífum.

Höfundur er menntamálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ÁBSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

LAUGARDAGUR EFTIR IAN McEWAN

ÓMISSANDI SKÁLDSAGA

ÓMISSANDI SKÁLDSAGA FYRIR ALLA ÞÁ SEM MÓTMÆLTU ÍRAKSSTRÍÐINU. OG HINA SEM GERÐU ÞAÐ EKKI.

„Það óviðjafnanlega við bækur McEwans er að þær uppfylla bæði flettiþörf og þörfina fyrir að hugsa og finnast maður hafa breyst, jafnvel þroskast, við lesturinn."
– Silja Aðalsteinsdóttir, TMM

BJARTUR

Borðstofuborð: 200x100 sm. + 2x50 sm. stækkun Verð: **169.800,-**
Leðurstóll litur svart, hvítt og brúnt Verð: **19.800,-**

Hillur: Verð: **58.900,-**
Veggskápur: Verð: **219.600,-**

mod: 3032
3+1+1: **269.800,-**
Leður, hvítt og svart.

mod: 3053
3+1+1: **179.900,-**
Leður, hvítt og svart.

mod: 625
Hornsófi: **229.900,-**
Leður, hvítt og svart.

mod: 601
3+1+1: **249.800,-** / Leður, hvítt og svart.

Ondvegi
HÚSGAGNAVERSLUN
Síðumúla 20, sími 568 8799, www.ondvegi.is - ondvegi@ondvegi.is / Opið virka daga 10-18, laugardaga 11.16, sunnudaga 13-16.

Grafiska smiðjan ehf. 11-06

Nýsköpun í stjórnmálum

UMRÆÐAN
Stjórnmálabaráttan

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Ég hefði líklega orðið hissa ef einhver hefði sagt mér árið 1996 að ég myndi taka þátt í forvali og stefna að þingsæti áratug síðar. Eins og mörgum öðrum fannst mér stjórnmálalífið ekki spennandi á þeim tíma. Þó að margt ágætt fólk starfaði í stjórnmálaflokkunum fannst mér enginn þeirra spennandi sem stjórnmálaafl. Það var ekki fyrr en Vinstrihreyfingingrænt framboð varð til að ég fékk verulegan áhuga á að taka þátt í flokksstarfi.

Eins og flestum öðrum í VG finnst mér undarlegt þegar rætt er um flokkinn okkar út frá atburðum áranna 1996-1999, þegar sameiningarumræða vinstrimanna stóð hvað hæst. Reyndar er það einkum fólk í öðrum flokkum sem hefur áhuga á því að halda áfram að ræða þessa fortíð. Vinstri græn hafa sem betur fer borið gæfu til að lifa í núinu.

Áhrif vinstri grænna

Af hverju gekk ég til liðs við Vinstrihreyfinguna-grænt framboð? Jú, það var vegna þess að mér fannst að þessi flokkur væri ný rödd í íslenskum stjórnmálum. Og finnst enn. Og áhrif flokksins blasa við. Stjórnmálamenn tóku umhverfismál ekki nógu alvarlega fyrir tíu árum og þau voru raunar ekkert rædd fyrir seinustu kosningar. Nú hafa allir flokkar tekið við sér. Andstaða við hernaðarstefnu Bandaríkjanna var ekki í tísku þegar Vinstrihreyfingingrænt framboð var stofnuð. Baráttan fyrir kvenfrelsi hefur líka lent í mótbyr en í hana er nú kominn aukinn kraftur. Baráttan fyrir velferð hefur seinustu ár verið varnarbarátta og er enn. En einnig þar bind ég helst vonir við Vinstrihreyfinguna-grænt framboð.

Ég held að það blasi nú við flestum að ef það eiga að verða breytingar í íslensku stjórnmálalífi í vor þá verður það á vegum Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs.

Framan af stóð það flokknum nokkuð fyrir þrifum að hann var lítill og illa skipulagður. Það veitti honum frelsi en um leið var stundum eins og hann væri í annarri deild en stærstu flokkarnir. Verkefni okkar seinustu ár hefur því verið að gera flokkinn að afli sem enginn getur vísað burt eða flokkað í aðra deild, án þess þó að flokkurinn api allt eftir öðrum flokkum eða glati sérstöðu sinni. Það hefur tekist. Kosningabarátta VG í vor var örugglega sú sem skilaði mestum árangri. Þó var hún ódýr en á hinn bóginn vel samhæfð um allt land og frambjóðendur okkar vöktu athygli fyrir að tala eigin tungu en ekki eins og frambjóðendavélar. Sameiginlegt prófkjör í þremur kjördæmum núna um næstu helgi er annað dæmi um tilraun sem ekki er sótt til annarra heldur kemur uppástungan upphaflega frá óbreyttum flokksmanni á landsfundi.

Breytingar framundan

Prófkjör eru vandmeðfarin leið. Eðlilegt er að tortryggni gæti gagnvart þeim enda hræða sporin. Samt höfum við í VG ákveðið að fara þessa leið núna. Þrátt fyrir allt eru prófkjörin lýðræðislegt ferli sem getur aukið þrótt manna og flokka, ef vel er á málum haldið. Við frambjóðendurnir höfum ekki auglýst eða leigt okkur skrifstofur heldur treyst á að kjósendur í forvalinu hugsi sjálfir og vegi og meti hvað við höfum fram að færa. Við viljum breyta prófkjöri úr neikvæðu orði í jákvætt.

Ég tæki ekki þátt í stjórnmálum nema ég teldi tilgang með því. Fyrir mér er tilgangurinn sá að taka þátt í nýsköpun í stjórnmálalífinu. Eins og fólk hefur tekið eftir hefur Vinstrihreyfingingrænt framboð undanfarið verið helsta nýsköpunarafl í íslenskum stjórnmálum. Við höfum treyst kjósendum og þeir hafa treyst okkur í auknum mæli. Ég held að það blasi nú við flestum að ef það eiga að verða breytingar í íslensku stjórnmálalífi í vor þá verður það á vegum Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs. Prófkjörið á morgun er aðeins fyrsta skrefið í átt til nýrra tíma.

Höfundur er varaformaður Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs.

Gott að vera bara 50%!

UMRÆÐAN
Hegðun Íslendinga

ARNAR ÆVARSSON

Það virðast engin mörk á afbrigðilegu hegðunarmynstri þessarar þjóðar.

Umræðan um innflytjendur þróaðist í karp og taut um orðalag, hvað þessi sagði þarna og hve miklir fordómar væru hjá þessum sem sagði þetta. Málefnaleg umræða um málefni sem þarfnast virkilega málefnalegrar umræðu fór út um gluggann og með tímanum þá deyr þessi umræða án nokkurrar málefnalegrar niðurstöðu, heldur bara karp og kapp um að niðurlægja viðmælanda sinn, týpískt ferli.

Aldraðir bíða í löngum röðum eftir plássi á hjúkrunarheimilum. Ráðamenn koma og státa sér af því að biðraðir minnka ört en það vill ekki betur til en svo að meginástæðan fyrir því að biðröðin minnkar er vegna þess að aldraðir deyja áður en þeir fá pláss eftir að vera búnir að bíða svo árum skiptir.

Börn og unglingar sem eiga við t.d. geðlæg vandamál að stríða þurfa að bíða í löngum röðum eftir því að fá læknismeðferð á sínum veikindum jafnvel hátt í heilt ár áður en eitthvað er hægt að gera.

Húsnæðisverð er svo hátt að það er ekki möguleiki fyrir ungt fólk að ætla að koma undir sig fótunum og ef þau ætla að leigja þá þýðir það 16 tíma vinnu á dag til að eiga fyrir leigu en eiga þá eftir að kaupa í matinn og matarverðið er það hæsta sem um getur.

Skólakerfið er rjúkandi rúst og þar hefur ekki verið gert ráð fyrir að aðrir en upprunalegir Íslendingar myndu sækja skólann þrátt fyrir að útlendingar hafi streymt hingað til lands í þúsundavís svo árum skiptir, ýmist með börn eða sjálf á barneignaraldri, en í skólanum klóra menn sér í hausnum og skilja ekkert í því að kennarinn skilur hvorki nemendur né foreldra líkt og þetta fólk hafi bara skyndilega birst á göngum skólans. Þetta er dæmigert fyrir svifasein viðbrögð skólakerfisins hér á landi. Við vitum öll af vandamálum líkt og líðan drengja í skóla, hvernig afburðanemendur enda í meðalveginum vegna skorts á verðugum viðfangsefnum innan skólans. Steypum alla í sama mót virðist vera mottó skólans, einn ríkisskóli líkt og Marteinn Mosdal sagði hér um árið.

Nú er Árni Johnsen aftur á leið á þing, maðurinn sem var kosinn á þing hér um árið og stal frá okkur og virtist gera það án þess að sýna vott af móral, hann sagðist hafa átt inni laun hjá ríkinu. Hann birtist t.d. í Kastljósi og reif bara kjaft. En hann sat inni fyrir þetta, gat að vísu dundað sér eitthvað þar eftir að það var búið að skipta um rúm á staðnum.

Gott og vel, hann tók út sína refsingu og honum var fyrirgefið fyrir þessi afglöp sín en auðvitað reiknaði ekki nokkur maður með að hann færi aftur á þing, allavega gerði ég það ekki gæfi mér það að vottur af siðferði væri kannski til.

Botna ekkert í þessari þjóð og gleðst alltaf meira og meira yfir því að vera bara 50% Íslendingur.

Vatnsdropinn – tákn um líf
Þessi silfurlitaði vatnsdropi fylgir heimsendum gíróseðlum inn á hvert heimili í landinu. Láttu hann skreyta heimilið í desember og vertu viss um að þitt framlag skilar árangri.

„Vatnið breytti öllu.“

Hreint vatn hefur gjörbreytt lífsskilyrðum fólks – bætt heilsu og tryggt betur matvælaframleiðslu. Íslendingar brugðust fádæma vel við kalli Hjálparstarfs kirkjunnar um síðustu jól, en þá söfnuðust 32 milljónir króna. Sú upphæð samsvarar kostnaði við að setja upp brunna sem fullnægja vatnsþörf **266.000 manns** til frambúðar.

Með því að greiða heimsendan gíróseðil getur þú séð **20 manns** fyrir hreinu vatni til frambúðar.

Munið söfnunarsímann
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ JÓLIN KOMA LANGUR LAUGARDAGUR]

Gallerý Kjöt býður upp á gjafaöskjur í þremur stærðum fyrir þá sem vilja gleðja með góðu kjöti. Í öskjurnar er hægt að fá sérvalið nautakjöt, villibráðarpaté, kryddgrafna vöðva og margt fleira girnilegt.

Vox býður upp á jólamatseðill með íslenskri villigæs í aðalrétt frá og með deginum í dag.

Ameríkskir GE kæliskápar eru á þrjátíu prósenta afslætti í Eirvík.

Júmbó léttir þeim lífið sem þurfa að halda veislu því hægt er að panta veislubakka með litlum fyrirvara þaðan. Þrír bakkar eru í boði, samlokubakki, tortillubakki og blandaður bakki.

Spar er með helgartilboð á grilluðum kjúklingi, frönskum og tveimur lítrum af kóki og kostar allt þetta aðeins 998 krónur.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 1. desember, 335. dagur ársins 2006.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.45	13.17	15.48
Akureyri	10.52	13.01	15.10

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Guðrún hefur gaman af því að baka og hér er hún að baka ítalskar tvíbökur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óhrædd við að prófa sig áfram

Guðrún Jóhannsdóttir matgæðingur hefur skrifað tvær handhægar matreiðslubækur, Hollt og ódýrt og Hollt og fljótlegt sem Salka gefur út.

„Í mínum huga er hollur matur fyrst og fremst fólginn í fjölbreytni," segir Guðrún sem er óhrædd við að prófa nýjungar í matargerð og lítur á það sem ævintýri að fara í sérstaka leiðangra að leita að kryddi.

Lesendur Fréttablaðsins þekkja Guðrúnu að góðu. Hún hefur verið með matarpistla og uppskriftir í blaðinu í rúm þrjú ár undir yfirskriftinni Til hnífs og skeiðar. Lengi vel miðuðust hráefniskaup við þúsundkallinn og hafa áreiðanlega margir blessað Guðrúnu í huganum fyrir lækkaðan matarreikning. Nú eru þessar uppskriftir komnar út á bók sem heitir Hollt og ódýrt.

„Sumar uppskriftirnar hafði ég notað sjálf í mörg ár en aðrar voru þróaðar næstum jafnóðum með tilraunastarfsemi því ég hef alla tíð verið forvitin og óhrædd við að prófa mig áfram. Mér þykir gaman að sækja í matreiðsluhefðir annarra landa og gera mínar útfærslur á réttunum og finnst líka frábært hversu framboð af góðu og fjölbreyttu hráefni hefur aukist hér á landi. Í þeim meðbyr sem ég haft í sambandi við pistlana finn ég að margir eru opnir fyrir því að prófa uppskriftir og spennandi krydd úr fjarlægum álfum. Mér finnst hugmyndin um að ferðast með bragðlaukunum heillandi."

Spurð hvernig gangi að halda kostnaði niðri en vera samt með framandi hráefni svarar hún: „Margt af því sem tilheyrir ítalskri og austurlenskri matargerð er frekar ódýrt en í bókinni Hollt og fljótlegt einskorða ég mig ekki bara við ódýru uppskriftirnar.

Guðrún tekur sjálf myndirnar í bækurnar. „Þegar ég byrjaði á pistlunum þá vildi ég ekki binda mig við að fá ljósmyndara á ákveðnum tíma heldur elda réttinn þegar það hentaði mér og innblásturinn kom. Ég hafði föndrað við ljósmyndun og ákvað að taka myndirnar sjálf. Svo hefur það þróast yfir í mikla ástríðu og áhuga á matarljósmyndun. Það má því segja að hér sé algert tilraunaeldhús."

Guðrún gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að ítölskum tvíbökum á bls. 6.

gun@frettabladid

Ný helgarsteik

SS HEFUR SETT Á MARKAÐ ENN EINA NÝJUNG Í HELGARSTEIKUM.

Safarík og bragðgóð lambasteik bíður þess sem skellir nýju CajP helgarsteikinni í ofn. Á það jafnt við hvort sem hann stillir ofninn á venjulega steikingu eða grill. Hér er um að ræða sérvalinn og snyrtan lambaframpart sem er marineraður í CajP-grillsósu.

Tessa eikarhúsgögn á betra verði

Sjónvarpsskápur
48x108x75 Kr. 49.000,-

Sjónvarpsskápur
48x158x58 Kr. 59.000,-

Glerskápur
48x108x150 Kr. 79.000,-
48x108x200 Kr. 99.000,-

Glerskápur ofan á skenk
154x110 Kr. 79.000,-

Skenkur
48x154x90 Kr. 79.000,-
48x200x90 Kr. 130.000,-

Leðurstóll bicast
Eikarfætur Kr. 15.900,-

Stækkanleg
um 48 cm. við sinnhvorn endann

Borðstofuborð
210x100x75 Kr. 99.000,-
200x90x75 Kr. 69.000,-
160x90x75 Kr. 59.000,-

Tessa vörurnar eru dönsk hönnun úr gegnheilli olíuborinni eik og afhendast samsettar.

Sófaborð
140x70x45 Kr. 39.000,-
110x65x43 Kr. 35.000,-
100x100x52 Kr. 39.000,-

Lampaborð
70x70x45 Kr. 29.000,-
55x55x43 Kr. 23.000,-

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

Gróft brauð með eggjum og grænmeti er gott og getur orðið ennþá betra ef stráð er örlitlu af salti og pipar yfir það.

WMF Steikarskúffa
Tilboðsverð: 5.990 kr

Villeroy & Boch
Kringlunni / Sími: 5331919

Góðir hlutir gerast hægt og matur er þar engin undantekning.

Makindaleg matarmenning

Alþjóðlega hreyfingin „Slow Food“ eða hæglætishreyfingin er kunn meðal margra íslenskra sælkera. Þessi skemmtilega hugmyndafræði myndaðist fyrir um tuttugu árum þegar ítölskum matreiðslumönnum ofbauð skyndibitinn og fóru að berjast fyrir varðveitingu matarmenningu og -hefða.

Hreyfingin gengur út á að vekja áhuga á góðu hráefni, varðveita matarmenningu þjóða og stuðla að sjálfbærri og lífrænni matarframleiðslu.

Það eru yfir 80.000 meðlimir í hreyfingunni um allan heim, bæði matreiðslufólk og almenningur, sem hittast reglulega til að borða saman. En líka til að fræðast og fræða aðra.

Hugmyndafræðin um hæglætið hefur breitt anga sína víðar eins og til dæmis kemur fram í bókinni Lifum lífinu hægar eftir Carl Honoré, sem kom út fyrr á þessu ári í íslenskri þýðingu. Þar eru hugmyndir um hæglæti í hávegum hafðar, ekki bara í kringum mat, heldur líka í barnauppeldi, frístundum, ástarsamböndum, atvinnulífi og daglegu lífi almennt.

Mikil breyting hefur orðið á mataræði Íslendinga og mun fleiri hafa áhuga á góðu hráefni og matargerð. Skyndibitaaðdáendum fer fækkandi og fleiri eru farnir að lifa í anda kenninga hæglætishreyfingarinnar, en þó oft án þess að vera meðvitaðir um það. Hæglætiskenningin snýst þó ekki alltaf um að allt eigi að gerast hægt, því það er hægt að framkvæma hratt með hæglæti í huga.

Hreyfingin hefur hvatt matreiðslufólk til að nýta árstíðabundið hráefni úr sínu nánasta umhverfi með verkefninu „Ark of taste“ sem styrkir innlenda matarframleiðslu á sama tíma og reynt er að koma í veg fyrir að ýmsar matvinnsluaðferðir falli í gleymsku. Hugmyndin er að hvetja matreiðslufólk og almenning til árvekni um hráefnið sem við erum með í höndunum hverju sinni, reyna að þekkja upprunann og tengjast betur eigin matarmenningu. Einnig að elda með „ást“ og gefa sér tíma í eldhúsinu. En síðast en ekki síst að gefa komandi kynslóðum góða og skemmtilega matarhefð sem getur lifað áfram um ókomna tíð.

rh@frettabladid.is

Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Fiskibollur frá Miðjarðarhafsströndum

Ef ódáinsfæða er til þá hlýtur þessi réttur að teljast þar með. Tómatarnir bústnir af andoxunarefnum og fiskurinn og eggin rík af uppbyggjandi próteinum og olíum. Ekki sakar að rétturinn er ljúffengur og matreiðslan einföld.

Fiskfars
700 gr fiskhakk
2 egg
1 skarlottulaukur (fínt saxaður)
2 kartöflur (rifnar með fínu rifjárni)
salt og pipar

Sósa
1 hvítlauksgeiri (fínt saxaður)
2 msk. ólífuolía
1 dós teningaðir tómatar með hvítlauk
1 tsk. þurrkaðar jurtir frá Provence
(blanda af basiliku,steinselju, óreganói og rósmaríni)
1 msk. balsamedik
1 lúka fersk basilika

1. Útbúið fiskfarsið í matvinnsluvél eða hrærivél. Hrærið allt saman þar til farsið er samfellt.
2. Myndið bollur með skeið og steikið þær á pönnu í ólífuolíu um 2 mín. á hvorri hlið eða þangað til þær eru

gullinbrúnar og fallegar. Setjið bollurnar til hliðar og haldið þeim heitum á meðan sósan er útbúin.
3. Steikið hvítlauk og Provence-jurtirnar í ólífuolíu þar til olían ilmar vel. Setjið þá tómatana út í og látið sósuna malla svolitla stund. Bætið balsamediki og hakkaðri basiliku út í að lokum.

Berið fram með soðnum kartöflum. Gott er að rífa parmesanost yfir.

Pítsubaksturinn leikur í höndum Ármanns Salim á Pizza 67 í Austurveri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Persónuleg þjónusta á Pizza 67

Fyrir nokkrum árum var Pizza 67 víða að finna á höfuðborgarsvæðinu. Nú er bara einn hlekkur eftir í þeirri keðju, í Austurveri á Háaleitisbraut 68.

Sal með girnilega pítsuna beint úr ofninum.

„Þetta gengur bara sómasamlega. Við erum með alltaf með góð tilboð til viðskiptavina, bæði einstaklinga og fyrirtækja, og leggjum áherslu á persónulega þjónustu," segir Ármann Salim Shamsudi brosandi þegar forvitnast er um fyrirtækið. Hann er kallaður Sal enda indverskur en talar góða íslensku enda búinn að búa hér á landi 23 ár. „Ég og konan mín höfum átt þennan litla pítsustað í rúm tvö ár og staðið vel saman um að reka hann. Svo eru strákarnir okkar þrír komnir dálítið á legg og farnir að rétta hjálparhönd. En prinsessan okkar er bara mánaðargömul og ekki komin í pitsurnar ennþá!"

Ármann segir þau hjón hafa gert staðinn eins og þau vilji hafa hann. Hann sé ódýrari en flestir aðrir og miðaður við að fólk sæki pitsurnar sjálft. Pítsubaksturinn nær þó ekki að framfleyta fjölskyldunni og því er Ármann líka að vinna í Guðmundi Arasyni - Smíðajárni frá kl. 8 til 17 en opnar pítsustaðinn sinn á kvöldin. „Þetta er lítið fjölskyldufyrirtæki og annað okkar hjóna reynir alltaf að vera hér til staðar. Það er eitt af því sem fólk getur gengið að vísu," segir hann að lokum.

- gun

Mynd um landsliðið í Lux

ÍSLENSKA KOKKALANDSLIÐIÐ HEFUR GERT MYNDBAND MEÐ FERÐ SINNI Á HEIMSMEISTARAKEPPNINA Í LÚXEMBORG OG GEFIÐ ÚT Á NETINU.

Bjarni Gunnar Kristinsson, fyrirliði kokkalandsliðsins, hefur sett saman myndband sem sýnir landsliðið í heimsmeistarakeppninni í Lúxemburg allt frá því það lagði af stað frá Keflavíkurflugvelli. Hrefna Rósa, landsliðsmeðlimur, stýrði myndavélinni og er með skemmtilegar lýsingar á hinum ýmsum atriðum.
Bandið sýnir hlaupin kringum heita borðið, keyrsluna frá hótelinu með kalda borðið, uppsetningu á því og ekki síst verðlaunaafhendinguna þar sem Íslendingar fengu eitt silfur og eitt brons. Síðast en ekki síst ferðina heim til Íslands.
Þetta er forvitnilegt fyrir þá sem vilja vita hvernig heimsmeistaramót í matreiðslu fer fram. Slóðin er www.freisting@freisting.is.

Landsliðið náði einu silfri og einu bronsi í Lux.

MYND/GUÐJÓN ÞÓR STEINSSON



Domo hefur yfir sér flott og nýtískulegt yfirbragð, en töluverð hugmyndavinna liggur að baki hönnuninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Það getur verið gott að fá sér í tána á barnum fyrir eða eftir mat.

Engu hefur verið til sparað svo að gestum Domo líði sem best.

Vestrið og austrið mætast í Þingholtsstræti

Veitingastaðurinn Domo var opnaður fyrir skemmstu, en þar er boðið upp á nýstárlega matseld sem er vís með að vekja lukku hjá landsmönnum.

„Við bjóðum upp á sambland af japanskri og evrópskri matargerð," segir Ragnar Ómarsson, annar yfirkokka á Domo. „Evrópska rétti framreidda á japanska vísu og öfugt."

Að sögn Ragnars er áhersla lögð á gott og ferskt hráefni og hollan mat í léttari kantinum. „Við notum lítið sem ekkert af smjöri og rjóma við eldamennskuna, nema ef til vill í eftirréttina," segir hann máli sínu til stuðnings. „Við höfum aftur á móti töluvert af kryddolíum, sósum og salatsósum."

Ragnar segir að maturinn sem fólk pantar sé settur á mitt borð þannig að ef sessunautar eru tveir eða fleiri gefst þeim kostur á að smakka af réttum hver hjá öðrum.

„Við leggjum líka töluvert upp úr góðri þjónustu, þar sem faglærðir þjónir beina," heldur Ragnar áfram. „Um þessar mundir er ekki auðvelt að ráða til sín lærða þjóna og við höfum því verið mjög heppin að fá til okkar sannkallað atvinnufólk."

Ragnar bætir við að eitt markmiðanna með Domo sé að skapa létt og afslappað andrúmsloft, til að sem best fari um gesti staðarins. „Með það fyrir augum var ákveðið að hafa innréttingarnar frekar grófgerðar og allt í nýtískulegum stíl," segir hann og bætir við að með því eigi hann þó alls ekki við að útlitið sé yfirdrifið eða þvingandi.

Spurður að því hvaðan heitið Domo sé fengið kveður Ragnar Kormák hafa lagt það til og vísar þar með til athafnamannsins Kormáks Geirharðssonar sem á staðinn ásamt Skildi Sigurjónssyni, Rósant Birgissyni og bræðrunum Arnari og Bjarka Gunnlaugssyni. „Domo merkir víst takk á japönsku og hús á esperanto, dregið af latneska orðinu domus," útskýrir hann. „Okkur bar saman um að það væri viðeigandi fyrir veitingahús þar sem allt er reynt til að láta gestum líða eins og

Réttunum er fyrirkomið á miðju borði, þannig að ef sessunautar eru tveir eða fleiri gefst þeim kostur á að smakka hver hjá öðrum.

Það þarf að huga að hverju smáatriði við japanska matargerð til að ná fram æskilegu bragði.

Sósur

Ragnar segir að gott sé að breyta út af vana með dýfusósum, en hér eru uppskriftir að tveimur slíkum:

SÍTRÓNU-CHILISÓSA
4 msk. sojasósa
2 msk. sítrónusafi
2 msk. sweet chilisósa
2 msk. hunang
1 msk. saxaður ferskur kóríander
Blandið vel saman.

APRÍKÓSU-GRASLAUKSSÓSA
2 msk. apríkósumarmelaði
Safi úr 2 stk. lime
½ stk. rauður chili (fínt saxaður)
2 msk. hvítvínsedik
2 msk. sojasósa
2 msk. fiskisósa
1 msk. graslaukur (fínt saxað)
Salt og pipar eftir smekk.

Japanskur matur hefur orð á sér fyrir að vera fallegur auk þess að vera hreinasta lostæti.

5 í Reykjavík

heima hjá sér.“

Blandaður sashimi og sushi-platti með tveim tegundum af dýfusósu
Aðferð: Sashimi er einn réttanna sem boðið er upp á á Domo. Segir Ragnar hann tilvalinn forrétt vegna þess hversu léttur og hollur hann er.

Þegar fiskur er valinn í sashimi skiptir ferskleiki hans meginmáli að sögn Ragnars, þar sem menn munu snæða hráefnið hrátt. Nokkrar fisktegundir eru tilvaldar í sashimi, svo sem lax, túnfiskur, lúða og barri. Skelfiskur, eins og stór hörpuskel, hráar rækjur og humar, eða reyktur og grafinn fiskur, svo sem reyktur áll, grafinn lax eða karfi, er engu síðri.

Hráefnið er allt skorið niður í ½ cm þunnar og ca. 4-5 cm langar sneiðar. Þessu er raðað fallega á platta og skreytt með allskyns kryddjurtum og laufum og borið fram með súrsuðu engiferi, wasabi (japönsk piparrót) og góðri sojasósu. *roald@frettabladid.is*

Skelfiskur eins og stór hörpuskel, hráar rækjur og humar, hentar vel í sashimi.

Mikið annríki hefur verið í eldhúsinu á Domo, þar sem japönsk matseld virðist falla Íslendingum í geð.

VEISLUGARÐUR
Veisluþjónustan Hlégarði
Alhliða veisluþjónusta
Veitinga og veisluþjónusta í hjarta Mosfellsbæjar
S. 566 6195 og 566 8215
veislugardur@veislugardur.is www.veislugardur.is

Kryddin frá Pottagöldrum eru ómissandi í matreiðsluna

GALBIBAR
GALBI RESTAURANT
KOREAN BARBEQUE
ÍSLENSKT HRÁEFNI ELDAÐ Á KÓRESKAN MÁTA
Við á Galbi bjóðum upp á ferskt og vel valið
hráefni sem þú grillar á ekta kóreskri
grillpönnu, sér innflutt fyrir okkur.
JÓLA TILBOÐ GALBI
Gerið eitthvað skemmtilegt og öðruvísi um jólin!
Þú velur á milli tveggja forrétta,
sjávarréttasúpu eða jarðarberja- og valhnetusalats.
Svo er val á milli tveggja aðalrétta,
nautafille í engifer eða
steinbíts í myntu.
Við gerum hráefnið klárt og hjálpum ykkur af stað.
Val á milli tveggja deserta,
súkkulaði- og karamelluköku
eða jarðarberjaostaköku
Aðeins 4.200 kr. á mann*!
*Ath. Tilboðið gildir frá 1. desember til 23. desember, gildir ekki með öðrum tilboðum.
Galbi Restaurant and Bar • Barónsstígur 2-4 • 101 Reykjavík, Iceland
Sími (+354) 544 4448 • Pöntunarsími (+354) 867 4448 • Tölvup. galbi@galbi.is

Gómsætt og hollt

Bækurnar Hollt og ódýrt og Hollt og fljótlegt eftir Guðrúnu Jóhannsdóttur birta 50 uppskriftir hvor af næringarríkum og girnilegum réttum. Hér er uppskrift að ítölskum tvíbökum, Biscotti, tekin úr bókinni Hollt og ódýrt.

Biscotti bragðast afar vel að sögn ljósmyndarans Gunnars Andréssonar sem fékk að smakka á þeim nýbökuðum. MYND/GVA

Flestar þjóðir eiga sína tegund af tvíbökum. Ítalskt biscotti er fádæma gott meðlæti, bæði með ekta góðum kaffibolla og er ekki síðra með ilmandi gullnu glasi af víni frá Toscana. Á Ítalíu ku hvert hérað eiga sína gerð af biscotti. Upplagt er að hjúpa tvíbökurnar með súkkulaði eða bæta rifnum sítrónuberki í uppskriftina til tilbreytingar.

3 1/2 dl sykur
5 dl hveiti
1/4 tsk. matarsódi
1/4 tsk. salt
150 g möndlur með hýði
4 stór egg
2 matsk. smjör
1 tsk. vanilludropar
1 tsk. möndludropar
1 dl hveiti til að hnoða með.

1. Ristið möndlurnar á heitri pönnu og setjið þær svo til hliðar til kælingar.
2. Blandið sykri, hveiti, matarsóda og salti saman í skál. Bætið eggjum, smjöri, dropum og möndlum út í og hrærið með sleif eða í hrærivél þar til degið loðir vel saman. Best að hræra eins lítið og hægt er.
3. Flytjið deigið á borð þakið hveiti og hnoðið 1 dl aukalega af hveiti saman við deigið ef þarf. Deigið á þó að vera pínulítið klístrað.
4. Dustið hendurnar með hveiti og mótið 5-6 hleifa sem eru um 4x20 cm að stærð og raðið þeim á vel smurða bökunarplötu. Hafið a.m.k. 5 cm á milli hleifanna þar sem þeir renna út við bökun. Bakið í ofni við 200°C í um 20 mínútur eða þar til hleifarnir eru fallega gullnir, takið þá svo úr ofninum og látið kólna.
5. Skáskerið hvern hleif í um 1,5 cm þykkar kökur, raðið þeim á bökunarplötu og bakið aftur í um 10 mínútur.



Fagmenn í fóðurleit

ÚT AÐ BORÐA MEÐ LIONEL

Svarta kaffið

LAUGAVEGI 54

Á því herrans ári hundsins 4704 útskrifuðust Sigurður Eggertsson og Þorbjörn Sigurbjörnsson úr Háskóla Íslands og hlutu réttindi til þess að bera titilinn fagmaður. Fagmennirnir réðust strax í sitt fyrsta verkefni; að gera úttekt á fóðri því sem boðið er upp á í hádeginu á Laugaveginum.

Allir staðir skulu metnir, allir réttir skulu etnir. Við mætum á sérhvern stað með opinn huga, þandar nasir og smurt vélinda. Við gætum þess að mæta ónæðir til leiks svo að ytri aðstæður mengi ekki dómgreind okkar. Kennaraeinkunn er gefin í fiskum og eins og gefur að skilja er mest hægt að fá 37 fiska.

Borðað: Aðall: Lasagna að hætti Svarta kaffis. Aftan: Frönsk súkkulaðikaka og svart kaffi.

Gæði fæðis: Aðall: Lasagnað var mjög bragðgott en nokkuð seigt. Fílingurinn var eins og að japla á gömlu en þó bragðgóðu húbba búbba tyggjói. Lasagnað var af skornum skammti og reynt var að breiða yfir nískuna með salati. Troðfullur diskur af salati með smá lasagnaklípu vakti þá tilfinningu að við hefðum í raun pantað okkur salat. Það er rangt. Við gerðum það ekki. Aftan: Sú franska var ljúffeng en að sama skapi „petite“. Svarta kaffið var virkilega gott.

Verð: 1800 karl fyrir lítinn aðal og lítinn aftan. Verulega hátt verð fyrir verulega smávaxinn snæðing.

Þjónusta: Fullkomin þjónusta. Liðug og löguleg þjónustumær uppfyllti allar okkar leyndustu óskir. Þjónustan bjargaði staðnum frá niðurlægingu.

Stemning: Tryllt heimsvaldastefnustemning. Lekker staður (svo maður sletti nú aðeins á hollensku), innviði klætt viði með viðarmunum á veggjum djúpt úr svörtustu Afríku.

Dollan: Einkennileg hönnun þar sem herbergið sjálft er rúmgott en dollan er staðsett úti í horni.

Annað: Pirrandi að fara út af veitingastað svangur.

Fagmenn þakka fóðrið.

KENNARAEINKUNN: 18 FISKAR AF 37.

Leitin að íslenska ostinum

Félagið Matur – saga – menning, sem var stofnað fyrr á þessu ári, hefur að markmiði að auka þekkingu á íslenskum mat, matarhefð og vekja áhuga á matarmenningu. Félagið stendur fyrir röð fyrirlestra til fræðslu og skemmtunar og nú síðast um íslenska ostinn.

Flest lönd í kringum okkur eiga sér sinn eiginn ost sem er hluti af matarmenningu þjóðarinnar. En hins vegar hefur aldrei verið á hreinu hver hinn sanni íslenski ostur er.

Landnámsmenn komu með ostaþekkingu til landsins, en ostagerðin var þó aldrei stórfelld á Íslandi. Mjólkurskortur er talinn vera ein af ástæðunum á miðöldum og var því mjólkin nýtt til hin ítrasta. Rjómanum var fleytt ofan af og skyr búið til úr undanrennunni. Síðan var skyrmysan notuð til drykkjar og varðveislu á matvælum. „Skyrið er enn sem komið er eini séríslenski osturinn," segir Laufey Steingrímsdóttir, formaður félagsins.

Um miðja 20. öldina varð ostagerð iðnaður á Íslandi og þá tóku karlmenn við ostagerðinni þar sem konur höfðu áður unnið úr mjólkurvörum í sveitum landsins. Á síðustu tveimur áratugum varð síðan mikil bylting og gróska í ostagerð og neyslan hefur aukist úr 2-3 kg á íbúa í 15-16 kg. „Það er gríðarlegur áhugi fyrir osti á Íslandi og það verður spennandi að sjá hvaða ostar koma í ljós á næstu árum," segir Laufey. Ostagerð á búum dróst mikið saman með iðnvæðingunni en nú hefur verið mikið rætt um heimagerða osta á ný. „Félagið hefur óskað eftir stuðningi við bændur og áhugasama frumkvöðla til ostagerðar. Það er mikill áhugi fyrir ostagerð á bóndabæjum landsins þessa dagana og það verður spennandi að fylgjast með þessari þróun," segir Laufey. Félagið óskar eftir að komast í samband við fólk sem man eftir ostagerð á eigin heimili eða annarra og hefur nú þegar fengið þó nokkrar upplýsingar. „Íslenska matarmenningu er þó ekki bara að finna í fortíðinni. Íslenski osturinn er kannski enn ófundinn og verður því jafnvel að finna í framtíðinni," segir Laufey Steingrímsdóttir að lokum.

Næsti fyrirlestur félagsins fer fram þann 30. nóvember og ber hið skemmtilega heiti „Að éta skóna sína" og fjallar um ferðamennsku og mat.

Nánari upplýsingar: www.matarsetur.is-matarsetur 860-0606

rh@frettabladid.is

Laufey Steingrímsdóttir er formaður félagsins Matur – saga – menning.

Quiznos á Nýbýlavegi er rúmgóður og bjartur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýr Quiznos-staður

Quiznos-stöðum fer fjölgandi á höfuðborgarsvæðinu. Nýr staður hefur verið opnaður á Nýbýlavegi 32.

Aðstaða fyrir matargesti er góð í hinum nýja Quiznos á Nýbýlaveginum. Salurinn er bjartur og rúmgóður og 40 fermetra boltaland fyrir börnin gerir hann ákjósanlegan fyrir fjölskyldufólk. Maturinn er þó auðvitað það sem mestu máli skiptir og aðall Quiznos eru langlokur, súpur og aðrir léttir réttir.

Quiznos-keðjan skaut rótum hér á landi aldamótaárið 2000 er fyrsti staðurinn var opnaður á Suðurlandsbraut 32. Þar hefur nú sætum verið fjölgað úr 28 í 73 með sérsal á bak við þar sem flatskjár er fyrir gesti. Líka er hægt að leigja salinn fyrir fundi og kynningar. Í Lækjargötu er Quiznos vinsæll viðkomustaður skólafólks og annarra ungmenna. Hann er opinn á nóttunni um helgar.

Eigendur Quiznos eru hjónin Hjörtur Aðalsteinsson og Auður Jacobsen.

Bragðefnin eru í handhægum umbúðum.

Hátíðabragð

Í versluninni Af hjartans list í Brautarholti 22 fást bragðefni út í glögg og aðra heita drykki.

Á aðventunni er notalegt að gæða sér á heitum og krydduðum drykkjum. Bragðefni af ýmsum tegundum í slíka drykki fást í Af hjartans list. Þau eru í fljótandi formi og fást í kvartlítra fernum. Vörumerkið er Aspen Mulling Spices.

Sum bragðefnin eru best út í heitan eplasafa eða annan djús en öðrum hentar betur heitt vatn. Bragðefnin eru líka góð út í kökur í stað bökunardropa, þar á meðal í pönnukökur.

allt tilboð o.fl.

50% Fjarðarkaup og Krónan deila með sér heiðrinum af hæsta afslættinum þessa viku. Fjarðarkaup selur Pepsi max 4x2 l á 392 sem áður kostaði 756 krónur og Krónan Myllu samlokubrauð úr heilhveiti á 95 krónur en þau kostuðu áður 190 kr.

Þín verslun

Tilboðin gilda til 6. desember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
BK bayonneskinka	1.145	1.432	1.145	20
BK dönsk grísabógsteik	779	973	779	20
BK pepperonibitar	209	264	209	20
SS Londonlamb lt.	1.358	1.698	1.358	20
Gevalia rauður 500 g	379	419	758	10
Champion rúsínudós 500 g	149	239	298	40
Wesson grænmetisolía 1,42 l	319	454	225	30
Wesson Canola olía 1,42 l	319	454	225	30
Chicago Town Wrap Chili Beef 302 g	399	659	1.321	40
Chicago Town Wrap Fajita Chicken 298 g	399	659	1.339	40
Tilda Rizazz Pure Bsmati Rice 250 g	239	319	956	25
Tilda Rizazz pilau 250 g	239	319	956	25
Tild Rizazz Egg Fried Rice 250 g	239	319	956	25
Beauvais rauðkál 580 g	119	129	205	10
Beauvais rauðrófur 570 g	119	129	209	10

BÓNUS

Tilboðin gilda til 3. desember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Reyktur lax, bitar og flök	1.199	1.599	1.199	25
Grafinn lax, bitar og flök	1.199	1.599	1.599	25
SS úrbeinað hangilæri	1.819	2.598	1.819	30
SS úrbeinaður hangiframpartur	1.329	1.898	1.329	30
Egils gull léttbjór 500 ml	49	89	98	45
Pepsi max í dós 500 ml	49	79	98	40
Danskar tartalettur 10 stk.	98	139	10	30
Bónus síld 600 g	259	Nýtt	432	
Nicky jóla wc pappír 6 stk	259	Nýtt	43	
Nicky jóla eldhúsrúlla xl	149	Nýtt	149	

FJARÐARKAUP
ekki bara verð!

Tilboðin gilda til 2. desember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Nautahakk frá Kjöthúsinu	998	1.248	998	20
Hamborgarar 4x80 g+brauð	398	498	100	20
FK Bayonneskinka	1.098	1.598	1.098	30
Léttreyktur lambahrygur	1.298	1.854	1.298	30
London lamb	989	1.599	989	40
Grillaður kjúklingur	598	789	598	25
Klementínur 2,3kg	348	398	151	15
Pepsi max 4x2 l	392	756	98	50
Wagner stoneowen pitsur 350 g	298	428	851	30
Lindu konfekt 1 kg	998	1.498	998	35

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Tilboðin gilda til 3. desember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lambalæri af nýslátruðu	1.142	1.758	1.142	35
Lambahryggur af nýslátruðu	1.195	1.838	1.195	35
Kalkúnn frosinn	589	905	589	35
Ferskur kjúklingur heill	484	745	484	35
Óðals hamborgarhryggur	1.188	1.698	1.188	30
Kjörís konfekt ísterta 12 manna	979	1.399	979	30
Kjörís jólaís 2 l	552	789	552	30
Emmess jólaís 1.5 l	399	589	399	30
Brún egg 6 stk.	298	338	298	10
Emmess ísblóm cappuc&tíramísu 2 teg.	389	299	299	30

KRÓNAN

Tilboðin gilda til 3. desember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Grillborgarar með brauði	299	498	299	40
Bautabúrs bayonneskinka	599	998	599	40
Freschetta Napoli pitsur 3 gerðir	289	349	289	15
FS ýsuflök frosin	542	678	542	20
Myllu samlokubrauð heilhv. 770 g	95	190	123	50
Wanted tortilla	236	295	236	20
Wanted Salsa mild 250 g	159	199	636	20
Wanted Mexican Seasoning 30 g	103	129	103	20
Wanted Guacamole Seasoning 30 g	111	139	111	20
Krónu súkkulaðibitakökur	369	399	369	10

netto

Tilboðin gilda til 3. desember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Ungnautahamborgarar 120 g	139	198	139	30
Kjötfarsbollur í brúnni	699	899	699	20
Ungnatahakk	899	1.398	899	35
Naggalínan sænskar kjötbollur 450 g	426	609	947	30
Naggalínan grísasnitsel 300 g	310	443	1.033	30
Naggalínan lambasneiðar 400 g	430	614	1.075	30
BD Egg Noodles 250 g	157	209	628	25
BD Núðlur Chicken 85 g	56	75	658	25
Ora tómatsósa 680 g	129	169	190	25
Hornbech rifsberjahlaup 340 g	149	179	438	15

Handunnar glervörur á góðu verði

Útsala verður á útlitsgölluðum glervörum í Bergvík á Kjalarnesi á laugardag og sunnudag.

Svokölluð jólahelgi verður á laugardag og sunnudag í glerverkstæðinu í Bergvík á Kjalarnesi. Þar verður útsala á útlitsgölluðum glervörum og afsláttur af öðru gleri. Auk þess munu gestablásararnir Jette Bøge Sørensen og Camilla Mikkelsen frá Danmörku ásamt Sigrúnu og Ólöfu Einarsdætrum sýna glerblástur á verkstæðinu. Kaffi og piparkökur verða á borðum og félagar úr Vinabandinu leika þar á munnhörpu og gítar á laugardagsmorgun.

Verkstæðið er á milli Klébergsskóla og Grundarhverfis og það verður opið laugardag og sunnudag frá 10 til 15.

Sigrún í Bergvík býður heim um helgina og heldur útsölu.

Afmælistilboð

Í tilefni af tíu ára afmæli ÉG C Gleraugnaverslunar er afsláttur veittur af umgjörðum og sólgleraugum.

Nú er 50 % afsláttur af öllum Hugo Boss umgjörðum og sólgleraugum í verslunum ÉG C að Hamraborg 10 og Smáratorgi 1 í Kópavogi. Einnig er 50 % afsláttur af öllum barna- og unglingaumgjörðum. Sjónmælingar í boði fyrir þá sem vilja. Hægt er að afla sér nánari upplýsinga með því að hringja í 554-3200 fyrir verslunina í Hamraborg og 564-3200 fyrir Smáratorg.

Tilboð er í verslunum ÉG C í tilefni af tíu ára afmæli. MYND/HUGO BOSS

SNYRTIVÖRUVERSLUNIN GLÆSIBÆ
Sími: 568 5170

Temprakon hitajöfnunarsængin

Nú á jóla-tilboði

TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.

TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.

Jólagjöfin í ár

Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

jólin koma

1. desember er í dag og nú má fara að opna jóladagatalið. Þeir sem eiga súkkulaðidagatal verða bara að muna að bursta tennurnar.

4th floor hotel

4thfloorhotel

Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is

Vetrartilboð

1. nóvember - 1. maí

1 manns herbergi	kr. 5.900
2ja manna herbergi	kr. 7.900
Hópar 10+	kr. 5.000 á mann
Helgarferð	kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi

4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is

Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

Það er fallegt í heimkynnum jólasveinanna í Dimmuborgum.

Töfraland í Mývatnssveit

Í Mývatnssveit er mikið um að vera fyrir jólin en þar búa íslensku jólasveinarnir í Dimmuborgum. Á aðventunni eru þeir með ýmsar uppákomur og skemmta sjálfum sér og öðrum.

Þjónustuaðilar í Mývatnssveit og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga standa sameiginlega að dagskrá fyrir jólin undir yfirskriftinni Velkomin í Mývatnssveit, töfraland jólanna. „Þetta er annað árið í röð sem við bjóðum upp á þessa dagskrá," segir Jóna Matthíasdóttir hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. „Í fyrra vorum við með mjög svipaða dagskrá sem gekk afar vel. Við leggjum fyrst og fremst áherslu á gömlu íslensku jólasveinana og á aðventunni eru þeir allir þrettán á ferðinni í sérstökum ullarfatnaði sem var hannaður fyrir þá," segir hún.

Frá og með deginum í dag er hægt að heimsækja jólasveinana daglega frá eitt til þrjú í Dimmuborgir. „Um síðustu helgi buðu jólasveinarnir gestum heim í Dimmuborgir og vel á annað hundrað manns mættu, bæði þangað og í kaffisamsæti á eftir sem ferðaþjónustuaðilar buðu til. Á morgun verður svo hið árlega jólabað jólasveinanna í Jarðböðunum klukkan fimm og þeir klæðast náttúrulega sérstökum baðfatnaði þegar þeir fara í jólabaðið. Öllum er velkomið að koma og fylgjast með og við hvetjum gesti til þess að fara í Jarðböðin með þeim. Þetta er dálítið mikill viðburður því að þeir fara náttúrulega bara í bað einu sinni á ári og er ekki öllum vel við það. Það er því óhætt að búast við lífi og fjöri í kringum það," segir Jóna.

Kertasníkir og Kjötkrókur búa í Dimmuborgum með bræðrum sínum og taka þar á móti gestum alla daga.
MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

Nóg er að gera hjá jólasveinunum í desember því þeir fara á litlu jólin í mörgum skólum á svæðinu. „Við eigum svo von á því að öll leikskólabörn í Þingeyjarsýslu komi að heimsækja þá miðvikudaginn 13. desember því Verkalýðsfélagið á Húsavík býður til rútuferða hingað fyrir þau."

Pósthús jólasveinanna er líka í Mývatnssveit. „Allur póstur sem berst til jólasveinanna á Íslandi er sendur í hingað og þeir sjá um að svara honum. Í fyrra bárust þeim hátt í þúsund bréf," segir Jóna.

Margt fleira er í boði fyrir þá sem heimsækja Mývatnssveit á aðventunni. „Jarðböðin eru opin frá tólf á hádegi til tíu á kvöldin alla daga vikunnar og frá fimmtudegi til sunnudags er lengri opnunartími hjá ferðaþjónustuaðilum. Handverkskonur hafa handverkshúsið opið og Vogafjós er með kaffisöluna opna þessa daga frá tvö til átta á kvöldin. Sunnudaginn 3. desember verður kveikt á jólatrénu við grunnskólann klukkan hálf fjögur og öllum er boðið í kakó og piparkökur á eftir. Laugardagana 9. og 16. desember veita handverkskonur tilsögn í laufabrauðsgerð á hótel Reykjahlíð frá klukkan tvö til fimm. Svo má ekki gleyma jólahlaðborðunum sem eru um hverja helgi á Selhóteli og á sunnudögum er sérstakt jólahlaðborð fyrir börn. Þá koma jólasveinarnir líka og færa börnunum glaðning og dansa með þeim í kringum jólatréð." *emilia@frettabladid.is*

Jarðböðin hafa verið vinsæl og væntanlega verður mikið fjör á morgun þegar jólasveinarnir fara í jólabaðið sitt.

Jóna Matthíasdóttir hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga segir marga hafa heimsótt töfralandið fyrir jólin í fyrra.

Mikil læti voru þegar jólasveinarnir böðuðu sig í fyrra.

HÖNNUNARHÚSID 2004/11

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Bandalag íslenskra skáta

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Snemma að sofa

Ágætt getur verið að æfa sig í því að fara snemma að sofa.

BÖRN SEM VAKA FRAM Á NÓTT FÁ EKKI Í SKÓINN.

Jólasveinarnir fara fljótlega að koma til byggða og gefa þeir þá öllum þægum börnum eitthvað skemmtilegt í skóinn. Mikilvægt er samt að börnin séu sofandi þegar jólasveinarnir koma því annars fara þeir bara fram hjá gluggunum.
Börn sem ekki eru vön því að fara mjög snemma að sofa geta verið einhvern tíma að venjast því. Foreldrar geta því bent þeim á það að ágætt getur verið að æfa sig aðeins áður en jólasveinarnir koma. Best er að byrja bara strax á æfingunum því ekki er langur tími til stefnu og því ættu öll börn sem ætla að fá í skóinn fyrir jólin að fara snemma að sofa í kvöld.

Jólaskrautið }

Jólaóróinn 2006

GEORG JENSEN ÓRÓARNIR PRÝÐA MÖRG ÍSLENSK HEIMILI.

Jólaóróar frá Georg Jensen koma um hver jól í nýrri útfærslu. Óróinn í ár er sá tuttugasti og þriðji í röðinni og í ár er það karlsvagninn sem vísar veginn til jólanna. Þeir eru alltaf með sama sniði, fínlegir, gylltir og með ákveðnu þema. Árlega koma tveir litlir óróar og einn stór og það er ekkert mál að byrja að safna núna því hægt er að kaupa gömlu óróana í Kúnígúnd. Óróarnir sjálfir eru tímalausir en borðinn sem þeir hanga í eru merktir ártalinu þegar óróinn kom út.
Jólaóróarnir frá Georg Jensen fást í Kúnígúnd og Epal.

Á jóladöfinni }

Jólatónleikar í Neskirkju í dag.

1. DESEMBER

RINASCENTE-HÓPURINN HELDUR TÓNLEIKA Í HINU NÝJA SAFNAÐARHEIMILI NESKIRKJU VIÐ HAGATORG.

Hópinn skipa að þessu sinni þau Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona, Hrólfur Sæmundsson barítón og Steingrímur Þórhallsson, organisti og listrænn stjórnandi hópsins.

Á efnisskránni að þessu sinni eru verk eftir Feneyjatónskáldin Gabrieli og Girolamo Frescobaldi, sem uppi voru á 16. og 17. öld.

Tónlistarmennirnir þrír sem koma fram á tónleikunum eiga það allir sameiginlegt að hafa vakið athygli fyrir túlkun sína á endurreisnar- og barokktónlist.

Að venju hafa þau unnið öll verkin beint upp úr frumhandritum, en þá er hægt að túlka hana ómengað og millilíðalaust. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni „Tónað inn í aðventu" og hefjast kl.20.

Í TÍ Salnum í Kópavogi verður efnt til árlegra „portrett" tónleika eins og venjan er fyrsta dag desembermánaðar. Tónleikarnir hafa verið helgaðir íslenskum tónskáldum og verkum þeirra og nú er röðin komin að Árna Björnssyni. Á efnisskránni eru einsöngslög, kórlög og rómönsur fyrir fiðlu og flytjendur eru Sigrún Eðvaldsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson, Jónas Ingimundarson og Kammerkór Hafnarfjarðar. Tónleikarnir hefjast kl. 20.

jólakort }

Geðhjálp

VATNSLITAMYND PRÝÐIR JÓLAKORT GEÐHJÁLPAR

Myndin á jólakorti Geðhjálpar í ár er vatnslitamynd eftir Kristin Jóhannesson sem hefur frá upphafi verið nemandi í samstarfsverkefni Geðhjálpar og Fjölmenntar um menntun og starfsendurhæfingu fólks með geðraskanir.

Kortin eru af stærðinni 12,5 x 17cm og eru í boði bæði með og án texta.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Geðhjálpar, Túngötu 7, 101 Reykjavík í síma 570 1700, virka daga kl. 09.00 - 16.00. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir/pantanir á netfangið gedhjalp@gedhjalp.is.

VÍSINDAHEIMURINN

Frábærar bækur fyrir fróðleiksfúsa krakka

Fjórar fyrstu bækurnar í tíu bóka flokki um náttúruvísindi. Stórkostlegur bókaflokkur um náttúruvísindi fyrir börn og unglinga. Nýjasta þekking og frábært myndefni gera þekkingarleitina að leik og lesturinn að nautn. Bækurnar eru sniðnar að þörfum barna á aldrinum 10-14 ára enda þótt allir geti sótt sér mikinn fróðleik í þessar glæsilegu bækur.



Spiderwick-sögurnar – allar komnar út

Búálfar, svartálfar, tröll og huldufólk koma við sögu í þessu æsispennandi ævintýri.

Fyrstu tvær bækurnar komu út í fyrra en nú eru þær allar komnar út.

Æsispennandi og gullfallegar ævintýrabækur handa krökkum á aldrinum 8-14 ára í snilldarþýðingu Böðvars Guðmundssonar.

Nú er verið að gera kvikmynd upp úr bókunum og verður hún frumsýnd seint á næsta ári.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 –101 Reykjavík
skrudda@skrudda.is

Heitt kakó er alveg tilvalið eftir búðaráp á Laugaveginum. Á flestum kaffihúsum má fá ljómandi gott kakó með rjóma.

Góðar gjafir

Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • Iðu, Lækjargötu 2A.
s. 552 1890 • www.handknit.is

Jólakjólar

Glæsilegt úrval af jólakjólum

stuttir og síðir

FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

Guðný hefur rekið Mokka í 48 ár eða frá því að kaffihúsið var opnað.

Brautryðjendur í sögu íslenskrar kaffihúsamenningar

Guðný Guðjónsdóttir hefur rekið kaffihúsið Mokka á Skólavörðustíg 3a í tæp fimmtíu ár.

Guðný stofnaði Mokka ásamt eiginmanni sínum heitnum, Guðmundi Baldvinssyni, fyrir fjörtíu og átta árum, en kaffihús sem hefur verið jafn lengi í eigu sömu aðila er sjálfsagt vandfundið hérlendis.

„Þegar Mokka var stofnað var eingöngu boðið upp á uppáhellt kaffi á reykvískum kaffihúsum, það þekktist ekki að kaffið væri afgreitt beint úr vélinni eins og gert var á Mokka," segir Guðný. „Þannig kynnti Guðmundur ítalska kaffimenningu fyrir Íslendingum, sem hann drakk sjálfur í sig á meðan hann var í óperusöngnámi á Ítalíu."

Guðmundur ætlaði upphaflega að leggja sönginn fyrir sig að sögn Guðnýjar og reksturinn átti að verða aukabúgrein. „Það var hins vegar minna að gera í söngnum en hann ráðgerði svo dæmið snerist við," segir hún. „Þær frábæru viðtökur sem Mokka hlaut gerði útslagið og féll útlit staðarins sérlega vel í kramið hjá landsmönnum."

Guðný segir að fyrir þær sakir hafi þau hjónin reynt að breyta sem minnst útlitinu frá opnun Mokka. „Okkur þótti óþarfi að breyta breytingana vegna. Enda hefur hönnunin, sem byggist að miklu leyti á hugmyndum sem Guðmundur hafði fengið á Ítalíu og dregur dám af þarlendum kaffihúsum, staðist ágætlega tímans tönn."

Vegna þess hversu lítið Mokka hefur breyst í áranna rás þótti mörgum það skjóta skökku við þegar reykingabann var sett á staðnum og það nokkrum mánuðum áður en lög um almennt bann við reykingum á íslenskum veitingastöðum tók gildi.

„Við ákváðum bara að flýta fyrir banninu þegar skipt var um teppi," útskýrir Guðný sposk og bætir við að þau hjónin hafi reyndar óttast að ákvörðunin yrði til þess að fækkaði í kúnnahópnum, sérstaklega fastakúnnunum sem hafa sótt kaffihúsið frá opnun þess.

„Því miður sáum við á eftir nokkrum viðskiptavinum í kjölfar bannsins, en fæstir setja það þó fyrir sig að bregða sér út til að fá sér sígarettu eins og annars staðar," segir Guðný. „Það hefði þá ekki verið í fyrsta sinn sem við hefðum séð fram á erfiða tíma, eins og með tilkomu sjónvarpsins sem gerði út af við mörg kaffihús á sínum tíma. Vegna þeirrar vinnu sem við höfum alltaf lagt á okkur hefðum við þó líkast til siglt í gegnum þann ólgusjó eins og annan án þess að bíða skipbrot."

roald@frettabladid.is

Mokka hefur verið rekið í sama húsnæði við Skólavörðustíg í 48 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Andrúmsloftið er alltaf hlýlegt á Mokka.

Mokka er þekkt fyrir ljúfengt kaffi, heitt súkkulaði og vöfflur með rjóma.

Guðmundur og Guðný voru þau fyrstu hér á landi, sem buðu upp á kaffi beint úr vélinni.

Útlit staðarins hefur haldist nánast óbreytt frá upphafi, enda hönnunin hugsuð niður í smáatriði. Allt er valið af einstakri kostgæfni, bollar, diskar og hnífapör og fleira.

Úrval af SagaMink pelsum skinnúlpum og mokkakápum

Boutique Bella

Sparipeysur

Peysur, bolir og toppar við öll tækifæri, mikið úrval!

Diza

Laugavegur 44 • S: 561-4000 • www.diza.is

SIRKUSÚTTEKT - Fallegasta fólkið á Myspace [4]

SIRKUS
1. DESEMBER 2006

TOP 10 LISTI FLOTTASTA HÁRIÐ Í HOLLYWOOD [12]

Til hamingju með afmælið Magni



UPPGJÖR DR. MISTER OG MISTER HANDSOME

Ívar tók alla peningana

HRESSU BYLGJUGAURARNIR

Brandarakeppni hjá rauðnefjum

FROSTI MEÐ NÝJA KÆRUSTU

Krækti sér í klippara

SHARP
Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORUSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!

SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

LOEWE.
MARG VERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI

Sungið með stærstu stjörnunum

Fyrir þá sem ekki eru búnir að átta sig á því þá á hann Magni okkar afmæli í dag. Strákurinn er 28 ára og alveg nauðaskölloóttur. Við á Sirkus ákváðum að gleðja strákinn með óvæntri afmælisveislu í gær. Buðum honum og öllum frægu Rockstar-vinum hans í afmælisveislu á Hotel Nordica.

Rockstargengið var í miklu stuði þó að veislan hafi verið haldin snemma um morgun. Toby, Josh, Dilana og Storm eru alvöru rokkstjörnur. Gleymdi reyndar að láta taka mynd af mér með þeim. Ætlaði að setja hana í jólakortið. Það verður að hafa það. Samt gaman að hitta þessar stjörnur.

Það ætlaði allt um koll að keyra þegar við byrjuðum á kökunni. Lá við að krakkarnir færu í matarslag. Náðum þó að róa þau niður. Öll voru þau þó í góðu skapi og hlökkuðu greinilega mikið til að spila fyrir íslensku áhorfendurna. Alltaf gaman að fara yfir þessa helstu hluti með útlendingum. Skyrið, brennivínið og íslensku stelpurnar.

Gaman líka að þau voru ekki með neina stjörnustæla. Ætluðu þó í nudd seinna um daginn. Dilana var virkilega hrifin af skyrinu og ætlaði að fá Mjólkursamsöluna til þess að sponsora sig. „Ég elska skyr“ sagði hún um leið og Valli ljósmyndari smellti af henni mynd með fullan munn af bláberjaskyri.

Þe point æm meikin er að Rockstarstjörnurnar voru alveg fáránlega nettar. Ég skemmti mér allavega vel í afmælisveislunni. Gaman líka að syngja afmælissönginn með alvöru söngvurum. Ég held að hinir hafi líka skemmt sér ágætlega. Ef ekki. Þá geta þau bara hoppað upp í rassgatið á sér.

Breki Logason

Dr. Mister og Mr. Handsome
Komnir í pásu eftir viðburðaríkt sumar.

UPPGJÖR DR. MISTER OG MR. HANDSOME

Ívar tók alla peningana

Fréttir af skyndilegum endalokum hljómsveitarinnar Dr. Mister og Mr. Handsome hafa vakið upp margar spurningar. Eitt er þó víst að hljómsveitin er hætt.
Samkvæmt heimildum Sirkuss var það ekki tónlistarlegur ágreiningur sem batt enda á samstarf strákanna, heldur var það svo að hljómsveitin átti að koma fram á tveimur tónleikum Basshunter á vegum Flass 104,5 fyrr í mánuðinum. Forsvarsmenn tónleikana segja að skilyrðið fyrir því að sveitin kæmi fram bæði þessi kvöld hefði verið að þeir yrðu edrú á sviðinu. Þeir spiluðu hins vegar bara fyrra kvöldið þar sem Ívar „var úti á túni liggjandi blindfullur á sviðinu“ eins og einn Flassari orðaði það. Þeir fengu því ekki að koma fram seinna kvöldið.
Hinn áðurnefndi Ívar fékk síðan einungis greiddan hluta upphæðarinnar sem um var samið, þar sem hljómsveitin stóð ekki við sinn hluta samningsins. Einn tónleikahaldara staðfesti í samtali við Sirkus að Ívar hefði fengið þetta greitt. Upphæðin væri trúnaðarmál en um talsverða peninga hefði verið að ræða. Hann hefði síðan reynt að rukka meira en án árangurs.
Það sem gerist næst er að hinir meðlimir hljómsveitarinnar verða ósáttir við Flass yfir að hafa ekki fengið greitt fyrir tónleikana en er tjáð að Ívar hafi fengið þá peninga sem í boði voru. Þegar strákarnir gengu svo á Ívar var hann búinn að eyða öllum peningunum. Það sættu menn sig ekki við. Og ævintýrinu um Dr. Mister og Mr. Handsome lauk.



Ívar Kolbeinsson
Er kominn upp í sveit til þess að safna kröftum.

6 HLUTIR SEM BENDA TIL ÞESS...

... að þú þurfir að taka þig taki

1. Þú hefur ekki sofið hjá í hálft ár.

2. Biggi í Maus er uppáhalds tónlistarmaðurinn þinn.



3. Kærastan þín svaf hjá Basshunter fyrr í mánuðinum.

4. Þú heldur að það sé töff að vera með bumbu.

5. Randver í Spaugstofunni er uppáhalds leikarinn þinn.

6. Þér finnst Jónína Ben ein kynþokkafyllsta kona landsins.



FROSTI Í MÍNUS

Kræktí sér í klippara

Frosti Logason, útvarpsmaður og gítarleikari Mínus, er kominn með kærustu. Það er hún Þórunn Ýr Jóhannesdóttir betur þekkt sem Tóta á Hárhönnun. Hún rekur einmitt hársnyrtistofuna 101 Hárhönnun á Skólavörðustígnum. Frosti og Tóta hafa sést nokkuð saman upp á síðkastið og hafa verið að hittast í nokkurn tíma. Kunnugir segja hins vegar að sambandið sé læst núna. Frosti hefur lengi þótt einn myndarlegasti fýr bæjarins og hefur verið kenndur við stúlkur eins og Ágústu Evu og Unni Birnu Vilhjálmsdóttur.

SIRKUS
Útgáfufélag 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórar** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is og Breki Logason, breki@minnsirkus.is **Ritstjórn** Dröfn Ösp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is, Sigríður Dögg Arnardóttir, siggadogg@minnsirkus.is og Sölvi Snær Magnússon, solvi@minnsirkus.is **Sirkusstjóri** Árni Þór Vigfússon **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Auglýsingar** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • Mynd: Gunnar Karlsson

Það vilja allar mömmur kyssa jólasveininn okkar!

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

PEPSI MAX

Ég var að heyra...

Að Bónus á Ísafirði hefði glatt margan bæjarbúann um síðustu helgi. Þar urðu mistök með Pilsnerinn og var sett heilt bretti inn í búð af Pilsner – alvöru bjór. Hann var síðan seldur á Pilsnerverði í búðinni en fljótlega komst þetta þó upp og bjórinn var fjarlægður / Að tvær kanínur væru að gera allt vitlaust í íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði / Að næstum sé uppselt á Flexkvöldið á Nasa í kvöld. Þar kemur **Desyn Masiello** fram og eru flestir hvattir til að næla sér í miða í verslun 12 Tóna / Að fegurðar-

drottningin **Hugrún Harðardóttir** sé hætt að vinna á Salon Veh og hefur nú hafið störf hjá tískulöggunni **Svavari Erni** / Að Rockstar-

drottningin **Storm** hafi aðlagast aðstæðum á Íslandi frekar illa eftir að hún lenti. Stelpan fékk hita í gær og var nokkuð slöpp en harkaði þetta af sér og stóð sig eins og hetja á tónleikunum í gær / Að **Björgólfur Guðmundsson** hafi sést með sinni hægri hönd, **Ásgeiri Friðgeirssyni**, á Laugaveginum í vikunni. Virtust þeir vera að skoða hús sem á að rífa og velta fyrir sér hvað hægt sé að gera í verslunargötunni / Að stuðningsmenn West Ham hafi líkt **Eggerti Magnússyni** við klókan stjórnmálamann eftir að hann gekk inn á leikvanginn með barnabarn sitt á handleggnum. Þeir eru einnig mjög ánægðir með bindishnút Eggerts /

Fallegasta fólkið Á MYSPACE

„Það er allt á þessu interneti.“ Er frasi sem gjarnan heyrist í samræðum fólks. Engum hefur heldur tekist að klára Internetið. Þar hrannast upp upplýsingar á hverri einustu sekúndu. Í dag er heldur enginn maður með mönnum nema hann sé á myspace. Þar er hægt að setja inn myndir af sér, uppáhaldslögin sín og segja veröldinni frá sjálfum sér. Íslendingar eiga örugglega heimsmet í þessu eins og öðru. Sirkus tók púlsinn á íslensku myspace-síðunum og setti saman lista með fallegasta fólkinu á myspace. Sammála?

Sex flottustu strákarnir

1. Baldur

Baldur Kristjánsson er 23 ára einhleypur ljósmyndari. Hann vinnur hjá Magg ljósmyndastofunni. Hann var einu sinni skiptinemi í Bandaríkjunum (2000-2001) og á akkúrat 300 myspace vini. Hann er með gallerísíðu á netinu sem heitir april.is. myspace.com/baldurkristjans

2. Siggi

Sigurður Oddson er 21 árs. Hann er listhneigður og er í hljómsveitum. Kærastan hans vinnur á Veggfóðri og heitir Silly á Myspace. Sigurður vinnur í fatabúð og er fiskur. myspace.com/yelloweyedneonlegendofthe

3. Blængur

Blængur vinnur í G-Star fatabúðinni. Hann hefur áhuga á ljósmyndun, snjóbrettum og tónlist. Uppáhaldsbókin hans er Veröld Soffíu. Hann er einhleypur. Myspacelagið hans er Desire með GusGus. myspace.com/bls81

4. AC Bananas

Elli er 25 ára Vesturbæingur. Hann kann að tattúera fólk. Hann hannar líka föt ásamt því að búa til tónlist í hljómveitinni Steed Lord. Hann á kærustu sem heitir Saga og er ljósmyndari. Elli er með demant tattúeraðan á hálsinn á sér. myspace.com/acbananas

5. Danson

Danson er 25 ára tölvuteiknari sem vinnur fyrir Latabæ. Hann er líka einkaþjálfari og hefur tekið þátt í fjórum fitness-keppnum. Danson var valinn besti boxari Íslands árið 2004 og er einhleypur. myspace.com/23453176

6. Gunnlaugur

Hann er Garðarsson en virðist oftast kallaður Gulli Garðars. Hann er 22 ára, íþróttamannslega vaxinn og heldur að Baggalútur sé fyndnasti náungi á Íslandi. Til merkis um hversu heitur Gulli er fylgir hér með comment af síðunni hans. „Takk fyrir addið flotti strákur..... Kv Nína Björk.“ Hann æfir einnig fótbolta og spilar á gítar. Hann er á lausu og hetjan hans í lífinu er Peter Crouch. myspace.com/gulligardars

Sex flottustu stelpurnar



1. María

María Builien er sautján ára. Hún er í skóla og vinnur líka á skrifstofu. Hún á kærasta en hann er ekki á Myspace. Hún hefur áhuga, á dansi ferðalögum og tísku. María 189 Myspace vini. myspace.com/mbuilien



2. Margrét Gauja

Margrét Gauja Magnúsdóttir er 30 ára tveggja barna móðir og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði. Maðurinn hennar er smiður og módel. Hún á hund. Pabbi hennar er Maggi Kjartans og þau sungu lagið Sólarsamba í forkeppni Eurovision-keppninnar árið 1986. myspace.com/mgauja

3. Rakel

Rakel McMahon var einu sinni Ungfrú Ísland.is. Hún er núna í Listaháskólanum og er ennþá mjög sæt. Rakel er aðdáandi Harry Potter bókanna og er vinkona Siggu Daggar sem skrifar pistlana á baksíðu Sirkus. Hún er einhleyp. myspace.com/rakelmc

4. Eva Dögg

Eva er stundum kölluð Gögga. Hún er 22 ára og stundar nám í fatahönnun í Herning í Danmörku. Hún er einhleyp og horfir ekki á sjónvarp. Finnst það tímasóun. Bloggið hennar er gogga.bloggar.is myspace.com/teknokisa

5. Rebekka

Rebekka öðlaðist vinsældir fyrir ljósmyndirnar sínar á Flickr-síðunni. Hún tekur mikið af sjálfsmyndum. Rebekka er 28 ára og hefur verið aðdáandi Stephens King síðan hún var lítil. Hún er líka aðdáandi ljósmyndarans Dave LaChapelle og langar til að ræða við hann um fagið. Kærastinn hennar heitir Fróði. myspace.com/rebekka78

6. Ragnheiður

Ragnheiður Theódórsdóttir er í Versló. Hún var einu sinni í körfubolta. En ekki lengur. Hún er 18 ára, einhleyp og segist ekki langa í börn. Ragnheiður er kölluð Ragga og hefur allnokkrum sinnum unnið sem fyrirsæta. Myspace.com/raggat

AMERÍSK HÁGÆÐARÚM
Rúm með sérhönnuðum lofthólfum og 100 stillingum. Þannig er hægt að aðlaga stífleika dýnunnar hvorum megin þú ert í rúminu .

LÚR BETRI HVÍLD

ATH. VIÐ HÖFUM EINNIG OPIÐ Á SUNNUDÖGUM
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS
OPNUNARTÍMI:
MÁN - FÖS 10:00 - 18:00
LAU 11:00 - 16:00 • SUN 13:00 - 16:00

RÚM OG HVÍLD FYRIR ALLA
• Vönduð rúm með rafstýringu
• Hvíldarsófar/hvíldarstólar
• Hágæða nuddstólar
• Svefnsófar (með heilsudýnu)
• Svefnherbergishúsgögn
• Heilsukoddar o.fl.
Comfortaire



MINNKAÐU HRAÐANN!

ÞAÐ BORGAR SIG

Í dag, 1. desember, tekur gildi breyting á reglugerð um sektir og viðurlög við umferðarlagabrotum. Helsta breytingin er að sektir vegna einstakra umferðarlagabrota hækka umtalsvert, eða um allt að 60%.

Vikmörk varðandi hámarkshraða hafa einnig verið lækkuð. Áður voru þau miðuð við 10 km/klst. yfir hámarkshraða án þess að fá sekt en með nýju reglugerðinni hafa mörkin verði lækkuð niður í 5 km/klst.

Kynntu þér málið á www.us.is

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ VEGAGERÐIN RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN UMFERÐARSTOFA

SIRKUS Á DJAMMINU

Sirkus er alltaf á ferðinni með myndavélina á lofti. Um síðustu helgi komum við við á tónleikum Sprengjuhallarinnar í hipsterabúðinni Liborius. Tjekkuðum á veislu sem tvíburarnir Arnar og Bjarki, hefðarmennirnir Kormákur og Skjöldur og viðskiptafélagi þeirra Rósant Birgisson héldu í tilefni af opnun Domo í Þingholtsstræti. Að því loknu tókum við tryllt ball á Nasa með strákunum í Skímó.

Sætur Tómas Guðmundsson, Herra Íslandskeppandi, ásamt vinkonu sinni Katrínu Sigurðardóttur.

Kíkt á keppninautinn Ófeigur Friðriksson, eigandi Glaumbars og Hverfisbarsins, kíkti á nýja staðinn ásamt Lilju Ingvarsdóttur og kærustu sinni Mariam Vahabzadeh.

Glæsilegar Þær Ragnhildur og Kristín Helga Gunnarsdætur, Dýrleif Örlygs og Anna Þrúður kíktu í opnunarpartíið

Vinkonur Helga María Albertsdóttir og Lára Ósk Hjörleifsdóttir skemmtu sér vel.

Fallegir Nýkrýndur Herra Ísland, Kristinn Darri Röðulsson, mætti ásamt vini sínum Símoni Ólafssyni sem sigraði í netkosningunni um Herra Ísland.

Barþjónar Rabio La Marza frá Ítalíu, Níels Guðjónsson og Tomislav Magdic frá Króatíu eru allir barþjónar á Ölstofunni.

Tískujöfrar Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir stílisti, Jón Sæmundur eigandi Liborius og Rakel Gunnars.

Parti! Svanhildur Lilja Svansdóttir, Rakel Leifsdóttir og Birna.

Bestu vinir Ari Tómasson, hjá Straumi-Burðarási og stofnandi tónlistarvefritsins Rjómans, ásamt besta vini sínum, ungpólitíkusinum og varaborgarfulltrúanum Bolla Thoroddsen.

Fjör Sigrún Björk Sigurðardóttir, Alma Rún Ómarsdóttir og Inga Hrönn Pétursdóttir.

Kærusturnar Erna, kærasta Georgs bassaleikara, og Borghildur Gunnarsdóttir, fyrrverandi blaðamaður á Fréttablaðinu og kærasta Snorra Helgasonar Pé gítarleikara, fylgjast grannt með sínum mönnum. Með þeim eru Katla og Tinna Ásgeirsdætur.

Lindu suðusúkkulaði

Súkkulaðisamleikur sælkerans

Lindu suðusúkkulaði - ómótstæðilega gott!

Linda

PIPAR • SÍA • 60484

Sirkus hélt Magna afmælisveislu og bauð öllum rokkaravinum hans frá útlöndum

Stjörnurnar rokka á afmælisdegi Magna

Sirkus ákvað að koma Magna okkar á óvart í tilefni af 28 ára afmæli hans. Við boðuðum hann í viðtal á Nordica hótel og sögðum honum að taka alla sína frægu rokkaravini sína. Jói Fel var þá búinn að baka glæsilega afmælistertu og búið var að skreyta eins og gert er í alvöru afmælisveislum. Hann var glaður. En þó aðallega stressaður. Tvennir tónleikar voru á dagskránni næstu tvo daga. Rockstar-vinirnir voru þó ögn rólegri.

„Ég lenti bara fyrir tveimur tímum og er alveg uppgefinn," sagði Toby sem mætti fyrstur ásamt Josh, besta vini Magna. Þeim sem ekki vita skal greint frá því að Toby er ástralska kyntröllið og hefur verið á tónleikaferðalagi í Bandaríkjunum.
„Ég flaug frá Chicago en við erum búnir að vera í Kansas að spila," sagði Toby sem var klæddur eins og sannur rokkari. Sólgleraugun, grifflurnar og svart naglalakk eru einkennis merki Ástralans.
„Ég er alveg í rúst eftir gærkvöldið. Við fórum á einhvern stað og borðuðum geðveikan mat. Ég held ég hafi líka drukkið aðeins of mikið. Þetta íslenska Reyka vodka er alveg frábært," sagði Josh sem leit út eins og hann hefði einmitt verið að drekka Reyka vodka kvöldið áður.
„Ríddu mér," sagði Toby skyndilega og bætti við að einhver stelpa væri alltaf að senda honum þessa línu á Myspace. „Ég keypti mér brennivín í morgun og ætla að drekka það allt á meðan ég er hérna," sagði Toby, sem greinilega er sá eini sem er á lausu í hópnum.

Fljótlega mættu dívurnar tvær Storm og Dilana ásamt kónginum Magna. „Vá, geðveik kaka," sagði Dilana en rokkaravinir Magna kalla hann altaf Magz. Fljótlega hófust umræður um tónleikana og hvað þau ættu að spila lengi. „Þetta er þriggja tíma prógramm," sagði Magni og það kom smá hik á Ástralann. „Ég spilaði þrjú kvöld í þrjá tíma, sem sagt níu tíma síðustu helgi," bætti Magni við og allir virtust geim.
Ameríkanarnir voru ekki alveg að fatta tappana á íslensku glerflöskunum og reyndu að snúa þá sundur og saman eins og gert er í Bandaríkjunum. Toby og Josh ákváðu að panta sér nautasteik en voru ekki vissir því það var svo dýrt. „EVS," sagði Magni þá en það er ástralsk lingó yfir „fuck it".

„Ég vil keyra bílinn þinn," sagði Dilana skyndilega við Magna, sem hló að þessari uppástungu. Stelpurnar ætluðu í nudd. Þær borðuðu skyr sem Dilana var greinilega búin að kynna sér eitthvað.
„Eru einhverjir strippklúbbar á Íslandi?" spurði Toby fljótlega og Josh var fljótur að svara. „Já, við keyrðum framhjá einum í gær. Ég held það sé bara einn strippari þar." Magni útskýrði þó fyrir Toby að það versta við íslenska strippstaði væri að þar sýni einungis stúlkur frá Austantjaldslöndum.

Skyndilega er bankað á dyrnar. Þegar þær eru opnaðar stendur Alex, starfsmaður Nordica, fyrir utan. Ókunnugum til fróðleiks er hér með upplýst að Alex tekur þátt í X-Factor á Stöð 2. „Fæ ég ekki mynd af mér með ykkur," spyr Alex og ekkert virðist sjálfsagðara. Nokkrum myndum er smellt af Alex sem brosir út að eyrum. „Gangi þér vel í X-Factor," segja krakkarnir og Alex þakkar fyrir sig.

Það fór ekki framhjá neinum að þarna voru sannir rokkarar að tala um bransann. „Ryan er sá eini sem er að gera eitthvað af viti af okkur," sagði Magni og átti þar við Ryan Star sem var með krökkunum í þættinum. „Já, það er vegna þess að hann er svo góður bissnessmaður," svaraði Dilana.
Þó voru ekki allir sammála þessari fullyrðingu Magna og sögðu plötu Ryans ekki hafa gengið eins vel og hann vildi vera láta.
Lukas Rossi sem sigraði Rockstar-þættina er nú að spila með Supernova. Umræður hófust fljótlega um Lukas og sagði Toby hann haga sér eins og fífl. „Hann sagði einhverri stelpu um daginn að hún væri helvítis svín."
„Og þú ert að fara að túra með þeim. Góða skemmtun," sagði Magni og hinir hlógu. „Lukas er sonurinn sem Tómas hefur alltaf viljað," sagði Dilana og átti þar við Tommy Lee, trommara Supernova. Það eru greinilega allir með skoðanir á honum Lukasi. Þau tala um að hann hafi verið að sofa hjá starfsfólki þáttarins. Þar nefna þau einhverja breska stelpu og aðrar sem unnu við hárgreiðslu og vinkonur þeirra. „Svo lét hann reka stelpu sem sá um matinn í þáttunum," lét einhver út úr sér.
Af tali þeirra mátti einnig skilja að Tommy Lee hefði hóp af stelpum sem hann hringdi í þegar hann væri slappur. „Já, hann lét þær fá númerið hans Lukasar og það er greinilegt að hann vill koma þeim yfir á hann."
Tal þeirra um Lukas var þó allt á góðu nótunum en Magni stendur í samningaviðræðum um að fara á túr með Supernova nú eftir áramót.
„Svo er Josh að undirbúa raunveruleikaþátt," sagði einhver og frekari útskýringar fylgdu í kjölfarið. „Þetta er sko raunveruleikaþáttur um hvernig eigi að búa til raunveruleikaþátt," útskýrði Josh.
Storm ropar en biðst afsökunar. Toby tilkynnir öllum að hann ætli að sofa í dag og hvíla sig fyrir tónleikana um kvöldið. Magni blæs á kertin og afmælissöngurinn er kyrjaður upp á enska tungu. Krakkarnir hrósa kökunni, óska Magna til hamingju og kveðja. Afmælisveislan heppnaðist vel. Það er ekki á hverjum degi sem maður fer í afmælispartí með svo mörgum frægum.

LJÓSMYNDIR:
Valgarður Gíslason
FÖRÐUN:
Anna Kristín Óskarsdóttir
KAKA: Auðvitað Jói Fel
HERBERGI: Hið stórfenglega stjórnarherbergi á Nordica hóteli
TEXTI: Andri og Breki

Toby

Dilana

Magni

Storm

Josh

„Stórkostleg bók.“

Vikan

Hvers vegna hefur bláfátækur 18 ára gamall
þjónn frá Mumbai verið handtekinn?

Hann kýldi viðskiptavin?
Hann drakk of mikið viskí?
Hann stal úr kassanum?
Hann vann stærstu spurningakeppni í heimi?



„Frábær bók og sú skemmtilegasta sem ég hef lesið í langan tíma ... Við festumst bæði í henni ... Við mælum heilshugar með þessari bók.“
Sirrý og Heimir / ÍSLAND Í BÍTIÐ

„Bókin er full af lærdómsríkri heimspeki, miklum húmor og einhver besta lýsing á lífinu í Indlandi sem ég hef lesið.“
Anna Kristine / HÉR OG NÚ

„Dásamleg saga, fyndin, áleitin, spennandi og afar vel skrifuð.“
Sigríður Albertsdóttir / DV

„Vikas Swarup nær þannig að blanda saman gamni og alvöru, í réttu hlutfalli, án þess að annað komi niður á hinu og afraksturinn er afar skemmtileg og í senn áhrifamikil lesning.“
Þormóður Dagsson / MORGUNBLAÐIÐ

„... afar óvenjuleg spennusaga sem togar mann áfram með fullkomlega nýjum aðferðum.“
Silja Aðalsteinsdóttir / TMM.IS

JPV ÚTGÁFA
Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík
Sími 575 5600
www.jpv.is

Hummel Í TÍBET

Nýir tímar í gömlum heimi. Síðan 1950 hefur Kína ekki viljað samþykkja Tíbet sem sjálfstætt ríki. Einn af stóru draumum Tíbetbúa hefur verið að eignast sitt eigið landslið í fótbolta. Það var danska fyrirtækið Hummel sem reið á vaðið og sendi í leiðinni sterk skilaboð til íþróttaheimsins þegar fyrirtækið ákvað að styrkja landslið Tíbeta. Hummel hannaði einstaka fótboltatreyju sem á enga sér líka og er aðeins seld í velvöldum tískuvöruverslunum víða um heiminn. Þeir sem ekki vilja ganga í fótboltatreyjum en fíla Hummel í Tíbet, geta nálgast geggjaðar hettupeysur, buxur, boli og aukahluti með tíbetskum innblæstri í Magazin du Nord í Kaupmannahöfn eða í síma 5530700 hjá Hummel Sport Ísland. Að lokum mæli ég með því að við tökum landslið Tíbet til fyrirmyndar því liðsmenn fara sínar eigin leiðir til að skapa menningarlegan karakter og jafnvægi á milli hins andlega og veraldlega heims.



tískumolar
HELGU ÓLAFSDÓTTUR

BIRNA
Concept shop

Fyrir stuttu opnaði Birna Concept shop dyr sínar á Skólavörðustig 2. Birna er ungur íslenskur hönnuður sem hefur lengi verið búsett í Danmörku. Árið 2000 setti hún á laggirnar sitt eigið fatamerki í Danaveldi. Núna selur Birna fötin sínu í fjölmörgum löndum og flíkur hennar hafa prýtt síður danskra tískutímarita margoft. Hvernig væri að rölta niður í bæ og kíkja á Birnu?

BIRNA

Sævar Karl selur skóna sem ég elska!

Mér var vinsamlega bent á það að „skórnir sem ég er ástfangin af“ eru sko heldur betur fáanlegir á landinu góða Íslandi. Hinir forkunnarfögru Pedro García fást hjá Sævari Karli. Hvernig er hægt að láta ástina framhjá sér fara á þennan hátt? Ég á ekki til orð. Ég hugga mig við það að hjá Sævari Karli hefur Pedro García verið í góðum félagsskap með ítölsku vinkonunum Prada og Miu Miu. Sjáumst í Bankastrætinu!

Svart rúskinn
Svartir rúskinn Miu Miu skór með uppfyltum hæl og æðislega lillablár að innan og Peeptoe svört Miu Miu taska.



Brúnt og blátt
Brún ökklastígvél með háum hæl, ljósbrúnir skór með stórum Swarovski-steinum og blár hælaskór með hæl alsettum Swarovski-steinum. Allir skórnir eru frá Miu Miu.

Pedro Garcia
Dökkbrúnir ökklaskór úr rúskinni, dökkbrúnir satín hælaskór með Swarovski-spennu og millibrúnir hælaskór með leðurskreytingu. Allir skórnir eru frá PEDRO GARCIA.

Sannir karlmenn strauja skyrturnar

Athugið, allir góðir drengir sem ekki kunnið að strauja skyrtur eða binda bindishnút. Hægt er að læra hvort tveggja á heimasíðunni www.saevarkarl.is. Núna eru engar afsakanir teknar gildar, stilltu tölvunni á borð fyrir framan straubrettið, safnaðu saman öllum óstraujuðu skyrtunum þínum, kveiktu á sýnikennslunni og eftir tvær til tíu skyrtur er þetta komið. Þú hefur sparað svo mikinn hreinsunarpening með straueríinu að þú getur farið og keypt þér flott bindi fyrir sparaða aurinn. Og enn eitt mjög mikilvægt atriði, konan á heimilinu verður sérlega ánægð með framtakið.

Glæsileg jólatilboð

Posturepedic
Stuðningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar

Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!

Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vöruþróun en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.

Einkaleyfin 4 frá Sealy:

ERGOSLEEP
fullkomnasta svefnkerfið

Hátæknirúm

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarrannsóknum. Svæðaskiptur stífleiki, fjaðureiningar með minni.

mediline+

Hin mikla breidd MediLine línunnar upfyllir flestar kröfur um fjölbreytileika og þægindi.

Rúmin í MediLine línunni eru til í fjölmörgum gerðum, stærðum og stífleikum þannig að flestir ættu að geta fundið hvílu við sitt hæfi.

Glæsilegur gjafapakki að verðmæti allt að kr. 39.900 fylgir hverju seldu hjónarúmi

15% afsláttur

Af mjúku vörunni, gjafavörunni og völdum rúmum og hvíldarstólum.

Mjúka deildin Hágæða sængur og heilsukoddar. Úrval af sængurfatnaði og rúmteppum. Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum. Rúmföt, rúkteppi, handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara. Veisludúkar, hördúkar og löberar.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10-18 og laug.: 11-16

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

DD unit með langbesta hollywood slúðrið

1

Another day another dollar yall!*
Það var alls ekki gúrkutíð í þessari viku hvað headlines í celebbaheiminum varðar! Brit Brit og Paris, Nic the stick og stóra stílistamálið og sambandsslit úúúú!

Hæst ber að nefna skilnað Kid Rock og Pammie en hann ku vera óöruggur aumingi sem andlega abjúsaði* hana Pammie! Hann tók og úthúðaði henni og kallaði hana hóru og ég veit ekki hvað og hvað því hún hafði með glöðu geði tekið þátt í Borat ævintýrinu. Maður verður átómatískt* að staldra við og spyrja sig... hverjum hélt hann Kid að hann væri að giftast? Siggu í Arsenal-bolnum í Æsufellinu eða? Nei hún er Playboy bunny og töffari... ég digga Pammie.. sem hefur unun af því að láta taka myndir af sér helst fáklæddri. Anyways bye-gones og hann er yesterdays news dude*! Þau náðu að vera gift í næstum þrjá og hálfan mánuð – glæsilegt!

2

Og því miður verð ég að tilkynna lesendum mínum til mikillar mæðu að popp-stirnið 19 ára gamla Hillary Duff og Joel Madden 27 ára gamli rokkkærastinn hennar eru hætt saman eftir tveggja ára glorious dating* tímabil. Þetta er rosalegt! Ég get varla á heilli mér tekið og hef því ákveðið að skrifa ekki meir um það í bili.

Sparkz

STELPUR!

4.990.-

4.990.-

2.990.-

2.990.-

8.990.-

Sparkz

Kringlunni - s.512 1730

3

Ahh Brit Brit og vondi félagsskapurinn hennar Paris og Blohan. Eins og varla hefur farið framhjá nokkru mannsbarni er hún að skilja og hefur verið á galeiðunni síðan með mannvits-brekkunni Paris sem boðar góða hluti ekki satt. Well tveggja barna cheezy poof *mamman hún Brit er bara á djamminu í 10 daga streit* og hvað haldiði.. 4 sinnum hafa náðst myndir af henni stíga úr og í faratæki í of stuttum fatnaði og viljandi í engum nærbux-um!!! Þegar það er orðið 4 sinnum á örfáum dögum þá er þetta bara ekki slys.. ég kaupi það ekki sumthins cookin* og ég virðist hafa misst af því memo-i *sem hefur verið dreift og þetta er kjörið PR- stunt ársins 2006. Aldrei hefur verið mynd af Elizabeth Taylor, Meryl Streep eða Spice Girls svona?? Þessi mynd hérna af henni er vægast sagt mjög dönnuð miðað við það sem hefur gengið á hérna í vikunni! Og hvar eru börnin????

4

Frum

Í tilefni af **30 ára** starfsafmælis
Kjöreignar verður skrifstofa
fasteignasölunnar **LOKUÐ** í
dag föstudaginn **1 des.**

Kjöreign ehf

Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
SÍMI 533 4040 - FAX 533 4041
Fasteignasala • Ármúli 21 • www.kjoreign.is

— TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA —

allt heimili

Alla fimmtudaga

Fíton/SÍA

Þetta gæti tekið tíma

Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX®

SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS

10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi

- Af því það er ennþá hægt !
- Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
- Fullur stuðningur í einu og öllu.
- RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
- RE/MAX notar nýjustu tækni.
- RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
- RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
- RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
- RE/MAX fyrir alla landsmenn.
- Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.

RE/MAX ÍSLAND
remax@remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

www.remax.is


GOTT FÓLK McCANN

Ernst J. Backman

Ljóð í sjóð

Njóttu listanna og styrktu gott málefni í leiðinni

Ljóð í sjóð er glæsilegt safn málverka og ljóða ásamt geisladiski með ljóðalestri og tónlist sem landslið íslenskra listamanna hafa gefið til styrktar MND félaginu, sjúklingum og aðstandendum þeirra. Listamenn hafa tekið höndum saman en nú er okkar að styrkja málefnið áfram. Bókin fæst á aðeins 3.000 krónur í Hagkaupum, Fjarðarkaupum, STUDIOos Rangárseli og á www.mnd.is

MND félagið styður við rannsóknir á taugasjúkdómnum MND sem og við þá sem fengið hafa sjúkdóminn og aðstandendur þeirra.



VIÐ VELJUM LÍFIÐ!
FINNUM LÆKNINGU VIÐ
MND
www.mnd.is

Lítið brot þess fjölda íslenskra listamanna sem koma að verkinu:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Andri Snær Magnason
Daði Guðbjörnsson
Edda Heiðrún Backman
Einar Már Guðmundsson
Eiríkur Smith
Elvar Guðni
Ernst J. Backman
Eyjólfur Kristjánsson
Gerður Kristný
Gísli Helgason
Guðmundur Rúnar Lúðvíksson
Gummi Jóns
Gunnar Dal
Gyrðir Elíasson
Helga Ármanns
Helga Unnars
Hildur Vala
Hörður Torfa
Hörður Þorsteinsson
Ingibjörg Haraldsdóttir
Jón Arnar
Jón Ólafsson
Karólína Lárusdóttir
Kristján Árnason
Magnús Þórarinsson
Margrét Ólafsdóttir
M. Waren
Páll Óskar & Monika
P. Klein
Pétur
Pétur Gautur
Rafn Jónsson
Ragnar Sólberg Rafnsson
Ragnheiður Gröndal
Ragnheiður Steindórsdóttir
Regína Ósk
Rut Gunnarsdóttir
Rúnar Júlíusson
Sálin hans Jóns míns
Sig. K. Arnarsson
Sigurður Óli
Sigurður Pálsson
Sigurður Þórir
Sólveig Eggerz
Steindór Hjörleifsson
Villi á Burstó
Víðir Ingólfur Þrastarson
Thor Vilhjálmsson
Tinna Rós Þorsteinsdóttir
Tolli
Þorsteinn frá Hamri
Þóra Ben
Þórarinn Eldjárn
og fleiri

Góð byrjun

www.visir.is

Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni

Þú gætir unnið flugmiða fyrir tvo með Iceland Express,
Nokia síma, áskrift hjá Digital Ísland, glaðning frá 66°Norður
og gjafakörfur frá Nóa Síríus.

Iceland Express · Nóa Síríus · digital ísland · PlayStation · NOKIA · 66° Norður

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

VISSIR ÞÚ...

að sumir sjófuglar hafa frumlegan hátt á að vernda unga sína? Þegar hætta steðjar að sökkvir foreldrið sér í vatn svo einungis bakið stendur upp úr. Því næst klifra ungarnir upp á bakið á honum og hann syndir með þá á öruggan stað.

að sjófuglar hafa saltkirtla fyrir ofan augun sem gerir þeim kleift að drekka sjó? Snákar sem lifa í sjó hafa svipaða kirtla aftast á tungunni.

að sjónvarpshundurinn Lassie birtist fyrst á fjórða áratug síðustu aldar í smásögunni Lassie Come Home eftir Eric Mowbray Knight? Fyrirmynd Lassie var hundur höfundarins, Toots.

að svansfjaðrir voru notaðar á 19. öld í púðurkvasta fyrir konur? Svansfjaðrir voru einnig notaðar til að skreyta hatta.

að skjaldbökumóðir grætur þegar hún verpir eggjum sínum? Þó hvorki af sorg né gleði heldur til að skola sand úr augunum og til að losa sig við steinefni.

að skjaldbökur hafa ekki tennur heldur harða, hyrnda kjálka sem gerir þeim kleift að tyggja matinn?

að skottlangur er hálfbjörn sem eins og nafnið gefur til kynna hefur einkar langa rófu? Rófan er næstum tvöfalt lengri en búkurinn og á hverri nóttu leggst skottlangurinn ofan á hringaða rófuna og notar sem kodda.

að skógarmúrmeldýrið, sem lifir í norðausturhluta Bandaríkjanna og Kanada, andar yfir 2.100 sinnum á klukkustund undir venjulegum kringumstæðum en einungis 10 sinnum þegar það liggur í vetrardvala?

að skógarsnípa hefur augu ofarlega á höfðinu og getur horft á sama tíma aftur fyrir sig og upp, fram fyrir sig og upp og til vinstri og hægri og hefur allt að 180 gráðu sjónsvið á hvoru auga?

að skrápur kvenkyns bláhafa er tvöfalt þykkari en karldýrsins?

að skriðdýr eru ekki slímug heldur eru þau eins og silki viðkomu?

að skröltormar hópa sig saman til þess að halda á sér hita á meðan þeir liggja í vetrardvala? Stundum hringa sig saman allt að þúsund snákar.

að skunkar geta varið sig með fleiru en fnyk? Þeir þola t.d. fimmfalt það magn af snákaeitri sem nægir til að drepa kanínu.

að snákar geta melt tennur og bein en ekki hár?

að snákar hafa ekki augnlok og geta því aldrei lokað augunum, ekki heldur þegar þeir sofa? Augun eru þakin þunnu varnarlagi úr gagnsæju hreistri.

að snákar hafa ekki þvaglát í venjulegum skilningi? Þeir losa sig við úrgang í formi þvagsýru sem er fast, kalkkennt efni, yfirleitt hvítt á lit.

að sniglar hafa fjögur nef?

að snæhlébarðar geta ekki öskrað líkt og hin stóru kattardýrin?

að Starbuck, kandískur boli sem feðraði yfir 200.000 kýr og jafnmörg naut um ævina,ávann eiganda sínum yfir 25 milljónir bandaríkjadala áður en hann dó árið 1998? Frosið sæði hans selst enn á 250 dali skammturinn.

að Stokkendur gera sér hreiður í mikilli hæð,stundum í allt að 12 metra hæð? Þrátt fyrir það kemur það sjaldan fyrir að ungarnir meiðist þegar þeir detta úr hreiðrinu.

að stórir engisprettusveimar geta étið yfir 80 þúsund tonn af korni á einum degi?

að strútar hafa aðeins tvær klær á hvorum fæti en flestir aðrir fuglar hafa þrjár eða fjórar?

að strútar hafa fjögur augnlok í hverju auga? Innri augnlokin eru til að depla augunum og halda þeim rökum en þau ytri eru notuð til að senda öðrum strútum merki í kynferðislegum tilgangi?

DRAUMAHELGI
Sumarveisla hjá Loðvík XIV

Dagskrárgerðarmaðurinn Freyr Eyjólfsson hefði áhuga á að hefja sína draumahelgi með heimsókn til hirðar Loðvíks XIV Frakklandskonungs. „Þegar ég liti við væri falleg sumarveisla í hallargarðinum, þar sem engu væri til sparað," segir hann. „Tónlist leikin í hverju horni og margrétta máltíðir á boðstólum."

Freyr myndi borða eins og hann gæti í sig látið í veislunni, svo að hann yrði vel nærður fyrir helgina. „Um kvöldið brygði ég mér síðan á gott Bítlaball á Starclub í Hamborg," segir hann.

Tímaflakki Freys væri þó ekki nærri lokið í Þýskalandi. Morguninn eftir færi hann aftur til Júratímabilsins til að skoða friðsamlegar þórseðlur og fleiri risaeðlur. „Þaðan héldi ég til Snorra Sturlusonar í Reykholti og þiggði hjá honum veitingar," segir hann. „Myndi rétt staldra við þar sem ég væri að fara í rómverska svallveislu um kvöldið. Ætla ég myndi síðan ekki slaufa laugardeginum með því að ná í skottið á Plast-tónleikum í London árið 1976."

Freyr er nánast móður eftir alla upptalninguna, sem er ekki undarlegt með hliðsjón af öllu þessu brölti. Hann myndi því að vonum vilja verja sunnudeginum í almenna afslöppun. „Ætli ég læsi ekki bara góða bók uppi í rúmi, drykki te og hlustaði á Tímaflakk á Rás2," segir hann glaður í bragði.

FREYR MYNDI VILJA SKOÐA ÞÓRSEÐLUR Á JÚRATÍMABILINU.
MYND/HÓLMFRÍÐUR ANNA BALDURSDÓTTIR

Ellert, alltaf skemmtilegur!



Ellert B Schram
sendir frá sér bráðskemmtilega og óborganlega bók
– Á undan sinni samtíð, sönn skáldsaga.
Bókin er í 2. sæti á metsölulista Pennans.
Hún fær ★★★ hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins.

*Allar bækur – fyrir fullorðna og íslensk skáldverk.
Könnun Pennans
29.11.2006

Útgáfuhátíð
laugard. 2. des.í Vinabæ,
Skipholti 33.
Allir velkomnir.

Fólk á skilið
að fá skemmtilega bók!

Gullfalleg og skemmtileg bók
eftir tvo meistara máls og mynda.

Glettinn texti og fínar,
spaugsamar myndir eftir verðlaunahöfund.

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

Heimilisofbeldi – falið vandamál

UMRÆÐAN
Kynbundið ofbeldi

Nú stendur yfir 16 daga átak í 16. sinn undir yfirskriftinni: Eflum mannréttindi – stöðvum ofbeldi gegn konum. Af því tilefni hafa Kvenfélagasamband Íslands, Soroptimistasamband Íslands og Zonta á Íslandi tekið höndum saman um að opna augu almennings fyrir heimilisofbeldi. Klúbbar og félög innan sambandanna eru starfrækt um allt land og munu þau sérstaklega hvetja sína félagsmenn til að vera vakandi gagnvart heimilisofbeldi og halda umræðunni opinni á sínu svæði. Það hefur sýnt sig að með opinni umræðu nýta fleiri þá þjónustu sem er í boði fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis. Við hvetjum því konur og aðra sem búa við eða þekkja til einhvers sem býr við heimilisofbeldi að kynna sér þau úrræði sem eru í boði. Listi yfir helstu aðila sem geta veitt stuðning og aðstoð vegna heimilisofbeldis má finna t.d. á vefsíðum www.kvennaathvarf.is og www.barn.is.

Hvað er heimilisofbeldi?

Samkvæmt skilgreiningu Samtaka um kvennaathvarf er um að ræða heimilisofbeldi þegar einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins til til-

AF NETINU

Fjármál flokkanna

Stjórn Heimdallar hefur ályktað um frumvarp um fjármál stjórnmálaflokka.

Stjórn Heimdallar telur að tillögur varðandi fjármál stjórnmálaflokka og prófkjöra gangi alltof langt og feli í sér óréttmæta skerðingu á rétti hins almenna borgara til að styðja við stjórnmálastarfsemi. Þá fela reglur um hámarkskostnað í prófkjörum í sér beina takmörkun á möguleikum frambjóðenda og þeirra sem vilja kynna málefnaáherslur sínar og baráttumál í tengslum við prófkjör. Það er beinlínis hluti af lýðræðinu að frambjóðendur hafi svigrúm til að kynna sig og stefnumál sín og óskiljanlegt hvers vegna ríkisvaldið telji sig þurfa að takmarka þennan rétt. Tillögur nefndarinnar fela í sér að staða núverandi stjórnmálamanna- og flokka styrkist verulega á kostnað þeirra sem síðar munu koma. Verðandi nýliðar í prófkjörum flokkanna munu sæta takmörkunum á því hve rækilega þeir geta kynnt sig á meðan sitjandi stjórnmálamenn njóta góðs af því að vera þekktir fyrir. Sama máli gegnir um stjórnmálaflokka sem fyrir eru en aukin ríkisframlög veita þeim aukið forskot í samkeppni við nýja flokka og framboð.

Þar að auki setur stjórn félagsins spurningamerki við ástæðurnar fyrir þessum reglum. Í skýrslu nefndarinnar segir að sífellt fleiri einstaklingar og fyrirtæki hafi fjárhagslega burði til að kosta baráttu flokka eða stjórnmálamanna. Á meðan ekki liggja fyrir bein dæmi um óeðlilegar tilraunir til að hafa áhrif á stjórnmálamenn og nefndin virðist ekki hafa annað fyrir sér en óljósa tilfinningu, er óréttlætanlegt að ráðast út í svo viðamiklar takmarkanir á lýðræðislegum rétti borgaranna.

Stjórn Heimdallar telur hins vegar réttlætanlegt að framlög til stjórnmálaflokka séu upplýsingaskyld upp að vissu marki, en telur hins vegar mikilvægt að slíkar upplýsingar séu þó ekki öllum aðgengilegar og liggi ekki á glámbekk, líkt og t.d. er raunin með upplýsingar um tekjur Íslendinga. Eðlilegt væri að ákveðin stofnun, t.d. Ríkisendurskoðun, hefði slíkt eftirlitshlutverk með höndum og færi með framlögin sem persónuupplýsingar en gæti beitt sér ef grunur leikur á um að verið sé að reyna að hafa óeðlileg áhrif á stjórnmálaflokka eða menn.

Félagið skorar á þingmenn að skoða málið í rólegheitunum. Það á ekki að vera kappsmál flokkanna að keyra slíkt grundvallarmál í gegn á sem skemmstum tíma eða til að tryggja sér aukin fjárframlög fyrir næstu kosningar.

finningalegrar-, félagslegrar- og fjárhagslegrar bindingar. Fjölskyldutengsl milli gerenda og þolenda ofbeldis geta verið með ýmsu móti en í langflestum tilvikum er um að ræða karlmann sem beitir konu ofbeldi í skjóli líkamlegra yfirburða. Heimilisofbeldi getur birst í ýmsum myndum og getur bæði verið andlegt og líkamlegt. Andlegt ofbeldi þar sem fórnarlambið er markvisst brotið niður með hótunum, kúgun og niðurlægingu, er oft undanfari líkamlegs og/eða kynferðislegs ofbeldis. Það er ekki síst hið andlega ofbeldi sem erfitt er að greina og átta sig á. Samkvæmt tölum frá Samtökum um Kvennaathvarf nefna um 90% þeirra kvenna sem leituðu til athvarfsins 2005 andlegt ofbeldi sem eina af ástæðum komu sinnar þangað. Þessar tölur sýna að nauðsynlegt er að opna umræðuna og vekja athygli á því að skilgreining á heimilisofbeldi á ekki einungis við líkamlegt ofbeldi.

Yfirleitt bera konur ekki með sér að þær búi við heimilisofbeldi og halda því svo leyndu, jafnvel árum saman, að nánir aðstandendur hafa ekki hugmynd um ástand mála.

Hvað getur þú gert?

Yfirleitt bera konur ekki með sér að þær búi við heimilisofbeldi og halda því svo leyndu, jafnvel árum saman, að nánir aðstandendur hafa ekki hugmynd um ástand mála. Jafnvel áttar þolandi sig ekki á vandanum heldur tekur á sig alla ábyrgð og reynir af vanmætti að bæta ástandið með því að „hegða sér betur“. Fyrir þann sem stendur utan við er auðvelt að segja „af hverju fer hún bara ekki?“ Það getur hins vegar verið mjög erfitt að brjótast út úr ofbeldissambandi þar sem búið er að brjóta niður sjálfsmynd viðkomandi. Fyrsta skrefið er að viðurkenna fyrir sjálfum sér að maður búi við ofbeldi og það næsta að geta viðurkennt það fyrir öðrum. Það er hins vegar einnig ábyrgð samfélagsins að berjast gegn heimilisofbeldi. Ef grunur vaknar um ofbeldi á heimili skal samkvæmt leiðbeiningum Samtaka um kvennaathvarf fylgja þeirri reglu að konan sjálf sé sérfræðingur í sínum málum. Það er því nauðsynlegt að taka ekki fram fyrir hendurnar á þolendum heldur veita stuðning og benda á úrræði. Besti stuðningurinn felst oft í því að hlusta án þess að dæma og reyna að vekja þann skilning að ofbeldi sé aldrei réttlætanlegt.

Höfundar eru Guðrún Hansdóttir, formaður Zontasambands Íslands, Rannveig Thoroddsen, verkefnisstjóri mennta- og menningarmála, Soroptimistasambandi Íslands og Sigurlaug Viborg, forseti Kvenfélagasambands Íslands.

Harðir pakkar á h

Frábærar gjafir fyrir

Kr. 3.498,-

NOVA 18V
Batterísborvél
+ 3,6V Skrúfvél,
borar og skrúfbitar

Kr. 575,-

4 tangir

Kr. 3.498,-

NOVA Batterísborvél 18V
+ 91 stk. verkfæri

Kr. 3.498,-

Verkfærasett
133 hlutir með borvél

Kr. 1.965,-

Verkfærasett
33 hlutir

Kr. 1.295,-

NOVA 4,8V Skrúfvél
og skrúfbitar

Kr. 1.245,-

Verkfærasett. 55 hlutir

Kr. 750,-

Ranatool
skrúfjárnasett

Kr. 475,-

Verkfærasett
5 hlutir

Kr. 1.480,-

Verkfærasett, 84 hlutir

Kr. 276,-

Wolfcraft klemma

Kr. 447,-

4 x Wolfcraft
klemmur

Kr. 3.780,-

Einhell slípirokkur

Kr. 11.495,-

Leo heimilisryksuga

Kr. 914,-

Uppblásin snjóþota

Kr. 875,-

Einhell loftpumpa

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla,

agstæðu verði

iðnaðarmenn og aðra handlagna

Kr. 22.995,-

Bosch 14,4W borvél

Kr. 7.895,-

Einhell blaut & ryksuga 1250w

Kr. 3.990,-

Bosch Skrúfvél 3,6v

Kr. 1.495,-

Ljóskastari 500w

Kr. 2.495,-

Ljóskastari á fæti 500w

Kr. 12.995,-

Flísasög 180mm blað

Kr. 7.990,-

Einhell laser

Kr. 3.495,-

Tveir ljóskastarar á fæti 2 x 500w

Kr. 249,-

Ranatool málband 5 metra

Kr. 2.990,-

Einhell skrúfvél

Kr. 19.995,-

Flísasög með laser 800W

Kr. 4.318,-

Wolfcraft búkki

Kr. 11.912,-

Wolfcraft fjölnota vinnuborð Master 600

Kr. 2.990,-

Masterkart verkfærakista

Kr. 9.995,-

Rafmagnshitablásari 3,3KW

Kr. 5.460,-

Wolfcraft Compact

Kr. 1.972,-

Wolfcraft heftari

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Akureyri - Húsavík

alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Opið mán. - fös. kl. 8-18, laugardaga 9-15

SIGURÐUR G. TÓMASSON ÚTVARPSMAÐUR ER 56 ÁRA Í DAG

„Guði sé lof að við eigum svona sannorða, óeigingjarna, heiðarlega, sanngjarna og vitra stjórnmálamenn. Hvernig færi annars fyrir okkur?“

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 1. DESEMBER 1934

Byltingarforingja ráðinn bani

Á þessum degi árið 1934 var Sergei Kirov, leiðtogi í rússnesku byltingunni og háttsettur yfirmaður í framkvæmdastjórn sovéska kommúnistaflokksins, skotinn til bana á skrifstofu sinni í Leníngrad. Banamaður Kirovs var Leonid Nikolaiev, félagi í Kommúnistaflokknum. Talið er líklegt að morðið hafi verið runnið undan rifjum leiðtoga Sovétríkjanna, Jósefs Stalín. Hver svo sem þáttur Stalíns var í morði Kirovs er ljóst að hann notaði tækifærið til að hreinsa ærlega til í Kommúnistaflokknum, hernum og leynilögreglunni.

Morðið á Kirov leiddi til sjö mismunandi réttarhalda auk handtöku og aftöku mörg hundruð merkra manna úr stjórnmálum, hernum og menningarlífinu. Hvert réttarhaldanna var í mótsögn við hið næsta og margir voru fundnir sekir um að hafa komið á ýmsan hátt að skipulagningu á morðinu á Kirov og af mismunandi pólitískum ástæðum. Morðið markaði upphaf fjögurra ára hreinsunar Stalíns í sovésku samfélagi þar sem milljónir Sovétmanna voru fangelsaðir, sendir í útlegð eða drepnir.

MERKISATBURÐIR

1878 Reykjanesviti, fyrsti vitinn hér á landi, er tekinn í notkun.

1918 Ísland verður fullvalda ríki.

1955 Blökkukonan Rosa Parks er handtekin þegar hún neitar að standa upp fyrir hvítum manni í almenningsvagni.

1976 Síðustu bresku togararnir halda af Íslandsmiðum samkvæmt samkomulagi um viðurkenningu á 200 mílna fiskveiðilögsögunni.

1983 Rás 2 hefur útsendingar.

1986 Bylgjan hefur útsendingar allan sólarhringinn.

1994 Þjóðarbókhlaðan er tekin í notkun.

AFMÆLI

Kristján Pálsson, fyrrum alþingismaður, er 62 ára.

Kristján Þórður Hrafnsson rithöfundur er 38 ára.

BÖRN AÐ LEIK Foldaborg leggur áherslu á að kenna barnaheimspeki gegnum leik og störf. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

ELSTI LEIKSKÓLI GRAFARVOGS: FAGNAR TUTTUGU ÁRA AFMÆLI Í DAG

Heimspeki á Foldaborg

Foldaborg, elsti leikskóli Grafarvogs, fagnar tuttugu ára afmæli sínu í dag með veisluhöldum fyrir börn og boðsgesti. Guðbjörg Guðjónsdóttir leikskólastjóri og Hildur Sigurðardóttir hafa starfað á leikskólanum frá upphafi, en Guðbjörg segir starfsmannahópinn vera mjög traustan. „Fólk hefur verið hér í tíu ár og lengur. Það hefur ekki verið vandamál að manna leikskólann í mörg ár, sem maður þakkar nú bara fyrir,“ sagði Guðbjörg. „Við höfum sem betur fer ekki lent í því að þurfa að senda börn heim,“ bætti hún við, en í fyrra skorti marga leikskóla í Grafarvogi starfsfólk. Á árum áður var leikskólinn tvísetinn, börnin voru annaðhvort fyrir hádegi eða eftir hádegi. Nú er hann hins vegar rekinn sem heilsdagsleikskóli.

Foldaborg er einn af þremur leikskólum á landinu sem leggja áherslu á barnaheimspeki. „Þetta var þróunarverkefni hjá okkur. Við höfum

GUÐBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR OG HILDUR SIGURÐARDÓTTIR Hafa starfað á Foldaborg, elsta leikskóla Grafarvogs, frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

samræðustundir með börnunum. Börnin eiga að spyrja spurninga sem við ræðum síðan. Þau læra að rökstyðja álit sitt, bíða og að vera sammála og ósammála,“ útskýrði Guðbjörg. „Þannig læra þau að vera sjálfstæð og segja já og nei á eigin forsendum,“ sagði Guðbjörg, sem vonast til að börnin búi að þeim lærdómi á unglingsárunum líka. Hún vonast nú til að fá styrk til að geta þjálfað starfsfólkið enn frekar.

Grafarvogur hefur tekið stakkaskiptum á þeim tuttugu árum sem Foldaborg hefur verið starfrækt, og segir Guðbjörg að leikskólinn hafi á þeim árum verið úti í móa. „Leiksvæðið hjá okkur er mjög náttúrulegt og stendur eiginlega á álfaholti. Enda nefndum við deildirnar okkar Tröllheima, Álfheima og Hulduheima,“ sagði hún hlæjandi. „Þegar við opnuðum var það bara moldarflag. Ég man eftir því að eitt barnið festist í drullunni og ég stökk af stað til að koma því til bjargar. Þegar barnið var komið á þurrt land sátu skórnir mínir eftir í moldinni og eru þar enn,“ sagði Guðbjörg hlæjandi. Hún segir starf leikskólakennara hafa ýmis fríðindi í för með sér. „Það vill svo oft gleymast. En þetta er yndislegt starf,“ sagði hún.

sunna@frettabladid.is

Talað á tónleikum í Kína

Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari er nýsnúin heim úr tónleikaferðalagi um Kína þar sem hún kom fram ásamt írska strengjakvartettinum Vanbrugh. Áshildur og Vanbrugh ferðuðust um í rúmar tvær vikur og komu meðal annars fram í Shanghaí og Beijing. „Svo kenndum við einn dag í tónlistarskóla í Chongqin,“ sagði Áshildur, en íbúar í borginni og á nálægum svæðum eru um 35 milljónir. „Þetta var þrjú þúsund manna skóli með sjö hundruð æfingaherbergjum, ekki alveg sami skali og hérna heima,“ sagði Áshildur. Hún sagði stemninguna á tónleikunum hafa verið öðruvísi en hún hafi átt að venjast. „Fólk spjallaði saman og svaraði í gsm símana sína og svona. Svo klöppuðu allir á milli kafla og þegar

VIÐ KÍNAMÚRINN Áshildur Haraldsdóttir ferðaðist um Kína ásamt írskum strengjakvartetti.

við spiluðum kínverska tónlist klappaði fólk bara með.“

Fyrir utan Kínaferðir hefur Áshildur unnið að nýjum geisladiski. Á honum leikur hún flaututónlist Atla Heimis Sveinssonar við undirleik Atla Heimis sjálfs og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur. **- sun**

---

†

Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,

Elías Tryggvi Nordgulen

Laugarnesvegi 92, 105 Reykjavík

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju í Reykjavík föstudaginn 1. desember kl. 13.00.

Sigríður S. Einarsdóttir
Einar Nordgulen
Lúðvík Þ. Nordgulen
Ólafur Nordgulen
Lúðvík Sigurður Nordgulen
Eva Samúelsson
Margrét H. Helgadóttir
Íris Hall

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Kristinn Guðmundsson

bifreiðastjóri, Grenigrund 11, Akranesi,

andaðist á heimili sínu 27. nóvember 2006. Útförin verður gerð frá Akraneskirkju 8. desember 2006 kl. 14.

Kirstín Benediktsdóttir
Rúnar Helgi Kristinsson
Petra Kristín Kristinsdóttir
Einar Guðni Þorsteinsson
Guðmundur Kristinn Kristinsson
Kristín Brynja Gústafsdóttir
Guðlaugur Guðjón Kristinsson
Sylvía Clothier Rúdolfsdóttir
og barnabörn.

---

†

Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

Örn Steinar Ásbjarnarson

Þorgrímsstöðum,

verður jarðsunginn frá Tjarnarkirkju, Vatnsnesi laugardaginn 2. desember kl. 14.00.

Kristín Guðjónsdóttir
Ásbjörn Guðmundsson
Þorbjörg Ásbjarnardóttir
J. Óskar Sigurbjörnsson
Margrét Ásbjarnardóttir
Þorvaldur Kristjánsson
Ásbjörn, Alexander og Þorvaldur Örn.

Vífilfell í Reykjavík verður lokað í dag

frá kl. 12-15 vegna jarðarfarar Gunnars M. Sigurðssonar.

DAGUR RAUÐA NEFSINS
1. desember 2006
unicef

HÚRRA!
DAGUR RAUÐA NEFSINS ER Í DAG!

Komdu þér í stuð fyrir kvöldið:
Settu á þig **rauða nefið**, **Brostu** með Baggalúti, stilltu á Bylgjuna og kauptu þér brandara!

Bein útsending í kvöld:
Skemmtiþáttur í opinni dagskrá á Stöð2 kl. 19.40–24, helstu grínistar landsins og fleiri góðir.

Í dag ætlum við að gleðjast og gleðja aðra – sérstaklega börn í sárri neyð.

sagafilm

BYLGJAN 989

BAUGUR GROUP · FJ · FONS · GLITNIR · samskip



STUÐ MILLI STRÍÐA Leitað í símaskránni

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR Á ENGA ALNÖFNU

Sumir vilja meina að það nafn sem barni er gefið hafi áhrif á allt þess líf og því skipti miklu máli að vanda valið. Skiptar skoðanir eru þó um ágæti nafna og á meðan einhverjum finnst mikilvægt að heita nafni sem sker sig úr finnst öðrum best að deila nafninu sínu með sem flestum.

Persónulega er ég mjög hrifin af sérstökum og sjaldgæfum nöfnum. Mér finnst fjölbreytni í nafngiftum ekki hafa verið neitt gífurleg hjá Íslendingum í gegnum tíðina og stundum verð ég ferlega pirruð þegar ég þarf að finna einhvern í símaskránni sem heitir algengu nafni og á kannski tvö til þrjú hundruð alnafna eða nöfnur.

Stundum er talað um að það geti verið erfitt fyrir börn að heita sérstökum nöfnum og orsaki stríðni en á öllum málum eru tvær hliðar og sá sem heitir sérstöku nafni á síður á hættu að fá eitthvert leiðinlegt uppnefni. Í bekkjum þar sem margir heita sama nafni eru þeir oft aðgreindir með misskemmtilegum viðurnefnum. Fjórir Guðmundar geta til dæmis allt í einu verið orðnir Gummi litli, Gummi feiti, Gummi sóði og Gummi með gleraugun.

Síðustu ár hafa ungir foreldrar svolítið verið að prófa sig áfram í nafngiftum og fjöldi barna heitir nú nöfnum sem hafa lítið verið notuð áður. Því miður eru ekki allir frumlegir í frumlegheitunum og foreldrar sem töldu sig hafa fundið einstakt nafn á barnið sitt geta lent í því að það er með fimm eða sex öðrum börnum í bekk sem heita sama nafni. Fjölbreytnin er því ekki endilega meiri þó að augljós kynslóðamunur sé á nöfnum. Svo augljós að lítill vitringur spurði vinkonu mína einu sinni hvenær börn færu að heita fullorðinsnöfnum.

Ég spái því þess vegna að þessi frumlegheit eigi eftir að ganga yfir og að ekki líði á löngu þangað til að foreldrar sem vilja vera virkilega frumlegir skíri börnin sín bara Jón og Guðrúnu. Þegar fram líða stundir verður nefnilega ekkert mál að finna Jón Jónsson í símaskránni.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

„... afar óvenjuleg spennusaga.“

Silja Aðalsteinsdóttir / TMM.IS

„Frábær bók ... Minnti mig á Flugdrekahlauparann.“

Heimir Karlsson / ÍSLAND Í BÍTIÐ

„Dásamleg saga, fyndin, áleitin og spennandi.“

Sigríður Albertsdóttir / DV

„... afar skemmtileg og áhrifamikil lesning.“

Þormóður Dagsson / MORGUNBLAÐIÐ

„Stórkostleg bók.“

Vikan

„... vel skrifuð, æsileg og dularfull.“

Árni Matthíasson / MORGUNBLAÐIÐ

„... minnti mig óneitanlega á Skugga vindsins.“

Ingibjörg Rögnvaldsdóttir / BOKMENNTIR.IS

„... einstök, óvenjuleg og heillandi.“

SCOTLAND ON SUNDAY

„... stendur fyllilega undir væntingum.“

BOOKSELLER

„... sleppir ekki takinu fyrr en hulunni hefur verið svipt af síðasta leyndarmálinu.“

LIBRARY JOURNAL

„... nú verða bornar á borð vel útilátnar bókmenntakræsingar.“

DAILY EXPRESS



JPV ÚTGÁFA
Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík
Sími 575 5600
www.jpv.is

JÓL 2006

GK REYKJAVÍK

OPNUNARTÍMAR GK REYKJAVÍK LAUGAVEGI 66
Mán. til fim. 11:00–18:00, fös. 11:00–18:30.
Lau. 2. des. 11:00–18:00, sun. 3. des. 13:00–18:00, lau. 9. des. 11.00– 18:00, sun. 10. des. 13:00–18:00.
Frá fim. 14. des. til 22. des. 11:00–22:00, 23. des. 11:00–23:00, 24. des. 9:00–12:00.

Kl. 20.00
Þorsteinn Gíslason, Steini, opnar sýninguna Ekki land í Populus tremula á Akureyri. Sýningin er aðeins opin þessa helgi milli 14 og 17.

menning

menning@frettabladid.is

Með fjöðurstaf og fornu bleki

Á morgun verður haldinn fjölskyldudagur í Þjóðmenningarhúsinu þar sem áhugafólk á öllum aldri getur kynnt sér sýningu Árnastofnunar á fornum handritum. Hægt verður að kynnast skrifaraiðn miðalda af eigin raun því börn og fullorðnir fá að meðhöndla það sem til þarf; fjöðurstafi gerða úr flugfjöðrum álfta, gæsa og arna, bókfell úr kálfskinni og blek soðið úr sortulyngi, mó og víðileggjum. Áhugasamir geta skrifað með rúnaletri því sýnt er hvernig stafrófið okkar er skráð með rúnum. Á fjölskyldudeginum verður safnkennari Árnastofnunar í skrifarastofu handritasýningarinnar og veitir aðstoð og fræðslu sem alla jafna býðst skólahópum á virkum dögum. Enginn sem kann að draga til stafs er of ungur eða of gamall til að hafa gaman af að kynnast þessari fornu iðn. Allir eru velkomnir og af þessu tilefni er enginn aðgangseyrir á sýningarnar í Þjóðmenningarhúsinu á umræddum tíma.

FJÖLSKYLDUFÓLK BOÐIÐ VELKOMIÐ Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ Ungir sem aldnir geta kynnt sér forna ritlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Auk handritasýningar Árnastofnunar eru í Þjóðmenningarhúsinu sýningarnar Íslensk tískuhönnun, Fyrirheitna landið og Berlin Excursion.
Húsið verður opið milli 14 og 17.

> Ekki missa af …

kvikmyndinni **Evu** eftir **Joseph Losey** sem Kvikmyndasafn Íslands sýnir í **Bæjarbíói í Hafnarfirði** á morgun. Rithöfundur staddur í Feneyjum er lítillækkaður af **fégráðugri franskri** konu sem hefur á honum hreðjatök. Ekki amalegur söguþráður það.

sýningu **Elenu Fitts** á **Kaffi Sólon** í Bankastræti. Ævintýralegar myndir eftir sjálfmenntaða listakonu.

jólasöngleiknum **Réttu leiðinni** í **Borgarleikhúsinu**. Börn og unglingar fara með öll hlutverk í sýningunni sem mun að sönnu koma öllum í jólaskap.

NÝJAR SPENNUBÆKUR

Forlagið Jentas gefur út spennusöguna **Sá sem valdið hefur** eftir Robert Dugoni. Lögreglumaðurinn David Sloane og rannsóknarlögreglumaðurinn Tom Molina glíma við erfitt sakamál sem tengist forseta Bandaríkjanna. Af hverju fremur trúnaðarmaður forsetans sjálfsmorð og hví hindrar Hvíta húsið rannsókn málsins? Sloane kemst á snoðir um samsæri sem forsetinn tengdist fyrir þrjátíu árum og mögulega tengist það martröð sem ásótt hefur lögreglumanninn frá barnsaldri. Þýðandi er Snjólaug Bragadóttir.



Uppreisn án landamæra hefur yfirskriftina spennusaga úr raunveruleikanum. Þar greinir frá skúrki, eiturlyfjasala og neytanda sem sneri við blaðinu og notar nú reynslu sína úr undirheimum Montrealborgar til að helga líf sitt hjálparstarfi og mannúðarmálum. Marc Vachon er starfandi verkefnisstjóri hjá Læknum án landamæra en gæti allt eins verið í fangelsi. Forlagið Jentas gefur bókina út en þýðandi er Oddný Sen.



Gillian Flynn er höfundur spennusögunnar **Beitt áhöld** en þar segir af Camille Preaker, ungri blaðakonu sem á við geðræn vandamál að stríða því hún á það til að skera sig með beittum áhöldum. Þegar tvær stúlkur finnast myrtar í heimabæ hennar er henni falið að skrifa um atburðinn. Fór hennar á heimaslóðir á síðan eftir að draga dilk á eftir sér því vera kann að fjölskylda hennar og hún sjálf séu flækt í morðmálið. Forlagið Jentas gefur bókina út en þýðandi er Aðalsteinn Hákonarson.

Metsöluhöfundurinn Harlan Coben er höfundur spennusögunnar **Saklaus** sem forlagið Jentas gefur út. Matt Hunter hefur nýlega verið sleppt úr fangelsi, hann fær gott starf og kvænist dásamlegri konu. Einn dag fær hann sendar undarlegar myndir af konu sinni með ókunnum karlmanni, allt í einu er hann hundeltur af lögreglu sem einu sinni var skólafélagi hans. Inn í söguna fléttast líka týndur nektardansari, dauður glæpon og dularfull myndbandsspóla en Hunter getur engum treyst. Síst þeim sem hann elskar. Þýðandi er Eiríkur Gauti Kristjánsson.

Aldarminning Árna

Tíbrártónleikar þann 1. desember verða helgaðir verkum eftir tónskáldið Árna Björnsson (1905-1995). Þar verður flutt fjölbreytt efnisskrá frá skömmum ferli þessa tónlistarmanns af glæsilegum hópi listamanna.

ALDARMINNING TÓNSKÁLDS Jónas Ingimundarson, Sigrún Eðvaldsdóttir og Gunnar Guðbjörnsson flytja tónsmíðar Árna Björnssonar með liðsinni fleiri listamanna. FRÉTTALBAÐIÐ/HÖRÐUR

Allt frá því að reglubundið tónleikahald hófst í Kópavogi, hefur árlega verið efnt til „portrait“ tónleika í Salnum fyrsta dag desembermánaðar. Tónleikarnir hafa verið helgaðir íslenskum tónskáldum og verkum þeirra. Á fyrsta starfsári Salarins í desember 1999 varð Emil Thoroddsen fyrir valinu, þá Karl Ottó Runólfsson, Sigvaldi Kaldalóns, Jórunn Viðar, Jón Þórarinsson, Atli Heimir Sveinsson og nú er röðin komin að Árna Björnssyni.
Á efnisskrá á tónleikunum 1. desember eru einsöngslög, kórlög og rómönsur fyrir fiðlu og píanó eftir Árna Björnsson. Flytjendur eru þau Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari, Gunnar Guðbjörnsson tenórsöngvari, Jónas Ingimundarson píanóleikari og Kammerkór Hafnarfjarðar undir stjórn Helga Bragasonar.

ÁRNI BJÖRNSSON 1905-1995

Á síðasta ári voru liðin hundrað ár frá fæðingu tónskáldsins, flautu- og píanóleikarans Árna Björnssonar, sem var einn af frumkvöðlum íslensks tónlistarlífs.
Hann fæddist og ólst upp í Lóni í Kelduhverfi, en sýndi fljótt orgelinu í stofunni meiri áhuga en búskapnum. Um formlegt tónlistarnám í æsku var ekki að ræða en þrátt fyrir það var Árni þegar á unglingsárunum farinn að stjórna kórum víða um héraðið. Þegar hann hleypti heimdraganum lá leiðin til Reykjavíkur þar sem hann á árunum 1930-1935 stundaði nám í Tónlistarskólanum í píanóleik, tónfræði og hljómfræði hjá dr. Urbancic og Franz Mixa. Einnig lærði hann að leika á flautu og var einn af stofnfélögum Hljómsveitar Reykjavíkur, sem var undanfari Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1950. Hann vann fyrir sér með kennslu og lék á píanó við ýmis tækifæri og í danshljómsveitum.
Árni stundaði framhaldsnám við Royal College of Music í Manchester á stríðsárunum 1944-1946, og kenndi eftir það við Tónlistarskólann í Reykjavík ásamt því að semja tónlist fyrir hljómsveitir, kammerhópa, lúðrasveitir, einsöng, kóra- og dægurtónlist. Árni lagði drög að óperu sem byggði á Gunnlaugs sögu Ormstungu. Sú ópera hefði orðið fyrsta íslenska óperan ef honum hefði auðnast að ljúka við hana. Af því varð þó ekki
Eitt kvöld 1952 varð Árni fyrir fólskulegri líkamsárás tveggja manna sem veittu honum alvarlega höfuðáverka, svo olli heilaskemmdum og batt enda á starfsferil hans. Hann hélt þó áfram að semja, en stíllinn breyttist. Ferill hans varð aldrei samur og þær miklu vonir sem bundnar voru við hann dofnuðu.
Minningu Árna hefur ekki verið nægilegur sómi sýndur en þessir Tíbrár-tónleikar bæta úr því og opna leið fyrir væntanlegan tvöfaldan disk á vormánuðum 2007 með úrvali af tónlist Árna á vegum Smekkleysu. - pbb

Rúna sýnir í Hafnarborg

Í dag kl. 17 opnar Sigrún Guðjónsdóttir, sem kunn er af listamannsnafni sínu, Rúna, sýningu í Sverrissal og Apóteki í Hafnarborg. Á sýningunni verða steinleirsmyndir og verk unnin á pappír með akríl, olíukrít, pastel og bleki. Rúna hefur unnið mikið með japanskan pappír, sem er efnismikill og gljúpur, og því allt annað efni að vinna á en steinleir sem hún hefur haldið tryggð við svo árum skiptir og gert að sínu efni.
Starfsferill Rúnu er orðinn langur og fjölbreytilegur. Allt frá árinu 1950, þegar hún tók að birta svipsterkar teikningar sínar, og til þessa dags hefur hún tekið þátt í ótal sýningum innanlands og utan, lagt stund á myndlistarkennslu, hönnun, bókaskreytingar og skreytingar á byggingum svo nokkuð sé nefnt.

MYNDLIST RÚNU Sigrún Guðjónsdóttir sýnir í Hafnarborg.

Hún var ásamt manni sínum Gesti Þorgrímssyni einn af frumkvöðlum íslenskrar leirlistar á þeim tíma þegar fáir sinntu leirgerð og er heiðursfélagi Leirlistafélagsins. Saman unnu þau Gestur lengi að leirmunagerð og skreytingum á opinberum byggingum.
Rúna tók virkan þátt í félagsstarfi myndlistarmanna og var fyrsti formaður Félags íslenskra myndlistamanna 1981-1985, hún sat í stjórn Norræna myndlistarbandalagsins 1981-1985 og í stjórn Norrænu listamiðstöðvarinnar á Sveaborg 1983-1987. Hafnfirðingar sýndu henni þann sóma að kjósa hana fyrsta bæjarlistamann Hafnarfjarðar 2005 og komu fáir ef nokkrir til greina í fyrsta vali nema hún.
Sýning hennar nú er til marks um hversu lengi listamenn geta haldið áfram störfum, ekki síst þeir sem vinna stöðugt af natni og elju á sínum vettvangi.
Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17, á fimmtudögum er opið frá kl. 11 til 21. Sýningin stendur út desember. - pbb

John Lennon

1940 - 1980



: : give peace a chance

: : John Lennon er einn dáðasti tónlistarmaður allra tíma : eftir hann liggja fjölmörg þekkt lög sem daglega eru spiluð víða um heim : hann fæddist í liverpool 9. október 1940 en féll fyrir hendi morðingja í new york 8. desember 1980 : viðsvegar um heiminn var fólk slegið yfir dauða hans og margir telja að fráfall hans hafi verið eitt mesta áfall tónlistarsögunnar

: : John Lennon var baráttumaður fyrir friði í heiminum og lét mannréttindi og réttlæti sig miklu varða : hann var þekktur fyrir sinn beinskeitta húmor og róttækar skoðanir sem birtust ekki hvað síst í harðri gagnrýni á stefnu stjórnvalda í bandaríkjunum þar sem hann bjó og starfaði síðustu árin

: : um helgina heiðrum við manneskjuna og tónlistarmanninn John Lennon með glæsilegum hljómleikum í háskólabíói þar sem flutt verða helstu lög hans í nýjum útsetningum : fram koma fjörtíu hljóðfæraleikarar úr sinfóníuhljómsveit íslands ásamt rokkhljómsveit og mörgum af fremstu söngvurum landsins

ekki missa af þessum einstaka tónlistarviðburði

: : föstudagur 1. desember kl 20 uppselt

: : laugardagur 2. desember kl 16 laus sæti

: : laugardagur 2. desember kl 20 nokkur laus sæti

: : sunnudagur 3. desember kl 20 nokkur laus sæti

miðasala á midi.is og í verslunum skífunnar
miðar verða einnig seldir við innganginn í háskólabíói

: : lennon.is

Stórviðburðir Listahátíðar

Forsala á þrjá af stærstu viðburðum Listahátíðar í Reykjavík 2007 hefst næstkomandi mánudag en hátíðin fer fram 10.-26. maí. Viðburðirnir sem hér um ræðir eru sýningar San Francisco-ballettsins undir stjórn Helga Tómassonar í Borgarleikhúsinu, sem verða sjö talsins og hefjast 16. maí, og tónleikar Dmitri Hvorostovsky 20. maí og Bryn Terfel 21. maí sem báðir verða í Háskólabíói. Er þetta í fyrsta sinn sem Listahátíð hefur miðasölu á völdum viðburðum í desember. Kynning á heildardagskrá hátíðarinnar verður eftir áramót.

San Francisco-ballettinn þarf vart að kynna fyrir Íslendingum eftir komu hans hingað til lands á Listahátíð árið 2000. Nú, sjö árum síðar, hefur Helgi Tómasson sett saman sýningu sérstaklega fyrir Íslendinga sem byggir á ballettum sem hann hefur samið fyrir flokkinn. Er hér um að ræða mörg glæsilegustu verk Helga sem öll sýna afburðahæfni fremstu dansara hópsins.

SÉRSAMIÐ FYRIR ÍSLANDSHEIMSÓKN San Francisco-ballettinn flytur verk sem Helgi Tómasson hefur sett saman.

Dmitri Hvorostovsky vann á sínum tíma Bryn Terfel í keppninni Cardiff BBC singer of the world árið 1989, en síðan hafa þeir verið taldir tveir fremstu barítónar heims. Á Listahátíð í Reykjavík gefst einstakt tækifæri til þess að hlýða á báða þessa stórsöngvara.

Fræg er tónleikaför Hvorostovsky um Rússland í boði Pútíns forseta þegar hann söng fyrir mörg hundruð þúsund áhorfendur til minningar um rússneska hermenn sem börðust í seinni heimsstyrjöldinni. Þekktastur er hann fyrir hlutverk Onegin í óperu Tchaikovsky Eugene Onegin og er stundum talað um að það hlutverk sé eins og skapað fyrir hann. Það mun varla ofsögum sagt að Bryn Terfel sé einn dáðasti söngvari samtímans. Miðasalan fer fram á vef hátíðarinnar www.listahatid.is og í síma 552-8588 alla virka daga frá kl. 10-16. - khh

Jólatónleikar Svansins

Lúðrasveitin Svanur heldur árlega jólatónleika sína á sunnudaginn.

Efnisskráin er fjölbreytt að vanda og munu tónleikagestir fá að heyra allt frá rússneskum polka yfir í íslensk dægurlög. Rúmlega þrjátíu hljóðfæraleikarar munu taka þátt í tónleikunum sem verða með hátíðarbrag en Einar Jónsson trompetleikari mun leika með sveitinni.

„Einar leikur með okkur lag eftir Sæbjörn Jónsson, einn af heiðursfélögum Svansins, sem lést á þessu ári. „Lagið „Stars in a Velvet Sky“ er eftir Sæbjörn sem lék á trompet með sveitinni um árabil,“ segir Guðný Jónsdóttir hljóðfæraleikari.

LÚÐRASVEITIN SVANUR Blæs til jólatónleika á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Guðný bendir einnig á að sveitin sé einkar samstillt en félagar úr henni fóru á lúðrasveitamót í Þýskalandi fyrir skömmu og er Svanurinn því í toppformi. Stjórnandi lúðrasveitarinnar er Rúnar Óskarsson.

Tónleikarnir fara fram í sal í sal SÁÁ, Efstaleiti 7 í Reykjavík og hefjast þeir kl. 17 á sunnudaginn.

KASA-TÓNLISTARHÓPURINN Í björtu veðri við Reykjavíkurhöfn á dögunum.

KaSa í Ráðhúsinu

Í dag kl. 17 geta borgarbúar sótt í Ráðhúsið sitt og hlustað á KaSa hópinn flytja ljúfa klassíska kammertónlist. Á efnisskránni verða verk eftir Mozart, Beethoven, Schubert, Poulenc, Villa-Lobos og Jón Nordal. Hljóðfæraleikararnir í þessari ágætu kammersveit eru Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari, Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari, Helga Þórarinsdóttir víóluleikari, Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari, Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari og Sigurgeir Agnarsson sellóleikari. Dagskrána kalla þau „Klassísk Reykjavík“ og verður hún á óformlegum nótum með spjalli um tónskáldin og verkin til kynningar. Í lokin verður svo leikinn jólasálmur Mozarts, Í dag er glatt.

KaSa-hópurinn var tilnefndur annar tveggja tónlistarhópa Reykjavíkurborgar 2006 og hefur af því tilefni komið fram á árinu á Vetrarhátíð, í Norræna húsinu og nú síðast á tónleikum þann 1. október síðastliðinn í menningarmiðstöðinni Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn við góðar undirtektir. Tónleikarnir sem helgaðir voru íslenskri kammertónlist í sögulegu samhengi voru hljóðritaðir og sendir út af danska ríkisútvarpinu, einnig stendur til að hljóðrita verkin á geisladisk til útgáfu á næsta ári.

Enn fremur mun KaSa hópurinn flytja tónlistarkynningar í Menntaskólanum í Reykjavík, í Borgarholtsskóla og á hjúkrunarheimilinu Skjóli á næstunni.

KaSa-tónlistarhópurinn hefur hlotið styrki til tónlistarverkefna frá eftirtöldum aðilum: Menntamálaráðuneytið/Tónlistarsjóður, viðskipta- og iðnaðarráðuneytið, Skandinavia-Japan Sasakawa sjóðurinn, Reykjavík-Loftbrú, Menningarsjóður Íslandsbanka & Sjóvár-Almennra, Tíbrá, Nýsköpunarsjóður tónlistar Musica Nova, Fitur, Samstarfssjóður Nuuk-Reykjavíkur-Þórshafnar, Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur, Þróunarsjóður Leikskóla, Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar og Tónskáldasjóður RÚV. Það er því í boði þessara aðila sem áhorfendur geta notið ljúfra tóna í Ráðhúsinu í dag. - pbb

Til hamingju með afmælið

og nýja diskinn !



útgáfutónleikar

á **Café Rosenberg**
föstudaginn 1.desember **kl: 21:00**

& aukatónleikar
laugardaginn 2.desember **kl: 22:00**
Miðaverð: 1000 kr

Músik ehf

Leyndinni aflétt

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur er höfundur bókarinnar Óvinir ríksins – ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi sem kemur út hjá Máli og menningu.

Til skamms tíma var talið að leynilegt eftirlit hins opinbera með þegnum landsins væri harla lítið hér á landi. Með árunum hefur þó fjölmargt komið fram sem bendir til hins gagnstæða og eftir því sem leynd hefur verið aflétt af ýmsum skjalasöfnum hér heima og erlendis hefur myndin skýrst smám saman. Guðni komst óvænt í gögn og heimildir um þessa starfsemi sem aðeins var á fárra vitorði. Í bókinni er dregið fram í dagsljósið hversu langt var gengið í viðleitni til að vernda „innra öryggi“ ríkisins og hulunni er svipt af rás háleynilegra atburða og ljósi varpað á það sem gerðist á bak við tjöldin.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

28 29 30 **1** 2 3 4

Föstudagur

OPNANIR

- 17.00 Sýningin **...eitthvað fallegt** verður opnuð í **Gallerí Turpentine** í Ingólfsstræti. Sýningarstjóri er **Aðalsteinn Ingólfsson.**
- 20.00 **Þorsteinn Gíslason** opnar sýninguna **Ekki land** í **Populus tremula** á Akureyri. Sýningin er aðeins opin þessa helgi milli 14-17.

FYRIRLESTRAR

- 12.30 **Höskuldur Björnsson** heldur erindið **Kolmunni á Íslandsmiðum** fundarsal á fyrstu hæð **Skúlagötu 4**.

SÝNINGAR

- 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.
- 11.00 **Katrín Pétursdóttir** sýnir í galleríi **i8** við **Klapparstíg**. Sýningin er opin þriðjudaga til föstudaga milli 11-17 og á laugardögum kl. 13-17.
- 11.00 **Elena Fitts** sýnir verk sín á **Kaffi Sólon** í **Bankastræti**.
- 12.00 Sýningin **Exercise in Touching**, **Æfing í að snerta** er opin í **Norræna húsinu** alla daga , nema mánudaga, milli 12-17. Sýnd eru verk **Borgny Svalastog** sem unnin eru í ýmissi tækni. Sýningin stendur til 17. desember.

Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

Sýnt í Iðnó

Lau. örfá sæti	2. des.	Miðasala virka daga
Sun.	3. des.	frá kl. 11-16 og
Fim.	7. des.	2 tímum fyrir sýningar.
Fös.	8. des.	Sími 562 9700
Lau.	9. des.	idno.is og midi.is
		Sýningar kl. 20

Síðustu sýningar!

"Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri."
S.A. TMM

AUSTURBÆR
Þú ert enginn Jonny Depp!:
Fös 01. des kl. 20.00
Miðaverð kr. 1.500 -
Skólafólk og hópar kr. 1.000
Barnasýningin Jólafárið:
Lau 9. des kl.13.00 Frumsýning
Lau 9. des kl.15.30
Sun 10.des kl.13.00
Sun 10.des kl.15.30
Miðasala sími : 551 4700

☐ 14.00 **Helga Óskarsdóttir** og **Kristinn Már Pálmason** sýna verk sín í **Gallerii Kling & bang** um þessar mundir. Sýningarnar eru opnar fimmtudaga til sunnudaga milli 14 og 18.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 13.00 Sýningu **Kristínar Helgu Káradóttur** í **Gryfju Listasafns ASÍ** lýkur um helgina. Kristín sýnir myndbandsverk sem bera yfirskriftina **Þráðlaus tenging**. Safnið er opið alla daga, nema mánudaga frá 13-17. Aðgangur er ókeypis.

FÉLAGSLÍF

☐ 12.00 **Íslandsklukkunni**, listaverki **Kristins E. Hrafnssonar**, við Háskólann á Akureyri verður hringt sex sinnum, einu sinni fyrir hvert skólaár umfram árið 2000. **Baldvin Jóh. Bjarnason** fyrrverandi kennari og skólastjóri hringir með aðstoð **Gunnars Aðalgeirs Arasonar,** 5 ára leikskólanema. Varaforseti háskólaráðs og formaður Félags stúdenta við HA munu flytja ávörp og eftir barnasöng verður boðið upp á kakó og smákökur í kaffiteríu skólans.

TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Sigrún Eðvaldsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson** og **Jónas Ingimundarson** syngja og leika einsöngslög, kórlög og rómönsur fyrir fiðlu og píanó eftir **Árna Björnsson í Salnum í Kópavogi.**

☐ 21.00 **Halli Reynis** heldur útgáfutónleika á **Café Rósenberg** í Lækjargötu. Diskur hans **Fjögurra manna far** kemur út í tilefni af fertugsafmæli tónlistarmannsins.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Karma frá Selfossi í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

ÓFAGRA VERÖLD
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 Fös 8/12 kl. 20
Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20

FOOTLOOSE
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Lau 6/1 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20
Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20

BLÓÐBRÚÐKAUP
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup
Í kvöld kl.20 Lau 2/12 kl. 20
Sun 3/12 kl.17 Sun 3/12 kl. 20
Sun 3/12 kl. 20 Miðaverð 1.500

SÖNGLIST NEMENDASÝNINGAR
Lau 2/12 kl. 14:30 Sun 3/12 kl. 11:00
Sun 3/12 kl. 14:00 Mán 4/12 kl. 17:00

BROT AF ÞVÍ BESTA
Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

MEIN KAMPF
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

AMADEUS
Sun 3/12 kl. 20 Sun 10/12 kl. 20
Sun 7/1 kl. 20 Síðustu sýningar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14
Lau 30/12 kl.14 Sun 7/1 kl. 14

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn

Í dag kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Í dag kl. 13:00 UPPS Miðaverð 500
Mán 4/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Þri 5/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500 AUKAS.
Mið 6/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Fim 7/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Fös 8/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Lau 9/12 kl.. 13:00 UPPS Miðaverð 1.400
Lau 9/12 9/12 kl. 15:00 Miðaverð 1.400
Sun 10/12 kl. 13:00 Miðaverð 1.400
Sun 10/12 kl. 15:00 Miðaverð 1.400
Mán 11/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Þri 12/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Mið 13/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Fim 14/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Fös 15/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Lau 16/12 kl. 13:00 Miðaverð 1.400
Lau 16/12 kl. 15:00 Miðaverð 1.400

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna
SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur,
Sjón og Messíönu Tómasdóttur
3. sýning 2. desember kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ KR. 2.500
Gjafakort í Óperuna - Tilvalin jólagjöf
Spennandi verkefni á vormisseri - verð frá kr. 1.000
Til sölu í miðasölu Íslensku óperunnar
STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
STÓRFENGLEG!
Í kvöld fös. 1/12 örfá sæti laus, lau. 2/12. Síðustu sýningar fyrir jól!
Lau. 6/1, lau. 13/1, lau. 20/1, lau. 27/1.
SITJI GUÐS ENGLAR
Fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn. kl. 17:00 örfá sæti laus, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn. kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00, sun. 21/1 kl. 14:00.
PÉTUR GAUTUR
Fös. 8/12 uppselt, lau. 9/12 uppselt, sun. 10/12 örfá sæti laus.
Allra síðustu sýningar!

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
PATREKUR 1,5
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus.
Ath. Miðaverð aðeins 1500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN KL. 20:00
UMBREYTING Brúðusýning fyrir fullorðna!
Í kvöld fös. 1/12 nokkur sæti laus. Síðasta sýning!
SKOPPA OG SKRÍTLA
Lau. 6/1 kl. 11:00 örfá sæti laus - sýn kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00 uppselt.

LEIKHÚSLOFTIÐ
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Lau. 2/12 kl. 13:00 uppselt - sýn. kl. 14:30 uppselt - sýn. kl. 16:00 uppselt, sun. 3/12 kl. 13:00 uppselt - sýn. kl. 14:30 uppselt - sýn. kl. 16:00 uppselt, lau. 9/12 kl. 13:00 uppselt - sýn. kl. 14:30 uppselt - sýn. kl. 16:00 uppselt, sun. 10/12 kl. 13:00 uppselt - sýn. kl. 14:30 uppselt - sýn. kl. 16:00 uppselt, lau. 16/12 kl. 13:00 - sýn. kl. 14:30 - sýn. kl. 16:00 uppselt, sun. 17/12 kl. 13:00 uppselt - sýn. kl. 14:30 uppselt - sýn. kl. 16:00 uppselt, fös. 22/12 kl. 13:00.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

„Ef mannsröddin getur snert mann
þá mun Denyce Graves svo sannarlega hreyfa þig úr stað.“
ATLANTA JOURNAL-CONSTITUTION

„... með sláandi sviðsþokka og stórbrotinni túlkun tókst henni að halda áheyrendum hugföngnum í fjórum uppklöppum.“
NEW YORK TIMES

Söngstjarna 21. aldarinnar

Denyce Graves, mezzosópran, er ein mest spennandi söngstjarna heims um þessar mundir og því mikið fagnaðarefni að hún skuli koma fram á tvennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Ferill Graves hófst með miklum sprengikrafti, þegar hún debúteraði í hlutverkinu Carmen í Metropolitan-óperunni í New York, og hlaut einróma lof gagnrýnenda fyrir. Graves er eftirsótt af þekktustu óperuhúsum heims, enda hefur segulmagnaður sviðsþokki hennar og framkoma vakið gríðarlega eftirtekt. Efnisskrá tónleikanna í Háskólabíói er víðfeðm og spennandi, enda Graves fjölhæfur og frábær flytjandi.

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN **7. DESEMBER** KL. 19.30 – **UPPSELT**
LAUGARDAGINN **9. DESEMBER** KL. 17.00 – LAUS SÆTI

Hljómsveitarstjóri ::: Jonas Alber
Einsöngvari ::: Denyce Graves

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

JESSYE NORMAN FORFALLAST. Af óviðráðanlegum orsökum getur söngkonan Jessye Norman ekki komið fram á tónleikunum eins og fyrirhugað var. Þeim sem þegar hafa keypt miða á þessa tónleika er bent á að hafa samband við miðasölu í síma 545 2500 eða koma við á skrifstofunni í Háskólabíói, sé endurgreiðslu óskað.

30-90% afsláttur

30%* afsláttur

TILBOÐ **6.990**kr
Bókatíðindaverð 9.990,-

30%* afsláttur

TILBOÐ **3.490**kr
Bókatíðindaverð 4.990,-

30%* afsláttur

5. sæti
Almenn

TILBOÐ
8.380
Kynningarver
11.980,-
Verð 01.01.0
15.980,-

30%* afsláttur

TILBOÐ **3.130**kr
Bókatíðindaverð 4.480,-



30%* afsláttur

TILBOÐ **2.780**kr
Bókatíðindaverð 3.980,-

30%* afsláttur

TILBOÐ **2.440**kr
Bókatíðindaverð 3.490,-

30%* afsláttur

7. sæti**
Ævisögur

TILBOÐ **4.180**kr
Bókatíðindaverð 5.980,-

30%* afsláttur

10. sæti**
Ævisögur

TILBOÐ **4.880**kr
Bókatíðindaverð 6.980,-



90%* afsláttur

TILBOÐ **199**kr
Almennt verð 1.990,-

30%* afsláttur

TILBOÐ **2.790**kr
Bókatíðindaverð 3.990,-



40%* afsláttur

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði eða almennu verði.

** Samkvæmt sölulista Morgunblaðsins 21.-27. nóv. 2006.

Gildir til 4. desember eða á meðan birgðir endast.

af vinsælum bókum

Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.350kr
Bókatíðindaverð 4.790,-

4. sæti**
Ævisögur

30%* afsláttur

TILBOÐ 4.180kr
Bókatíðindaverð 5.980,-

3. sæti**
Skáldverk

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.280kr
kynningarverð 4.690,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 2.790kr
Bókatíðindaverð 3.990,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 2.440kr
Bókatíðindaverð 3.490,-

30%* afsláttur

4. sæti**
Skáldverk

TILBOÐ 2.790kr
Bókatíðindaverð 3.990,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 2.440kr
Bókatíðindaverð 3.490,-

TILBOÐ 2.680kr
Bókatíðindaverð 4.480,-

TILBOÐ 2.690kr
Bókatíðindaverð 4.490,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 1.730kr
Bókatíðindaverð 2.480,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 1.730kr
Bókatíðindaverð 2.480,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 2.570kr
Bókatíðindaverð 3.680,-

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

SNOOP DOGG

JÓNAS SIGURÐSSON

Í SPILARANUM

The Mountain Goats - Get Lonely
Snoop Dogg - Tha Blue Carpet Treatment
Swan Lake - Beast Moans
Jónas Sigurðsson - Þar sem malbikið svífur mun ég dansa
Tokyo Police Club - A Lesson in Crime

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Skrifar fyrir virt vefrit

Marga netverja rak í rogastans þegar þeir sáu nafn Atla Bollasonar skrifað undir umfjöllun um tónleika Sufjan Stevens í Fríkirkjunni á heimasíðunni Pitchforkmedia.com, sem er einhver sú virtasta í bransanum. „Ég og Leó Stefánsson félagi minn rákumst á útsendara Pitchfork á Airwaves og það fór bara nokkuð vel á með okkur. Við bentum honum á áhugaverð bönd og Leó endaði á því að taka myndir fyrir hátíðina sem birtust á Pitchfork. Síðan hefur ritstjórnin verið í sambandi þegar eitthvað spennandi gerist hér á landi og við höfum reynt að liðsinna þeim eftir fremsta megni," segir Atli. „Jákvæð umfjöllun á Pitchfork þýðir að bandið þitt er orðið að stórstjörnu í indí-heiminum. Bönd eins og Arcade Fire og Interpol væru varla neitt án síðunnar," segir Atli um vinsældir og vægi síðunnar en tekur það líka fram að mörgum þyki Pitchfork vera hroka- og fordómafullur miðill. Atli, sem viðurkennir að vera mikill aðdáandi síðunnar, segist ekki viss um hvort hann muni skrifa meira, þótt hann sé vissulega til. „Það er dálítið spennandi að hundrað þúsund manns hér og þar um heiminn muni taka mark á því sem mér fannst, einhver völd sem fylgja því." Atli segir að próförk Pitchfork hafi þó lítillega poppað upp á enskukunnáttu sína í greininni, „Ég veit ekki einu sinni hvað „austere" þýðir."

- hal

> Plata vikunnar

Ampop - Sail to the Moon

★★★★

„Sannfærandi framhald af My Delusions. Það er greinilega enginn hörgull á góðum hugmyndum og flottum lagasmíðum hjá Ampop. Ein af plötum ársins." TJ

TÓNNINN GEFINN
Steinþór Helgi Arnsteinsson

Niðurlæging íslensks popps

Staðreyndin sem blasir við íslenska poppheiminum í dag er einfaldlega sú að hann er gjörsamlega staðnaður og hefur hljómað nær alveg eins í rúm tíu ár. Þetta er sorgleg staðreynd en engu að síður sönn. Ef einhver getur bent mér á íslenska popphljómsveit sem komið hefur fram á síðustu tíu árum og breytt íslensku tónlistarlandslagi þá má sá og hinn sami endilega gera það. Þessari gagnrýni vil ég sérstaklega beina að Senu, gömlu Skífunni, sem er langstærsti útgefandi íslenskrar tónlistar.

Sena fær hins vegar lof fyrir eitt, útgáfan er alltaf gríðarlega stór og í raun ótrúlegt hvað kemur mikið út af íslenskri tónlist á ári hverju. Hins vegar hefur Sena með þessari stóru útgáfu sinni náð að kæfa aðra aðila á markaðnum og íhaldssemin sem ríkir á þeim bænum er til háborinnar skammar. Hugmyndafátæktin er algjör og ekkert virðist í kortunum sem bendir til þess að eitthvað sé að fara að breytast. Hvenær ætla menn til dæmis að hætta að gefa út tónlist þar sem textarnir fjalla um „ástir í djúpum dölum" og fólk sem „sakna andlits þíns á kodda mínum"?

Fáir nýliðar hafa komið inn í bransann en í staðinn hefur verið leitað til eldri jaxla á borð við Stebba Hilmars, Jóns Ólafs, Gunna Þórðar og Sigurðar Bjólu svo fáeinir séu nefndir. Spurning hvort við fáum ekki að heyra gullmola aftur á borð við „Síðan liðu árin hratt/ Það kom bleiuþvottur, kvöldvinna og Kiwanis/ Og Parket á gólf" sem hljómuðu á plötu Sléttuúlfanna, Undir bláum mána. Nýliðaleysið má að mestu eða öllu leyti skýra út frá þeirri staðreynd að hæfileikaríkir tónlistarmenn á Íslandi hafa einfaldlega ekki áhuga á að skapa tónlist eins og þá sem hefur verið fjöldaframleidd undanfarin ár. Um það á tónlistarbransinn einmitt að snúast, sköpun, en ekki að græða peninga.

Idol-, ábreiðu- og safnplötur fyrir „miðaldra fólk á öllum aldri" (eins og var sagt í nýlegum plötudómi) eru hreinlegar orðnar þreyttar og íslensk popptónlist er einfaldlega orðin alltof einsleit. Eitthvað þarf að aðhafast í þessum málum. Við getum ekki sífellt verið að gorta okkur af því að hér sé eitt gróskumesta tónlistarlíf heimsins og neita þessum tónlistarmönnum um færi á að njóta sín til fulls í stað þess að hjakka alltaf í sama farinu.

CSS Hinar raunverulegu "Brazilian Girls" og strákurinn Adriano Cintra.

Röðin komin að Brasilíu

Ein af þeim nýju rokksveitum sem hafa vakið athygli undanfarna mánuði er brasilíska sveitin CSS sem er skipuð fimm stelpum og einum strák. Lögin Let's Make Love and Listen to Death From Above og Meeting Paris Hilton hafa farið eins og eldur um sinu um netið og fyrsta platan þeirra Cansei de Ser Sexy er nýkomin út hjá Sub Pop útgáfunni. Trausti Júlíusson lagði við hlustir.

Brasilíska hljómsveitin CSS er ein af uppgötvunum ársins í tónlistarheiminum. Fyrsta platan hennar, Cansei de Ser Sexy hefur fengið frábæra dóma og sveitin hefur verið að spila grimmt bæði í Bandaríkjunum og Evrópu undanfarið og þykir frábær á tónleikum. Hún stal t.d. senunni á CMJ tónlistarhátíðinni í New York um daginn, en CMJ er ein aðalhátíðin vestanhafs.

Stofnuð gegn leiðindum

Sagan af því hvernig hljómsveitin CSS varð til er tilbrigði við klassískt stef úr rokksögunni. Fyrir þremur árum ákváðu nokkrar vinkonur í São Paulo í Brasilíu að stofna hljómsveit af því að þeim leiddist flestar þær hljómsveitir sem voru að spila á tónleikum í Brasilíu. „Allir þessir strákar með gítarana sína, bassana og trommusettin voru svo alvarlegir og virtust taka hljóðfærin sín svo alvarlega," rifjar Luiza Sá, ein af stelpunum fimm í CSS, upp í nýlegu viðtali. „Það vantaði sárlega hvatvísi, litadýrð og húmor í þetta." Þar sem vinkonurnar kunnu ekki mikið á hljóðfæri þá byrjuðu þær á því að æfa sig í kjallaranum heima hjá einni þeirra, en fóru svo að koma fram í litlum klúbbum í borginni. Eftir nokkurn tíma var þetta orðin sex manna sveit, skipuð fimm stelpum og einum strák. Lovefoxxx syngur, Carolina Parra spilar á gítar og trommur, Ana Rezende spilar á gítar og munnhörpu, Luiza Sá spilar á gítar, trommur og hljómborð, Iracema Trevizan spilar á bassa og strákurinn Adriano Cintra spilar á trommur og gítar og syngur.

Vöktu fyrst athygli á netinu

Meðlimir CSS eiga það sameiginlegt að vera eða hafa verið í listnámi. Lovefoxxx er hönnuður, Ana er nemi í kvikmyndagerð, Ira er fatahönnuður, Carolina er grafískur hönnuður og Luiza er í myndlist. Nafnið CSS er skammstöfun fyrir Cansei de Ser Sexy, en það þýðir „þreytt á því að vera sexí". Þetta er tilvitnun í viðtal við Beyoncé sem stelpurnar rákust á í tímariti. Þær voru þá að leita að „heimskulegasta nafninu sem þær gætu fundið".

CSS vakti fyrst athygli á netinu, en meðlimirnir eru duglegir að blogga og í fyrstu settu þær bara myndir af æfingum á netið. Það vakti athygli á sveitinni áður en þær höfðu svo mikið sem tekið upp eitt lag. Seinna fóru lögin Let's Make Love and Listen to Death From Above og Meeting Paris Hilton að ganga manna á milli á netinu og á endanum rataði tónlistin til bandarísku útgáfunnar Sub Pop sem gerði sveitinni tilboð um útgáfusamning. Sub Pop er gamalgróin gæðaútgáfa sem er enn í dag þekktust fyrir að hafa uppgötvað Nirvana.

Devendra Banhart harður aðdáandi

Tónlist CSS er sambland af gítarrokki, elektró-tónlist og poppi. Þetta er mjög fersk og flott blanda sem hefur stundum verið líkt við sveitir eins og Le Tigre og jafnvel Blonde Redhead, en minnir líka á gamlar post-pönk sveitir eins og The Slits og Blondie. Textarnir minna sumir á hina kanadísku Peaches (í laginu Artbitch syngja þær „Suck Suck Suck My Art Tit, Lick Lick Lick My Art Hole"...), en nöfn laganna segja mikið um innihaldið: Music Is My Hot Hot Sex, Alcohol, Fuck Off Is Not The Only Thing You Have To Show...

Eins og áður segir hefur CSS spilað mikið á tónleikum á árinu og þ.á m. á mörgum tónlistarhátíðum. Á meðal tónlistarmanna sem hafa verið að hrósa sveitinni í hástert má nefna Devendra Banhart og bandarísku sveitina Spank Rock.

FYRST OG SÍÐAST ÁGÚST BENT

WU TANG CLAN - ENTER THE WU TANG

„Einfaldlega besta plata sem gerð hefur verið. Tölulvert betri en allar Bítlaplöturnar til dæmis. Árið var 1993 og hiphop var það heitasta sem var í gangi í New York-borg. Wu Tang spruttu fram á sjónarsviðið átta eða níu saman og gerðu allt tryllt. Þeir tóku þetta Kung fu-konsept og hlaupa algjörlega með það, allir meðlimirnir til dæmis með kung fu-nöfn. Á Þessum árum hófst gullöld hiphops-ins og þeir standa algjörlega upp úr. Allir kunna til dæmis lagið Wu Tang clan ain't nuthin to fuck wit. Kynslóðin mín ætti að vera kölluð Wu tang-kynslóðin."

GHOSTFACE KILLAH - FISHSCALE



Til marks um hvað Wu Tang eru góðir, þá á einn rappari hljómsveitarinnar, Ghostface Killah, plötu ársins skuldlaust. Nú eru 13 ár liðin og Ghostface er enn þá geðveikur. Að mínu mati er lagið Kilo best á disknum, það fjallar um kókaín og byrjar á soghljóðum og orðunum, „I can't feel my face". Ghostface er líka abstrakt rappari, nær artí-genginu í efnistökum og yrkjun en þeir sem eru í hans nánasta umhverfi. Hann er orðinn að költi.

HELGARTILBOÐ

~~2.199~~
1.999

Friðrik Karlsson& Þórunn Lárusdóttir
Álfar og fjöll

NÝTT

~~3.499~~
3.199

Björgvin Halldórsson
Björgvin og Sinfó

5CD

~~3.299~~
2.799

100 íslensk jólalög

NÝTT

1.999

Incubus
Light Grenades

~~2.199~~
1.999

Baggalútur
Jól og blíða

CD+DVD

~~2.599~~
2.299

Ýmsir flytjendur
Stóra stundin ykkar

CD+DVD

~~2.599~~
2.299

U2
18 singles

~~2.199~~
1.999

Todmobile
Opus 6



~~2.199~~
1.999

Ragnheiður Gröndal
Þjóðlög

NÝTT

2.299

Superman
DVD

NÝTT

2.299

Grettir 2
DVD

NÝTT

2.299

Over the hedge
DVD

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

20 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

fjörið ... fólk

folk@frettabladid.is

REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR SEGIR AÐ KARLMENN VILJI EKKI EIGNAST AUÐVELDAR KONUR

Karlmenn í konuleit

Ég rakst á skemmtilega grein um daginn í erlendu tímariti um það hverju karlmenn leiti að í konu. Konur hafa oft á tilfinningunni að karlmenn leiti sér að konu sem geri þeim lífið auðvelt, séu yfirleitt auðveldar í umgengni og viðráðanlegar. Þetta misskilja margar konur og haga sér í samræmi við það. Þá er ég að tala um að klæða sig frekar druslulega, vera einfaldar í fasi og hlæja að öllu sem þeir segja og gera. Þessi grein, sem á að vera byggð á ítarlegum rannsóknum, sýnir margt annað.

Í fyrsta lagi segir í greininni að karlmenn leiti sér að konum sem eigi sitt eigið líf og séu temmilega uppteknar af því. Séu ekki hringjandi, sendandi pósta og sms allan liðlangan daginn. Þeir leiti sér að konum sem láti ganga á eftir sér og eigi ekki alltaf frumkvæðið. Konum sem séu sexí án þess að vera druslulegar. Þetta finnst mér segja sig sjálft og að fleiri mættu átta sig á! Þá segir greinin líka að karlmenn kunni betur að meta konur sem séu ekki of auðveldar í bólið og láti hafa aðeins fyrir því að koma þeim þangað. Það er víst ekkert sem segir að karlmenn séu alltaf spenntari en konur að komast á þann áfangastað! Konur eigi að hugsa um mennina sína þannig að þær sýni þeim mátulega að þeim sé ekki sama um þá og vilji gera fyrir þá hluti eins og að elda og þvo af þeim þvott án þess þó að breytast í mömmur þeirra. Ennfremur segir að kona eigi að vera til halds og trausts fyrir manninn sinn eins og með því að sjá til þess að hann mæti ekki á fund með yfirmanninum með blett í bindinu og hlæja að bröndurunum hans þegar það skiptir máli fyrir hann. Hér kemur svo eitt sem er víst agalega mikilvægt: karlmenn vilja ekki konur sem beita þá þrýstingi! Þá er verið að meina að það er hreinlega bannað að minnast á G-orðið hræðilega … giftingu! Kona má víst aldrei ýta á eftir manni sínum að giftast eða skuldbinda sig. Vá, hvers lags endalaust tipl á tám er þetta? Þetta á víst að vera besta leiðin til að slaufa sambandinu, eins og það séu bara konurnar sem vilji giftast! Konur megi alls ekki fyrirgefa auðveldlega og kyngja bulli frá neinum. Ef þær geri mönnum sínum ekki grein fyrir því að svikum fylgi refsing beri þeir minni virðingu fyrir þeim og þeir komist upp á lagið með að henda í þær skít. Það hefur allavega reynst vel í þjóðfélögum að kenna fólki lexíur.

Greinin var fróðleg lesturs án þess þó að koma mér mjög á óvart en það virðist þó vera að allmargar konur séu haldnar ranghugmyndum um karlmenn. Það gefur auga leið að allt sem er of auðvelt er leiðinlegt til lengdar!

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Mel Gibson** finnur til með Seinfeld-stjörnunni **Michael Richards**, sem hafði uppi kynþáttahatur gegn tveimur þeldökkum náungum í uppistandi sínu á dögunum.

Gibson þurfti fyrir skömmu að biðjast afsökunar á ummælum sínum um gyðinga sem hann hafði uppi þegar hann var handtekinn fyrir ölvunarakstur. Hann segir að Richards hafi greinilega verið undir miklu álagi. „Þeir pynta hann örugglega í smá tíma og sleppa honum síðan. Mér líkar vel við hann," sagði Gibson.

Velkomin á DOMO

Domo Restaurant er nýr veitingastaður sem leggur áherslu á asíska/fusion rétti.

- Yfirkokkur er Ragnar Ómarsson, sem m.a. hefur verið valinn Matreiðslumaður ársins í tvígang, Matreiðslumaður Norðurlanda og hefur leitt kokkalandsliðið til glæstra sigra, nú síðast silfur- og bronsverðlauna á heimsmeistaramótinu 2006 í Luxemborg.

- Borðapantanir í síma 552 5588 og domo@domo.is

DOMO RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588

Domo Bar er á hæðinni fyrir neðan Domo Restaurant. Þar er þægilegt andrúmsloft og skemmtileg tónlist.

- Föstudagur 1. des.: Húsið opnar kl. 24
  Magga Stína leikur tónlist af plötum.

DOMO RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588

STEBBI OG EYFI Þeir félagar Stebbi og Eyfi sungu lög af plötunni Nokkrar notalegar ábreiður sem þeir gáfu út á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI ÞÓR

Stebbi og Eyfi aldrei betri

Félagarnir Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson héldu tvenna útgáfutónleika í Borgarleikhúsinu á miðvikudagskvöld.

Þar kynntu þeir plötuna Nokkrar notalegar ábreiður og spiluðu m.a. lögin Góða ferð, Pínulítið lengur og nýja útgáfu lagsins Draumur um Nínu, sem markaði upphaf samstarfs þeirra.

Þeim til fulltingis á tónleikunum var fullmönnuð hljómsveit auk bakradda og sextán manna strengjasveitar. Vel mátti merkja á gestum að þeir nutu tónleikanna til hins ýtrasta. Stebbi og Eyfi voru enda í sínu allra besta formi, nýbúnir að gefa út fyrstu plötu sína eftir langt og farsælt samstarf.

MEÐ GUÐRÚNU Stefán Hilmarsson stillti sér upp með söngkonunni Guðrúnu Gunnarsdóttur fyrir tónleikana.

STEMNING Fullmönnuð hljómsveit auk bakradda og sextán manna strengjasveitar myndaði góða stemningu ásamt forsprökkunum Stebba og Eyfa.

KARL OG SÓLVEIG Þau Karl og Sólveig hlýddu á tónleikana í Borgarleikhúsinu.

Í sveitasælu á Stokkseyri

Magna og förunautum hans úr Rockstar-genginu var boðið til dýrindis kvöldverðar á veitingastaðnum Við fjöruborðið á miðvikudagskvöld. „Mig langaði bara að gera eitthvað fyrir strákinn," sagði Bjarni Ágúst Sveinsson, frændi Magna, sem skipulagði kvöldið. „Svo leitaði ég til nokkurra aðila sem vildu óðir og uppvægir leggja sitt af mörkum," sagði Bjarni. Hann sagði gestina hafa verið hæstánægða með að komast aðeins út á land og njóta næðisins. „Þau voru búin að vera í stífum æfingum og voru alveg í skýjunum með þetta," sagði Bjarni en að sögn hans vakti hangikjötið frá Brekkubæ, uppeldisstað Magna, sérstaka lukku. „Eftir borðhaldið tóku þau svo nokkur lög og skemmtu sér bara vel," bætti Bjarni við en þau Storm og Toby voru þó fjarri góðu gamni. „Þetta var bara afskaplega heimilislegt og notalegt," sagði Bjarni að lokum.

HÚSBANDIÐ ÚR ROCKSTAR:SUPERNOVA Voru ánægðir með næðið á Stokkseyri.

ROKKSTJÖRNURNAR MATAST Hangikjötið frá ættaróðali Magna vakti mikla lukku hjá gestunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/SUNNLENSKA FRÉTTABLAÐIÐ

DRAUMATÆKIÐ

HD READY
PIXEL PLUS 2 HD MYNDTÆKNI
DIGITAL NATURAL MOTION
SKERPA 6000:1
AMBILIGHT
HDMI
USB

PIXEL PLUS 2

HDMI · USB · HD ready · ambi light

Philips 32PF9541
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight, Digital Natural Motion, HD Ready, Dynamic Contrast og Active Control, 2 x 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi með 1.200 síðna minni og fjarstýringu.

TILBOÐ
219.995
FULLT VERÐ **249.995**

PHILIPS UPPTÖKUTÆKI MEÐ HÖRÐUM DISK

AFRITUN BEINT Á DVD AF HARÐA DISKNUM MEÐ EINUM TAKKA

DVD MEÐ 80GB DISK

Philips DVDR3440H
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 80GB HÖRÐUM DISK, allt að 130 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

TILBOÐ
39.995
FULLT VERÐ **49.995**

DVD MEÐ 160GB DISK

Philips DVDR3450H
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 160GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

TILBOÐ
44.995
FULLT VERÐ **54.995**

DVD MEÐ 250GB DISK

Philips DVDR3460H
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 250GB HÖRÐUM DISK, allt að 400 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

TILBOÐ
49.995
FULLT VERÐ **59.995**

PHILIPS
LCD ALLAR STÆRÐIR

+R RW Dual Media

Heimilistæki
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

REYKJAVÍK	AKUREYRI	SELFOSS
SÆTÚNI 8	GLERÁRGÖTU 36	EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500	460 3380	480 3700

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

Í FRÍKIRKJUNNI Elma Geirdal og útgáfustjórinn Helgi Pjetur fylgdust með tónleikunum.

HJALTI OG SARA Þau Hjalti og Sara létu sig ekki vanta á útgáfutónleikana.

Kántrískotinn blús í Fríkirkjunni

Tónlistarkonan Lay Low, eða Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, hélt útgáfutónleika í Fríkirkjunni á miðvikudagskvöld.

Lay Low gaf á dögunum út sína fyrstu plötu, Please Don´t Hate Me, sem hefur fengið mjög góðar viðtökur. Þar spilar hún kántrískotinn blús og hlýddu um 400 manns á hana spila nýju lögin í Fríkirkjunni.

LAY LOW Tónlistarkonan Lay Low spilaði lög af plötu sinni á útgáfutónleikunum í Fríkirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

EDDA OG LINDA Vinkonurnar Edda og Linda hlýddu á Lay Low flytja lög af sinni fyrstu plötu.

HRESSIR Loftur Atli Eríksson og Þorvaldur Óskar Guðlaugsson voru á meðal áheyrenda í Fríkirkjunni.

REINALD OG STEINAR Félagarnir Reinald og Steinar stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.

Klámmyndastjarna kom upp á milli

Nú er komin upp á yfirborðið ástæðan fyrir skilnaði Britney Spears og Kevin Federline. Parið var búið að vera óhamingjusamt lengi en nú á Federline að hafa haldið framhjá Spears ítrekað með klámmyndastjörnunni Kendru Jade. Hún er fræg stjarna blárra mynda í Hollywood og hefur meðal annars gert garðinn frægan með því að sofa hjá 350 karlmönnum í einu.

Federline á að hafa átt í sambandi við hana síðan í desember síðastliðinn en kunningjar hans segja við blaðið Star að „þau séu bara vinir sem sofi saman, þau verði aldrei kærustupar“.

Þessar fregnir af Federline gerðu útslagið fyrir Spears enda sótti hún um skilnað stuttu eftir að hún frétti af þessu.

ÚTI ER ÆVINTÝRI Britney Spears sótti um skilnað frá Kevin Federline vegna framhjáhalds hans við klámmyndastjörnuna Kendru Jade.

Kidman tekjuhæst

Leikkonan Nicole Kidman er tekjuhæsta leikkonan í Hollywood. Fær hún allt að 1,1 milljarð króna fyrir hverja mynd sem hún leikur í samkvæmt árlegum lista yfir tekjuhæstu leikkonurnar.

Kidman, sem er 39 ára, varð í öðru sæti á síðasta ári á eftir Juliu Roberts sem hefur verið tekjuhæst undanfarin fjögur ár. Roberts komst ekki á listann í ár, enda eignaðist hún tvíbura sem hún hefur einbeitt sér alfarið að.

Í öðru sæti á listanum lenti Reese Witherspoon með rúman milljarð í laun. Hún vann óskarsverðlaunin fyrr á árinu fyrir hlutverk sitt í Walk the Line.

Í næstu sætum á eftir komu Renee Zellweger, Drew Barrymore og Cameron Diaz sem fá allar svipuð laun og Witherspoon.

NICOLE KIDMAN Kidman er tekjuhæsta leikkonan í Hollywood með 1,1 milljarð í laun fyrir hverja mynd.

Á eftir þeim komu Halle Berry, Charlize Theron, Angelina Jolie, Kirsten Dunst og Jennifer Aniston.

Jóhann Friðgeir & vinir

Einn okkar ástsælasti söngvari, stórtenorinn Jóhann Friðgeir, syngur hér ný lög og klassísk með mörgum af okkar bestu söngvurum.

Þessi glæsilega geislaplata er komin í verslanir Hagkaupa!

Gestasöngvarar á plötunni eru:
Bjarni Arason, Björgvin Halldórsson, Guðrún Árný, KK, Kristinn Sigmundsson, Leone Tinganelli, Margrét Eir, Sigrún Hjálmtýsdóttir & Stefán Hilmarsson.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



700 kr. miðinn
ef greitt er með MasterCard
dagana 1.-7. desember

Ein þekktasta saga mannkynssögunnar lifnar við í stórbrotinni mynd sem fylgir Maríu og Jósef eftir frá Nasaret til Betlehem.
Mikið var lagt í að gæða myndina raunsæi og fjölmargir sérfræðingar fengnir til aðstoðar við gerð myndarinnar. Sú vinna hefur skilað sér í magnþunginni og fallegri mynd sem segir söguna af fæðingu frelsarans.

REGNBOGINN · AKUREYRI SAMBÍÓIN

Meira á www.kreditkort.is/klubbar

Toto til Íslands

Hljómsveitin fornfræga Toto heldur tónleika í Laugardalshöll þann 10. júlí á næsta ári á vegum 2B Company. Tónleikarnir eru liður í að fylgja eftir nýjustu plötu sveitarinnar, Falling in Between, og eru tónleikarnir hér á landi þeir síðustu í tónleikaferð hennar.

Toto hefur verið starfandi í yfir þrjátíu ár og hefur selt 25 milljónir platna á ferli sínum. Á meðal þekktustu laga sveitarinnar eru Hold the Line, Rosanna, Africa og Georgy Porgy. Þess má geta að meðlimir Toto hafa einnig verið afar vinsælir hljóðfæraleikarar í gegnum tíðina og hafa spilað undir hjá mörgum bandarískum listamönnum.

Miðasala á tónleikana hefst 19. mars á næsta ári á midi.is.

TOTO Hljómsveitin Toto heldur tónleika í Höllinni á næsta ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

FORGOTTEN LORES Hljómsveitin Forgotten Lores er að gefa út sína aðra plötu.

Nýtt frá Forgotten Lores

Hip hop-hljómsveitin Forgotten Lores gefur út sína aðra plötu í dag sem nefnist Frá heimsenda.

Platan, sem er gefin út af Geimsteini, var að mestu tekin upp í Kaupmannahöfn síðasta sumar, þar sem þeir Baddi og Addi Intro eru búsettir. Telst platan vera nokkuð léttari en síðasta plata, Týndi hlekkurinn, sem kom út fyrir þremur árum.

Nýtt myndband er komið í spilun við lagið Sprettur í leikstjórn Elvars Gunnarssonar. Áhugasamir geta séð það á www.myspace.com/forgottenlores.

PETER JACKSON Leikstýrir Hobbitanum eftir allt saman.

Jackson mun víst leikstýra

Samkvæmt framleiðandanum Saul Saentz mun leikstjórinn Peter Jackson leikstýra kvikmyndinni Hobbitinn. Fyrir skömmu sagði Jackson að yfirmenn New Line Cinema vildu ekki fá hann til þess að leikstýra kvikmyndinni, þrátt fyrir velgengni Hringadróttinssögu. „Peter Jackson mun leikstýra myndinni, það er mitt fyrirtæki sem á réttinn að öllum verkum Tolkiens, New Line Cinema missir réttinn um áramótin, fólk þarf ekki að hafa neinar áhyggjur," segir Saentz.











HAGATORGI • S. 530 1919 www.haskolabio.is

NATIVITY STORY kl. 5:50-8-10:10		B.i. 6	MÝRIN	kl. 6 - 8 - 10:10	B.i. 12
THE DEPARTED	kl. 8	B.i.16	A SCANNER DARKLY	kl. 10:40	B.i. 16
BÖRN	kl. 6	B.i.12			

- ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ -
23. NÓV - 3. DES. SÝNINGARTÍMAR

Uomo in più, L'
(honum er ofaukið)
Sýnd kl. 5:50
Casa dalle finestre che ridono
(húsið með hlæjandi glugga)
Sýnd kl. 8
Posto dell'anima, Il
(staður sálarinnar)
Sýnd kl. 10:10

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI			SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK			SAMBÍÓIN / AKUREYRI		
SAW 3	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.i.16	SKOLAÐ Í BURTU m/ísl. tali	kl. 3:40 - 5:50	Leyfð	SKOLAÐ Í BURTU m/ísl	kl. 3:50 - 6	Leyfð DIGITAL	SKOLAÐ Í BU.. m/ísl. tali	kl. 6	Leyfð	STURTAÐ NIÐUR m/ísl	kl. 6	Leyfð
SAW 3 VIP	kl. 8 - 10:30		FLUSHED AWAY m/ensku tali	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	Leyfð	FLUSHED AWAY m/ensku	kl. 6 - 8:10 - 10:20	Leyfð DIGITAL	FLUSHED .. m/ensku tali	kl. 8	Leyfð	FLUSHED AWAY ensku tal	kl. 8	Leyfð
SANTA CLAUSE 3	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	Leyfð	JÓNAS m/ísl. tali	kl. 3.40	Leyfð	SANTA CLAUSE 3	kl. 3:50 - 6 - 8:10	Leyfð	CASINO ROYALE	kl. 10	B.i. 14	NATIVITY STORY	kl. 8 - 10	B.i. 6
CASINO ROYALE	kl. 6 - 9	B.i.16	THE DEPARTED VIP	kl. 5	B.i. 16	THE GRUDGE 2	kl. 8 - 10:20	B.i. 16	SANTA CLAUSE 3	kl. 6	Leyfð	THE GRUDGE 2	kl. 10	B.i. 16
THE GRUDGE 2	kl. 10:30	B.i.16	BÆJARHLAÐIÐ m/ísl. tali	kl. 4	Leyfð	THE DEPARTED	kl. 10	B.i. 16 DIGITAL	THE LAST KISS	kl. 8	B.i. 12	MIRACOLO, IL (Kraftaverkið)	kl. 6	Leyfð
FLY BOYS	kl. 8	B.i. 12				BÆJARHLAÐIÐ m/ísl. tali	kl. 4	Leyfð	ADRIFT	kl. 10:15	B.i. 16			

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is

Láta adrenalínið flæða

Hljómsveitin Todmobile heldur útgáfutónleika í beinni útsendingu Ríkissjónvarpsins í kvöld í tilefni af útkomu plötunnar Ópus.

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, aðallagahöfundur Todmobile, segir að hugmyndin með tónleikunum hafi meðal annars verið sú að þeir væru góð áskorun fyrir sveitina. „Við erum búin að spila svo mikið á tónleikum og þessi tækniumgjörð er orðin okkur svo eðlislæg og kannski orðin dálítið þægileg fyrir okkur. Þetta er því tækifæri til að láta adrenalínið flæða," segir Þorvaldur Bjarni.



TODMOBILE Hljómsveitin Todmobile heldur útgáfutónleika í beinni útsendingu í kvöld.

Tæknilega erfitt

„Við ætlum að bjóða þjóðinni á tónleika. Okkar fyrsta „gigg" var á sviðinu í Íslensku óperunni. Við höfðum aldrei spilað þar áður. Svo færðum við okkur upp í Höll og síðan færðum við okkur niður á torg og spiluðum fyrir framan 100 þúsund manns á menningarnótt. Hvað er þá næst?" segir hann og hlær. „Þetta verður tæknilega erfitt en getur verið alveg brilliant."

Sú fyrsta í tíu ár

Ópus er fyrsta hljóðversplata Todmobile með nýju efni í heil tíu ár, eða síðan Perlur og svín kom út.

Lögin eru flest eftir Þorvald Bjarna en Eyþór Arnalds semur tvö þeirra. Textagerðin var alfarið í höndum Andreu Gylfadóttur og Eyþórs. Þegar hafa lögin Ljósið ert þú og Lestin heyrst mikið á öldum ljósvakans og eiga fleiri eftir að fylgja í kjölfarið.

Todmobile er eins og áður dyggilega stutt af pínóleikaranum Kjartani Valdemarssyni, sem hefur leikið með sveitinni nánast óslitið frá upphafi, Eiði Arnarssyni bassaleikara og Ólafi Hólm trommuleikara.

Lög fyrir tónleika

Að sögn Þorvaldar var það ákveðið fyrir einu til einu og hálfu ári að búa til nýja plötu. Segir hann að áhersla hafi verið lögð á að gera plötu með lögum sem væri gaman að flytja á tónleikum.

„Við erum ekkert að búa til plötu sem þú hefur undir þegar þú ert að taka til. Við höfum fundið út í gegnum tíðina hvaða lög hefur verið skemmtilegt að flytja „live" og hafa lifað „live"." Nefnir hann Voodoo Man sem dæmi um lag sem hafi lifað vel og lengi með sveitinni á tónleikum.

Tónleikar í Barcelona

Liðsmenn Todmobile lögðu lokahönd á plötuna í Barcelona og líkaði þeim vistin svo vel að sveitin ætlar að halda tónleika þar næsta vor. Enn á eftir að ákveða tónleikastaðinn en búast má við því að margir Íslendingar flykkist út til að berja sveitina augum á erlendri grundu.

freyr@frettabladid.is

PLÖTUR TODMOBILE

Betra en nokkuð annað	1989
Todmobile	1990
Ópera	1991
2603 (Tónleikaplata)	1992
Spillt	1993
Perlur fyrir svín	1996
Best (Safnplata)	2000
Sinfónía	2004
Ópus	2006

349.999 kr.

Pioneer PDP427XA
- 42" Plasma sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn: 1024x768 punktar
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 1100 cd/m2
- Direct Color Filter 2
- Miklir tengimöguleika

almennt verð ~~449.999~~

10stk

42 tommur

40stk

9.999 kr.

Philips HR7735
- 700w matvinnsluvél
- Með blandara
- Margir möguleikum
- Margir aukahlutir

almennt verð ~~11.999~~

50stk

2.999 kr.

DeLonghi WR30
- 650w vöfflujárn
- Retro Industrial Look
- Lausar plötur - 2 sett
- Stillanlegur hiti og hæð
- Sýnir hita
- Pípir þegar járnið er orðið heitt

almennt verð ~~4.999~~

9.999 kr.

Philips HQ6710
- Philishave Cool Skin - Basic rakvél
- Nivea kremi eða gel fylgir
- Cool skin hnífar
- 45 mínútna hleðsla
- Vatnsheld - má nota í sturtu
- Auðvelt að þrífa undir krana

50stk

almennt verð ~~12.999~~

9.999 kr.

Whirlpool MWO602HV
- 800w örbylgjuofn
- 20 lítrar
- 6 styrkstillingar
- Defrost

almennt verð ~~12.999~~

40stk

139.999 kr.

25stk

32 tommur

Sony KDL32U2000E
- 32" BRAVIA LCD sjónvarp
- HDMI tengi
- PIP - Myndfrystimöguleiki
- IVirtual Dolby Surround hljóðkerfi
- HD Ready
- 3D Comb Filter
- PC tengi fyrir tölvu
- BBE ViVa HD3D hljóðtækni

almennt verð ~~169.999~~

69.999 kr.

Samsung LE20S51B
- 20" LCD sjónvarp
- Með 640x480 upplausn
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Íslenskt textavarp

almennt verð ~~79.999~~

20stk

20 tommur

TROÐFULL BÚÐ af AFÞREYINGU og TÖLVULEIKJUM • BETRA VERÐ •

MAX DÚNDUR VERÐ

Stafræn tökuvél með 20x Optical og 800x Digital Zoom aðdrætti

29.999 kr.

Sony DCRH23E tökuvél
- Tekur ljósmyndir: 640x480
- Vönduð Carl Zeiss Linsa
- Zoom: 20x (Optical) 800x (Digital)
- Nightshot möguleiki og hristivörn
- 2,5" LCD Snertiskjár LCD

almennt verð ~~44.999~~

10stk

5.999 kr.

Philips DECT521
- Þráðlaus DECT sími
- Vandað tæki
- Endingargóð rafhlaða
- Símnúmerabirtir og fleira

20stk

almennt verð ~~7.999~~

33.999 kr.

Sony Ericsson W810i
- Walkman tónlistarsími
- Styður EDGE gagnaflutningur
- 512 MB minniskort (10 til 15 CD)
- Tekur allt að 2 GB minniskort
- FM útvarp með RDS
- 2 Megapixel myndavél
- MMS skilaboð
- USB tenging
- Íslenskt notendaviðmót

almennt verð ~~39.999~~

40stk

24.999 kr.

Casio EXZ70
- Stafræn myndavél - 7.2 Megapixel
- BESTSHOT
- Anti-Shake DSP hristivörn
- 2.5" LCD skjár (115.200 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm
- Hreyfimyndataka með hljóði
- 8.3MB Innra minni og rauf fyrir SD kort
- Rafhlaða endist í 200 skot

30stk

almennt verð ~~29.999~~

46.999 kr.

20stk

Panasonic SCHT545W
- Öflugt 660w heimabíó
- Þráðlausir bakhátalarar
- Progressive Scan

almennt verð ~~69.999~~

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

> Eggert hitti ráðamenn vegna ÓL-leikvangsins í Lundúnum

Eggert Árni Magnússon, verðandi stjórnarformaður West Ham, hitti í fyrrakvöld forráðamenn skipulagsnefndar ólympíuleikanna sem fara fram í Lundúnum árið 2012. Eggert vill flytja heimavöll West Ham á leikvanginn að leikunum loknum. Á fundinum voru meðal annarra Tessa Jowell ráðherra og Ken Livingstone borgarstjóri og var Eggerti tjáð að verði af flutningnum þurfi leikvangurinn engu að síður að geta haldið áfram að hýsa frjáls-íþróttamót. Niðurstöðu er að vænta í janúar.

sport

sport@frettabladid.is

FH-AFTURELDING Í KVÖLD: HÖRKUSLAGUR Í 1. DEILDINNI Í HANDBOLTA

Toppliðin mætast í fyrstu

Í kvöld mætast lið FH og Aftureldingar í Kaplakrika kl. 19.00. Liðin eru í tveimur efstu sætunum í 1. deildinni í handbolta og stefna óðfluga upp í úrvalsdeildina.

Afturelding er í toppsætinu og er reyndar enn með fullt hús stiga eftir sjö leiki. FH er þremur stigum á eftir Mosfellingum, með ellefu eftir átta leiki leikna en ÍBV er með tíu stig eftir níu leiki. Tvö efstu liðin komast upp í úrvalsdeildina.

Bjarki Sigurðsson er þjálfari Aftureldingar og segir að viðureign sinna manna gegn FH í kvöld sér stórleikur.

„Þetta eru þau lið sem ég spáði efstu sætunum fyrir tímabilið. Þetta gæti því orðið mjög góður leikur," sagði Bjarki. Hann segir að góður árangur sinna manna hafi ekki komið sér á óvart.

„Það kemur mér ekki á óvart svo ég tali hreint út. Ég er með mjög öflugt lið og breiðan hóp sem er að skila þessum árangri. Það er engin stjarna í liðinu heldur er það samvinna liðsheildarinnar sem er lykillinn að þessum góða árangri. Við höfum skorað flest mörk í deildinni og fengið fæst á okkur og það segir sína sögu."

Afturelding hefur misst fjóra byrjunarliðsmenn frá síðustu leiktíð en öflugt barna- og unglingastarf síðustu ára er að skila sér.

„Þetta er ungt lið og ég hef líka tekið inn stráka úr 2. flokki og jafnvel 3. flokki líka. En það sem er best við þetta er að menn eru mjög samstilltir í því að gera vel."

Arnar Geirsson er annar þjálfara FH og segir að liðið ætli sér að ná að minnsta kosti 2. sætinu í deildinni og mun selja sig dýrt gegn toppliðinu í kvöld.

„Pressan er á þeim," sagði Arnar. „Mér sýnist að þeir séu með sterkasta hópinn en við viljum veita þeim strangt aðhald. Þetta verður vonandi spennandi leikur í kvöld."

DIRK NOWITZKI Leikur vel fyrir Dallas.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Dallas Mavericks heitir:

Ellefti sigurinn í röð hjá Dallas

NBA Dallas vann í fyrrinótt sinn ellefta sigur í röð í NBA-deildinni eftir að hafa tapað fyrstu fjórum leikjum sínum á vertíðinni. Kom ekki að sök að Dirk Nowitzki gat ekki spilað nema í upphafi leiks vegna sjóntruflanna en Dallas vann Toronto Raptors, 117-98.

Nowitzki sagði þó eftir leikinn að hann yrði klár í slaginn gegn Sacramento í kvöld en leikurinn er í beinni útsendingu á Sýn.

Þá komst Utah aftur á beinu brautina í fyrrinótt eftir tvo tapleiki í röð en liðið vann San Antonio á heimavelli, 83-75. **- esá**

Justin Gatlin:

Æfir með NFL-liðum

NFL Ólympíumeistarinn í 100 metra hlaupi, Justin Gatlin, hefur æft upp á síðkastið með ameríska ruðningsliðinu Houston Texans en hann hefur einnig æft með fleiri liðum í NFL-deildinni.

„Hann stóð sig mjög vel, lofaði góðu en við ætlum ekki að bjóða honum samning strax," sagði Gary Kubiak, þjálfari Houston, en Gatlin lék í stöðu útherja.

Gatlin féll á kyfjaprófi í apríl síðastliðnum og við honum blasir ævilangt bann frá frjálsum íþróttum. - hbg

Ekkert bruðl hjá meisturunum

Íslandsmeistarar FH taka ekki eins virkan þátt í verðstríðinu um leikmenn á Íslandi og margur heldur. FH býður engu að síður ágæta samninga en félagið virðist þekkja sín takmörk og býður ekki hærra en það ræður við. Athygli vekur að engir leikmenn hjá félaginu fengu leikjabónusa á síðustu leiktíð.

FÓTBOLTI Fréttablaðið hefur á undanförnum vikum tekið ítarleg viðtöl við marga af eftirsóttustu knattspyrnumönnum landsins síðustu ár. Tilgangur viðtalanna var að komast til botns í hinum sérstaka íslenska leikmannamarkaði sem enginn veit mikið um. Ekki einu sinni leikmennirnir sjálfir. Hvað eru leikmenn að fá í laun? Hvaða lið borga best? Hvernig samningar eru í boði hjá hverju félagi? Hvaða félög brjóta félagaskiptareglurnar? Er verið að greiða leikmönnum „svart" og hvaða lið á mest af peningum er á meðal þeirra spurninga sem Fréttablaðið spurði leikmennina að.

Fréttablaðið hefur alla þessa viku birt greinar sem ætlað var að varpa ljósi á leikmannamarkaðinn. Þær upplýsingar sem koma fram í greinunum eru alfarið fengnar frá leikmönnunum sjálfum. Í lokahluta úttektarinnar skoðum við Íslandsmeistara FH.

Það verður ekki sagt að það sé einhver óráðsía á FH-ingum þrátt fyrir frábært gengi undanfarin ár og aukið fjárstreymi inn í félagið. Fáir af bestu lausu leikmönnunum undanfarin ár hafa ekki farið í FH og hluti af þeirri ástæðu er einfaldlega sá að FH er ekki að borga eins vel og Valur og KR til að mynda í mörgum tilfellum.

Bjarga leikmönnum um niðurgreiðslu á íbúð

FH hefur hæst verið að bjóða bestu leikmönnunum sem eru á lausu 350 þúsund krónur í fastagreiðslu á mánuði, afnot af bíl og húsnæði eða þriggja milljón króna niðurgreiðslu af nýrri íbúð hjá verktaka í Hafnarfirði.

Undirskriftafé hefur hæst farið í 750 þúsund krónur. Flestir leikmenn eru með titlabónus upp á 300 þúsund krónur fyrir Íslandsmeistaratitil og 200 þúsund fyrir bikarmeistaratitil.

Þegar önnur félög hafa yfirboðið FH-inga þá hafa þeir oftar en ekki dregið í land þar sem þeir treysti sér ekki lengra. Leikmennirnir geti treyst því að áðurnefndur samningur standi en lengra vilji þeir ekki fara af óttа við að geta ekki uppfyllt samninginn.

Það heyrist lítið af svörtum greiðslum innan félagsins en forráðamenn félagsins hafa imprað á því í samningaviðræðum við leikmenn að hægt sé að greiða hluta samningsins á slíkan hátt þó Fréttablaðið hafi ekki fengið það staðfest að einhver leikmaður félagsins fái slíkar greiðslur.

Tryggir þjónar

FH nýtur góðs af því að margir leikmanna félagsins hafa verið lengi í röðum þess og hafa framlengt hjá félaginu oftar en ekki án mikilla átaka í stað þess að leita eftir betri tilboðum annars staðar sem klárlega eru í boði.

Hæstu launin hafa þar af leiðandi farið í útlendingana sem getur verið skynsamt þar sem flestir útlendinganna eru ekki með nema nokkurra mánaða samning.

FH hefur oftar en ekki byrjað að bjóða betri leikmönnum deildarinnar lægri samning en sum hinna félaganna. FH byrjar þá í 150 þúsund en er í fáum tilfellum til í að fara yfir 200 þúsund. Það kemur leikmönnum á óvart hversu lítið FH er til í að borga.

Enginn leikjabónus

Félagið býðst einnig til að aðstoða leikmenn við að fá atvinnu þurfi þeir slíka aðstoð. FH er svo í samstarfi við umboðsaðila KIA á Íslandi enda ófáir einstaklingar tengdir félaginu sem aka um á slíkum bílum.

Athygli vekur að FH var ekki með neinn leikjabónus á síðustu leiktíð ólíkt flestum öðrum félögum. Það virðist vera að breytast því FH er farið að bjóða leikmönnum slíka bónusa í dag þó þeir séu minni en hjá sumum hinna félaganna.

Sagðir hrokafullir

FH er ekki hátt skrifað hjá mörgum leikmönnum deildarinnar sem telja forráðamenn félagsins hrokafulla og ummæli þjálfara félagsins, Ólafs Jóhannessonar, sem sagði leikmenn hrædda við að fara í FH fóru mjög fyrir brjóstið á mörgum þeirra.

Eitt af því sem leikmennirnir segjast leita að er þjálfari sem hefur einlægan áhuga á sér. Slíku er ekki fyrir að fara hjá Fimleikafélaginu, að sögn leikmanna, þar sem félagið virðist frekar bíða eftir því að leikmenn komi og biðji um að fá að ganga í FH. Það fer í taugarnar á sumum leikmönnum og þeir segja það frekar ástæðuna fyrir því að þeir vilji ekki fara í FH. Þeir séu ekki hræddir við samkeppnina en vilji aftur á móti ekki spila fyrir þjálfara sem hefur ekki raunverulegan áhuga á sér.

Svo kom í ljós í úttektinni að FH hefur ekki reynt við alla „stóru" bitana á markaðnum á undanförnum árum sem þeir hafa þó verið orðaðir við í fjölmiðlum.



ÍÞRÓTTALJÓS
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is

Andriy Shevchenko gefur lítið fyrir sögusagnir um að hann sé á leið til Ítalíu:

Hungrar í árangur með Chelsea

FÓTBOLTI Úkraínski framherjinn Andriy Shevchenko hefur ekki átt sjö dagana sæla frá því að hann flutti til London frá Mílanó í sumar. Hann hefur aðeins skorað þrjú mörk það sem af er leiktíðinni með Chelsea og sögusagnir herma að hann sé aftur á leið til AC Milan. Framherjinn vísaði því á bug í gær.

„Ég virði gagnrýni og alla umræðu. Staðreyndin er samt sú að ég gef alltaf 100% prósent fyrir Chelsea og mig hungrar í árangur með félaginu sem ég ber mikla virðingu fyrir," sagði Shevchenko sem hefur skorað mörkin þrjú í þrettán leikjum. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, er ekki búinn að tapa trúnni á Shevchenko.

„Frammistaða hans gegn Bolton var mjög jákvæð. Ef ég á að vera heiðarlegur þá er mér alveg sama um öll mörk enda dæmi ég leikmenn út frá öðrum þáttum. Andriy veit hvernig ég hugsa um fótbolta og veit líka að ég mun styðja hann áfram.

Mér er sagt að Thierry Henry hafi skorað eitt mark í tólf leikjum þegar hann kom til Arsenal frá Juventus. Það er ekki auðvelt að aðlagast boltanum hérna enda er ítalski boltinn allt öðruvísi en enski boltinn og skiptir engu að við spilum sömu leikaðferð og Milan. Shevchenko er klárlega að bæta sig og er mjög líflegur úti á vellinum," sagði Mourinho. **- hbg**

ANDRIY SHEVCHENKO Hefur ekki gengið sem skyldi hjá Chelsea en hefur ekki gefist upp.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Notaðir bílar. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Lægra verð. Lægri vextir. Lægri lántökugjöld - Lægri afborgun.*
Aðeins í dag. Komdu strax.

Lækkaðu mánaðar-greiðslurnar. Núna

Lægri vextir. Lægri lántökugjöld. Lægri afborgun.* Aðeins 32 bílar. Í dag. Komdu strax

Opið frá kl. 9 - 18

Tökum notaðan uppí notaðan

Tilboðsverð undir 1.000 þús. kr.

Ford Focus High Series 1,6 beinsk. skrd. 10/1999 ek: 118.000 km.
Verð ~~720.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
14.931 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. LH-648.

Subaru Impreza 2,0 beinsk. skrd. 07/2000 ek: 100.000 km.
Verð ~~850.000 kr.~~ Tilboðsverð 690.000 kr. Útborgun 69.000 kr.
22.899 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. JY-295.

Ford Explorer Executive 4,0 sjálfsk. skrd. 03/1998 ek: 159.000 km.
Verð ~~1.040.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr. Útborgun 89.000 kr.
38.459 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. SZ-353.

Toyota Avensis Terra 1,8 beinsk. skrd. 05/2002 ek: 89.000 km.
Verð ~~1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
18.201 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. TS-192.

Tilboðsverð 1.000 - 1.500 þús. kr.

Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 06/2003 ek: 78.000 km.
Verð ~~1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.070.000 kr. Útborgun 107.000 kr.
19.674 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. DG-220.

Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 09/2003 ek: 50.000 km.
Verð ~~1.280.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.180.000 kr. Útborgun 118.000 kr.
16.579 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AX-750.

Subaru Legacy 2,0 beinsk. skrd. 02/2002 ek: 89.000 km.
Verð ~~1.350.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Útborgun 119.000 kr.
19.738 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. JX-440.

Citroën Picasso 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 35.000 km.
Verð ~~1.690.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
23.328 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. AO-623.

Tilboðsverð 1.500 - 3.100 þús. kr.

Citroën Picasso Exclusive 2,0 sjálfsk. skrd. 10/2004 ek: 34.000 km.
Verð ~~1.890.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
23.568 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. JR-456.

Ford Mondeo Trend 2,0 sjálfsk. skrd. 10/2004 ek: 20.000 km.
Verð ~~1.890.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.690.000 kr. Útborgun 169.000 kr.
26.494 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VA-583.

Ford Galaxy Trend 2,0 beinsk. skrd. 10/2004 ek: 56.000 km.
Verð ~~2.170.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.990.000 kr. Útborgun 199.000 kr.
36.593 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TN-213.

Suzuki Grand Vitara 2,7 sjálfsk. skrd. 03/2006 ek: 7.000 km.
Verð ~~3.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.090.000 kr. Útborgun 309.000 kr.
48.873 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. UP-782.

Tilboðsverð yfir 3.100 þús. kr.

Ford Expedition Eddie B. 5,4 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 40.000 km
Verð ~~4.290.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.790.000 kr. Útborgun 379.000 kr
59.413 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. TL-612.

Ford Expedition Eddie B.5,4 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 56.000 km.
Verð ~~4.550.000 kr.~~ Tilboðsverð 4.190.000 kr. Útborgun 419.000 kr.
58.769 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NX-744.

Subaru B9 Tribeca 3,0 sjálfsk. skrd. 02/2006 ek: 12.000 km.
Verð ~~4.690.000 kr.~~ Tilboðsverð 4.290.000 kr. Útborgun 429.000 kr.
59.637 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TZ-846.

Ford F150 King Ranch 5,4 sjálfsk. skrd. 03/2006 ek: 9.000 km.
Verð ~~4.790.000 kr.~~ Tilboðsverð 4.390.000 kr. Útborgun 439.000 kr.
69.554 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. BI-174.

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg um jólin.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

SETIÐ AÐ SNÆÐINGI Stelpurnar sjást hér í mat í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DAGUR

Stelpurnar okkar:

Mæta Portúgal í dag

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik leikur annan leik sinn í undankeppni HM í dag en þá verður leikið gegn liði Portúgal. Portúgal vann fyrsta leik sinn í undankeppninni gegn Ítalíu, 33-12, og er því með tvö stig eins og Ísland.

Íþróttahúsið sem leikið er í er eins og best verður á kosið. Húsið tekur um þrjú þúsund áhorfendur í sæti með stúkum við hliðarlínurnar og með parkett á gólfinu. Greinilegt var á leik Rúmena og Ítala á þriðjudaginn að þetta getur verið mikil ljónagryfja enda var rúmenska liðið dyggilega stutt af heimamönnum.

Babb kom þó í bátinn á æfingu í gær þegar slökkt var á ljósunum í húsinu vegna misskilnings þegar um hálftími var eftir af æfingunni. Þannig er mál með vexti að upphaflega átti æfingin eingöngu að vera í þrjú korter en Júlíus þjálfari fékk því breytt í eins og hálfs tíma æfingu.

Líklega gleymdist að segja starfsfólki íþróttahússins frá því, sem brá á það ráð að slökkva ljósin til að fá Íslendingana til að yfirgefa salinn. Æfingin hélt þó áfram í myrkrinu en það tók dágóða stund að kveikja ljósin á nýjan leik. **- dsd**

Knattspyrnudeild Breiðabliks óskar eftir að ráða þjálfara fyrir 2. flokk kvenna.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Sveinbjörnsson, form. meistaraflokksráðs kvenna, í síma 824-7619 eða í gegnum tölvupóst, johannes@saa.is.

Styttist í endalok ferilsins

Hin leikreynda handboltakona Harpa Melsted hefur lengi verið í eldlínunni og hún er með íslenska landsliðinu í Rúmeníu þessa dagana. Harpa segist taka eitt ár í einu í handboltanum en endalokin nálgist.

HANDBOLTI Harpa Melsted er ein leikjahæsta landsliðskonan í hópnum sem nú er í keppnisferðalagi í Rúmeníu og ein leikreyndasta landsliðskona íslensks handbolta. Það virðist þó vera þrautin þyngri að komast yfir hversu marga leiki Harpa hefur spilað fyrir Íslands hönd. Harpa hefur leikið allan sinn feril með Haukum í Hafnarfirði og hóf að leika handbolta átta ára gömul.

Harpa er 31 árs gömul og viðurkennir að hún sé farin að huga að leikslokum á handboltaferlinum. „Ég verð nú að viðurkenna það. En eins og ég hef sagt við mína þjálfara þá tekur maður bara eitt ári í einu þegur maður er orðinn þetta gamall og ég kem til með að gera það. Ég mun skoða líkamlegt ástand og einnig hvort maður hefur tíma fyrir þetta," sagði Harpa sem eignaðist stelpu fyrir tveimur og hálfu ári.

„Þegar maður hefur eignast barn þá er ýmislegt annað sem skiptir meira máli en handbolti en á meðan maður er líkamlega í lagi og hefur gaman af þessu og getur látið þetta ganga upp hvað varðar fjölskyldu og annað, þá er svo sem ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram á meðan maður getur eitthvað," sagði Harpa sem starfar sem sjúkraþjálfari.

Mamman í hópnum

Harpa vikurkenndi einnig að hún upplifi sig stundum sem mömmuna í hópnum. „Að sumu leyti geri ég það. Maður hefur auðvitað ákveðna reynslu af öllum þessum ferðalögum. Hildigunnur er yngst núna, hún er átján ára. Þannig að það eru þrettán ár á milli okkar og ég gæti nánast verið mamma hennar."

Það eru þó nokkur ár frá því að Harpa var fyrst valin í landsliðið en hún segist ekki hafa tölu á því hvað hún sé búin að spila marga landsleiki.

„Ég hef bara ekki verið nógu dugleg við að halda utan um þetta og ekki HSÍ heldur. En ég var fyrst í landsliðshópnum þegar Erla Rafnsdóttir var að þjálfa og það er nú svolítið langt síðan. Ég hef síðan fengið tækifæri hjá öllum landsliðsþjálfurum eftir það," sagði Harpa en hverjar voru fyrirmyndirnar þegar hún var yngri?

HORFT UM ÖXL Keppnismanneskjan Harpa Melsted tekur þessa dagana hugsanlega þátt í sínu síðasta landsliðsverkefni. Hún sést hér á æfingu á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég átti mér fyrirmyndir úr karlaboltanum á þeim tíma. Alfreð Gíslason og Kristján Arason voru í miklu uppáhaldi hjá mér og ég spila líka í treyju númer 10 eins og Kristján gerði. Verður maður svo ekki að nefna Júlla líka?" sagði Harpa og hló dátt en þarna átti hún við Júlíus Jónasson, þjálfara íslenska kvennaliðsins í dag. „Júlli var frábær varnarmaður og ég er nú kannski í svolítið svipuðu hlutverki og hann var í. Hann var lengi í þessu og var kannski meiri varnarmaður en sóknarmaður."

Harpa sagði að sér litist vel á stöðu íslenska kvennahandboltans í dag.

„Eins og hópurinn er núna þá eru flestar þessar ungu stelpur efnilegar og mjög frambærilegar og einnig eru margar farnar að banka á dyrnar. Við höfum líka verið að sjá framfarir á alþjóðlegum mælikvarða.

Auðvitað er maður ekki sammála öllu í vali þjálfarans og sumt hefði maður kannski gert öðruvísi en ég held að hann sé bara að gera góða hluti. Það er líka alltaf þannig þegar nýr þjálfari kemur að þá þarf hann auðvitað að prófa sig svolítið áfram," sagði Harpa Melsted að lokum.

FORKEPPNI HM

DAGUR SVEINN DAGBJARTSSON
skrifar frá Rúmeníu
dagur@frettabladid.is

GEIR ÞORSTEINSSON Er hann arftaki Eggerts Árna?

Geir Þorsteinsson:

Vill taka við af Eggerti hjá KSÍ

FÓTBOLTI Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöldi þar sem fram kemur að hann bjóði sig fram í formannskjöri KSÍ en sem kunnugt er mun Eggert Árni Magnússon hætta sem formaður sambandsins þar sem hans bíða verkefni hjá West Ham.

Geir segist vera reiðubúinn til þess að leiða KSÍ og að metnaður hans fyrir hönd íslenskrar knattspyrnu sé mikill.

HSÍ og Höttur:

Náðu sáttum

HANDBOLTI HSÍ og Höttur sendu í gærkvöldi frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem fram kemur að 250 þúsund króna sekt Hattar verði felld niður en úrslit í leik ÍBV og Hattar standi.

Stjórn Hattar ákveður að sama skapi að falla frá kæru sem lögð hefur verið fram. - hbg

Carlos Tevez:

Fer ekki aftur til Boca í janúar

FÓTBOLTI Búist er við að Alan Pardew, stjóri West Ham, fundi um helgina með Kia Joorabchian sem „á og stjórnar" ferli þeirra Carlos Tevez og Javiers Mascherano. Framtíð þeirra hjá WEst Ham er í mikilli óvissu eftir að Íslendingar keyptu félagið.

En Tevez segist vera staðráðinn í að halda áfram að berjast fyrir sínu sæti hjá West Ham.

„Það væri frábært að fara aftur til Boca Juniors en ekki núna. Ég hef aðeins verið í Evrópu í fjóra mánuði og ætla að halda áfram að berjast fyrir mínum hlut." **- esá**

BARÁTTA Keflvíkingar voru í miklum vandræðum með að koma sér að körfunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Keflavík tapaði fyrir Mlekarna á heimavelli:

Slæm byrjun varð Keflavík að falli

KÖRFUBOLTI Keflavík sótti ekki gull í greipar tékkneska liðsins Mlekarna Kunin í gær en heimamenn sáu aldrei til sólar eftir slaka byrjun og töpuðu stórt, 78-107. Tékkarnir leiddu með 19 stigum í hálfleik, 46-27. Keflavík er þar með búið að vinna einn leik í sínum riðli en tapa þremur sem þýðir að liðið er úr leik í Evrópukeppninni í ár.

Stórskyttan Magnús Gunnarsson var atkvæðamestur Keflvíkinga með 26 stig og komu öll stigin í síðari hálfleik.

Spurning hvað hefði gerst ef Magnús hefði fundið fjölina sína einnig í fyrri hálfleik. Bandaríkjamaðurinn Tim Ellis átti einnig ágætan leik en hann skoraði 24 stig að þessu sinni en fátt var um fína drætti hjá heimamönnum.

ERFITT Haukar áttu lítið í Canarias í gær.

Evrópukeppni kvenna:

Haukar töpuðu á Spáni

KÖRFUBOLTI Kvennalið Hauka var í eldlínunni á Kanaríeyjum í gær þar sem það mætti Caja Canarias. Spænska liðið vann frekar auðveldan sigur í fyrri leik liðanna á heimavelli og endurtók leikinn í gær.

Haukar byrjuðu leikinn ágætlega og leiddu lengi vel í fyrsta leikhluta. Heimamenn tóku síðan völdin og leiddu með sex stigum eftir fyrsta leikhluta, 30-24.

Annar leikhluti var eign heimamanna sem gengu algjörlega frá leiknum og munaði 20 stigum á liðunum í leikhlé, 55-35. Síðari hálfleikur var því algjört formsatriði fyrir Canarias sem vann örugglega.

„GRÆJAÐU ÞIG EINS OG BOND"

007

KDL32S2010
SONY 32" BRAVIA LCD SJÓNVARP
32 Bravia LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Bravia Engine myndstýring
Stafrænn og analog móttakari
HDMI tengi

DAVDZ119
Sony Heimabíó S-Master Digital Magnari
Fjölkerfa, 850 Watt (5x 142W +140W)
Spilar CD-/CD-RW/DVD+R/DVD+RW/DVD-R/
DVD-RW/VCD/S-VCD/MP3/JEG/Divx
Dolby Digital, DTS og PLII

259.950,-
21.662,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

Kaupauki:
Bond skjalataska með öllum
Bondmyndunum. 40 diskar í
endurbættri útgáfu.

39.950.,-
Fylgir með tilboði

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is sími: 588 7669

dagskrá

> Sandra Bullock

Fæddist 26. júlí 1964 og var því 42 ára á þessu ári. Sandra hefur leikið í eðalmyndum á borð við „Speed", „Crash" og „Miss Congenialty". Í kvöld sýnir sjónvarpið myndina „28 dagar" þar sem hún leikur unga konu sem þjáðist af alkóhólisma og þarf að endurskoða líf sitt allverulega.

VIÐ TÆKIÐ: DÓRI DNA HEFUR VERIÐ BLEKKTUR

Að detta í öl og leikinn

Ég er kominn með Skjáinn og hann er rosalegur. Mér líður eins og letingja í framtíðarmynd þegar ég panta myndir lon og don og hef engar áhyggjur af neinu nema reikningnum. Svo er líka að finna þarna íþróttarásina NASN, North American Sports Network. Ég var mjög feginn að vita til þess að loksins fengi ég að horfa á bandarískar íþróttir. Það er vegna þess að ég er kominn með nóg af því að horfa á Eurosport, kominn með nóg af skíðagöngu, tveimur mönnum að kústa svell, súmóglímu, pílukasti og hlaupi. Nú var kominn tími til í að sjá alvöru páver, hörku, öskur, liðsanda og það beint úr kúnni sjálfri. Því kvikmyndir hafa kennt mér að engar íþróttir jafnast á við bandarískan ruðning og hafnabolta. Það er lygi. Einn

hafnaboltaleikur er sirka þrír tímar að lengd og „homerun" er ekki eins merkilegt og það er í bíómyndunum. Ruðningur er hins vegar spilaður í skorpum. Mjög stuttum, nett spennandi en allt of mörgum. Því ef þjálfarinn er ósammála dómaranum má hann vefengja dóminn og þá fara allir að horfa á vídeó. Mjög langdregið og kjánalegt, eins og ef það væru 15 leikhlé í fótbolta. Bandarískar kvikmyndir kenndu mér líka að karlmönnum finnst gott að fá sér bjór og horfa á leikinn, kvikmyndirnar í raun kenndu öllum heiminum að það væri karlmönnum eðlislega tamt að drekka bjór og horfa á kappleik. En nú skil ég í fyrsta skipti af hverju; maður verður að vera fullur til þess að horfa á þessar íþróttir. Mjög fullur helst.

EKKI MISSA AF

▶ **17.03 The Simpsons** STÖÐ 2

▶ **21.45 Sirkus Rvk** SIRKUS

▶ **22.15 Kill Bill** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **16.20 Beverly Hills 90210** SKJÁR EINN

▶ **23.00 Hedwig** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur
17.15 Leiðarljós
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Snillingarnir (12:18)
18.35 Safnamýsnar (4:6) Finnskur brúðumyndaflokkur.
18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalhlutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurþór Albert Heimisson. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson. e.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.10 Síðustu orð Hreggviðs Stuttmynd frá 2004 eftir Grím Hákonarson. Morgunblaðið stendur á tímamótum og þrýst er á ritstjóra þess, Sturlaug Jóhannesson, að færa blaðið nær nútímanum.
20.35 Todmobile á tónleikum Bein útsending frá útgáfutónleikum hljómsveitarinnar Todmobile í myndveri Sjónvarpsins.
21.25 Bergkristall Þýsk bíómynd frá 2004 um tvo krakka sem reyna að sameina foreldra sína með því að láta sig hverfa á fjöllum á aðfangadagskvöld. Leikstjóri er Joseph Vilsmaier og meðal leikenda eru Dana Vávrová, Daniel Morgenroth og François Göske.
▶**23.00 Hedwig og reiða restin**
0.30 Höldum lífi
0.55 28 dagar
2.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Coach Carter Bönnuð Börnum
8.15 Swan Princess 3 (Svanaprinsessan)
10.00 What a Girl Wants
12.00 Bride & Prejudice
14.00 Swan Princess 3 Leyfð öllum aldurshópum.
16.00 What a Girl Wants
18.00 Bride & Prejudice
20.00 Coach Carter Bönnuð börnum.
▶**22.15 Kill Bill** Stranglega bönnuð börnum.
0.05 Lovely and Amazing
2.00 The Fourth Angel Stranglega bönnuð börnum.
4.00 Kill Bill Stranglega bönnuð börnum.

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið
9.00 Bold and the Beautiful
9.20 Í fínu formi 2005
9.35 Oprah
10.20 Ísland í bítið (e)
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Neighbours
13.05 Valentína
13.50 Valentína
14.35 Jamie Oliver - með sínu nefi (8:26)
15.00 Extreme Makeover: Home Edition (19:25)
15.50 Nýja vonda nornin
16.13 Hestaklúbburinn
16.38 Skrímslaspilið
▶**17.03 Simpsons**
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Íþróttir og veður
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 Dagur rauða nefsins Bein útsending sem haldin er vegna söfnunarátaks UNICEF á Íslandi handa bágstöddum börnum í Afríku. Boðið er uppá veglega skemmtidagskrá þar sem sannkallað landslið íslenskra grínista kemur saman, skemmtir þjóðinni með óborganlegu gríni og hvetur hana um leið til að gerast heimsforeldrar. Svo má ekki gleyma rauða nefinu en allir eru að sjálfsögðu hvattir til að setja þau á nebbann.
20.30 X-Factor Stærsti sjónvarpsviðburður í sögu Stöðvar 2. X-Factor er einstök sönghæfileikakeppni þar sem keppendur eru á öllum aldri, allt frá sextán ára og upp úr. Einstaklingar og hópar taka þátt í keppninni og reyna að sannfæra dómarana Einar Bárðarson, Ellý og Pál Óskar um að þeir eigi erindi í sjálfa úrslitakeppnina sem fram fer í Smáralindinni.
21.25 Dagur rauða nefsins Bein útsending sem haldin er vegna söfnunarátaks UNICEF á Íslandi handa bágstöddum börnum í Afríku.
23.35 Six Days, Seven Nights
1.15 Garage Days
2.55 Simpsons
3.20 Ísland í bítið e
4.55 Fréttir og Ísland í dag
6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.00 Entertainment Tonight e. Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum. Leyfð öllum aldurshópum
18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
20.00 Wildfire (e) Hin átján ára Kris Furillo er vandræðaunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu.
20.45 The Hills (e) Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue.
21.15 Till Death Do Us Part: Carmen (e) Það virðist vera sem nýjasta æðið hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikaþætti þar sem hjónakornin opinbera ást sína og gera í því að sýna áhorfendum hversu hamingjusöm þau eru. En einhver álög virðast þó vera á slíkum þáttum þar sem öll pörin virðast skilja um leið og tökum lýkur.
▶**21.45 Sirkus Rvk (e)** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu.
22.15 South Park (e) Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.
22.45 Chappelle´s Show (e) Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft.
23.15 Pepper Dennis (e) **0.00** X-Files (e)
0.45 The Player (e)
1.30 Entertainment Tonight e.
2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

1.12 2006 Föstudagur
7.00 6 til sjö (e)
8.00 Rachael Ray (e)
8.45 Sigtið (e)
15.00 The King of Queens (e)
15.30 Queer Eye for the Straight Guy (e)
▶**16.20 Beverly Hills 90210**
17.05 Rachael Ray
18.00 6 til sjö
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Toppskífan Glænýr tónlistarþáttur þar sem söng-stjarnan Heiða kynnir vinsælustu tónlistina á Íslandi í dag og fær til sín góða gesti.
20.10 Trailer Park Boys Þættir um vinina Ricky og Julian sem hafa oftar en ekki villst út af beinu brautinni í lífinu.
20.35 Parental Control Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu. Thomas, kærasti Alexandriu, er ruddalegur rokkari sem leggur það í vana sinn að pissa á almannafæri.
21.00 The Biggest Loser Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Fimm fitubollur eru eftir og taka nú þátt í sérstaklega erfiðri keppni.
21.55 Law & Order: Criminal Intent - Lokaþáttur Bandarískir þættir um störf Stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum.
22.50 Everybody Loves Raymond
23.20 Masters of Horror
0.10 Sigtið (e)
0.40 C.S.I: Miami (e)
1.35 Close to Home (e)
2.30 Beverly Hills 90210 (e)
3.15 C.S.I: New York (e)
4.10 Tvöfaldur Jay Leno (e)
5.40 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

7.00 Liðið mitt (frá 30. 11) (e)
14.00 Tottenham - Wigan (frá 25. nóv)
16.00 Palermo - Inter Milan (frá 26. nóv)
18.00 Upphitun
18.30 Liðið mitt (e)
▶**19.30 Man. Utd. - Chelsea** (frá 26. nóv)
21.30 Upphitun (e)
22.00 Fulham - Reading (frá 25. nóv)
0.00 Upphitun (e)

Innrömmun 25% afsláttur 1.-4. des.
Upphengikerfi fyrir myndir
Íslensk myndlist
Einfalt og þægilegt fyrirkomulag.
Alltaf hægt að bæta við.
Breytingar gerðar á örskammri stundu.
Vandalaus hagræðing mynda.
Fljótleg og einföld samsetning.
Engar skemmdir á veggjum.

Opið frá kl. 9-18
laugardaga kl. 11-16
sunnudaga 13-16
RAMMA MIÐSTOÐIN
Síðumúla 34 • Sími 533 3331
AFSLÁTTUR

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.40.

DAGUR RAUÐA NEFSINS – X-FACTOR

Bein útsending sem haldin er vegna söfnunarátaks UNICEF á Íslandi handa bágstöddum börnum í Afríku. Boðið er upp á veglega skemmtidagskrá þar sem sannkallað landslið íslenskra grínista kemur saman, skemmtir þjóðinni með gríni og hvetur hana um leið til að gerast heimsforeldrar. Meðal þeirra sem leggja málefninu lið eru stelpurnar í Stelpunum, strákarnir í Strákunum, hluti af Spaugstofugenginu, leikarar úr Sigtinu, Tvíhöfði og svo mætti lengi telja. Útsendingin verður í opinni dagskrá og mun standa yfir til miðnættis. Þess má geta að frá 20.30 til 21.25 verður X-Factor einnig í opinni dagskrá en þar fara fram áheyrnarprufur frá Akureyri. Á Bylgjunni stendur yfir í dag Brandarakeppni til styrktar UNICEF þar sem hlustendur og fyrirtæki fá að kaupa og yfirbjóða brandara sem fluttir eru á Bylgjunni. Ekki má svo gleyma rauða nefinu en allir eru að sjálfsögðu hvattir til að setja þau á nebbann, kætast yfir góðu gríni og leggja góðu málefni lið með því að gerast heimsforeldrar.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ SIX DAYS SEVEN NIGHTS Á STÖÐ 2 KL. 23.35

Gaman og ævintýramyndin „Sjö dagar sex nætur" í leikstjórn Ivans Reitman (Ghostbusters) er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Myndin segir frá blaðakonunni Robin Monroe sem brotlendir á eyðieyju með þyrluflugmanninum Quinn Harris. Á eyjunni leynist margar hættur og þurfa því Robin og Quinn að taka á stóra sínum. Spurningin er: geta þau lifað hvort annað af? Meinfyndin og skemmtileg mynd með Harrison Ford, Anne Heche og David Schwimmer í aðalhlutverkum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Stúdentamessa í kapellu Háskóla Íslands **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hátíðarsamkoma stúdenta á fullveldisdegi **14.30** Miðdegistónar **15.00** Fréttir **15.03** Flakk **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Stórt í smáu **20.10** Síðdegi skógarpúkanna **21.05** Út um víðan völl: Frá Leipzig **21.55** Orð kvöldsins **22.00** Fréttir **22.10** Veðurfregnir **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **0.00** Fréttir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

SÝN

18.00 Íþróttahetjur

18.25 Ensku mörkin

18.55 Gillette Sportpakkinn

19.25 Spænski boltinn - upphitun (La Liga Report) Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina. Hvaða lið mætast?

19.50 X-Games 2006 - þáttur 3 (X-Games 2006 - þáttur 3) Þriðji þátturinn á þessu tímabili um X-Games þar sem keppt er í ýmsum greinum.

20.45 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 06/07) Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum og liðum auk þess sem farið er yfir mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

21.15 KF Nörd (14:15) (KF Nörd) Í þessum næstsíðasta þætti um Nördana verður fylgst með þeim í undirbúningi sínum fyrir leikinn stóra gegn Íslandsmeisturum FH. Jafnframt verður litið yfir farinn veg og Nördarnir fá vísindalegar niðurstöður varðandi bætt líkamsástand sitt. Þá fá þeir tækifæri til þess að mæta liði að nýju sem þeir töpuðu stórt fyrir í upphafi þessa ævintýris.

22.00 Heimsmótaröðin í Póker (WPT Invitational Season IV) Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til, ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra.

23.30 Pro bull riding

0.30 Harlem Globetrotters: The Team

1.30 NBA - Regular Season

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1

11.35 Dagens Danmark **12.00** Urt **12.20** Himlen over Danmark **12.50** Lægens bord **13.20** Danskernes Krønike - Vores børn **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** F for Får **16.05** Svampebob Firkant **16.30** AMIGO **17.00** Hunni*show **17.15** Peddersen og Findus **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** aHA! **20.00** TV Avisen **20.30** The Last Castle **22.35** Copycat

NRK 1

11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bjørkely **14.55** Nifse saker **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kalle og Molo **17.20** Gjengen på taket **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** På tråden med Synnøve **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Sopranos **23.10** Justin Timberlake i Memphis **23.55** Alfred Hitchcock presenterer

SVT 1

11.05 På spåret **13.00** Planeten **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Landgång **16.30** Söderlund & Bie **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Fredagsröj **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Charlies änglar **21.35** Mäklarna **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** Den som viskar **23.55** A Perfect World

Dýragarðurinn

Síðumúla 10 - 108 Reykjavík - Sími 517 6525



Laugardaginn 2. desember ætlum við að opna nýja og glæsilega gæludýraverslun!

Hjá okkur færðu allt sem þarf til dýrahalds, fóður, búr, búnað og fylgihluti.

Stórglæsilegt úrval ferskvatns-, sjávarfiska og kóralla.

Í tilefni af opnuninni bjóðum við 20% afslátt af öllum vörum að lifandi dýrum undanskyldum.

Kíktu til okkar í Síðumúla 10 og fáðu ráðgjöf hjá starfsfólki okkar sem býr yfir margra ára reynslu við umhirðu dýra.

H: > ink hönnunarhús

HRÓSIÐ ...

...fær Daníel Alvin Haraldsson, sem bar höfuð og herðar yfir jafnaldra sína í nýafstaðinni rímnaflæðikeppni Miðbergs og hlaut fyrsta sætið að launum.

Kristján kaupir hlut Baldurs í Mojo

„Ég byrjaði nú ferilinn þarna, þannig mér líður eins og ég sé að snúa aftur heim," segir Kristján Kristjánsson hárgreiðslumaður sem hefur keypt hlut Baldurs Rafns Gylfasonar í hárgreiðslustofunni Mojo.

Kristján hefur unnið á Rauðhettu og úlfinum undanfarin sex ár og fannst orðið tímabært að söðla um. „Þetta er auðvitað allt í góðu, þetta er frábær vinnustaður. Mér fannst bara kominn tími til að breyta til." Baldur Rafn mun hafa ákveðið að selja sinn hlut í stofunni til að geta einbeitt sér að heildsölu hárvara. „Ég var að vinna á Mojo frá 1992 til 1996 og hef þekkt Guðmund Hallgrímsson, meðeiganda Baldurs, síðan þá. Hann bauð mér að kaupa þegar Baldur ákvað að selja sinn hlut í stofunni, og mér fannst það of gott tilboð til að hafna. Við Gummi munum því reka stofuna saman og ég hlakka til að vinna með honum aftur." Mojo er ein vinsælasta hárgreiðslustofa landsins og þykja eigendaskiptin nokkuð stór tíðindi í heimi hártískunnar hér á landi.

BALDUR RAFN Selur sinn hlut í stofunni og ætlar að einbeita sér að heildsölu.

Kristján vinnur út annasamasta mánuð ársins hjá Rauðhettu og úlfinum en hefur störf á Mojo strax á nýju ári. Hann segir að nýjum eigendum fylgi alltaf einhverjar breytingar en vill ekki úttala sig um þær að svo stöddu. „Það kemur í ljós þegar þar að kemur."

KRISTJÁN KRISTJÁNSSON Byrjaði feril sinn á Mojo og líður eins og hann sé að fara aftur heim.



LÁRÉTT 2 viðbót **6** ung **8** tvöfalt **9** heiður **11** til **12** stjörnuár **14** hirsla **16** tveir eins **17** blekking **18** umfram **20** óreiða **21** gefa frá sér reiðihljóð.

LÓÐRÉTT 1 hvæs **3** berist til **4** ógætinn **5** tímabil **7** dröfnóttur **10** fæða **13** kærleikur **15** vingjarnleiki 16 efni 19 íþróttafélag.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 áboð, **6** ný, **8** tví, **9** æra, **11** að, **12** sólar, **14** taska, **16** tt, **17** tál, **18** auk, **20** rú, **21** urra.

LÓÐRÉTT: 1 fnæs, **3** bt, **4** óvarkár, **5** tíð, **7** ýrottur, **10** ala, **13** ást, **15** alið, **16** tau, **19** kr.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

8.–11. des.
AÐVENTUFERÐ TIL TRIER

Trier er elsta borg Þýskalands og þar er nóg um að vera á aðventunni. Borgin er böðuð ljósum og skreytingum og allt iðar þar af mannlífi. Tilvalið er að klára jólainnkaupin á skemmtilegum jólamörkuðum í ekta þýskri hátíðarstemningu. Gist verður á þriggja stjörnu hóteli í hjarta borgarinnar. Innifalið í verði er flug, gisting í þrjár nætur, morgunverður, rúta og spennandi skoðunarferðir.

Verð:
59.900 kr.

19–21. janúar
TÓNLEIKAR MEÐ KYLIE MINOUGE

Nú er Kylie Minogue mætt aftur en hún hóf tónleikaferð sína í Ástralíu á dögunum. Kylie verður í Manchester 19. janúar og auðvitað verða Express Ferðir á svæðinu. Gist verður á þriggja stjörnu hóteli, miðsvæðis í Manchester. Innifalið er flug, gisting og miði á tónleika Kylie Minogue.

Verð frá:
64.900 kr.

PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir

STJÖRNUSTRÁKUR: JÓLADAGATAL SJÓNVARPSINS ENDURSÝNT Á NÝ

Stenst tímans tönn

Sýningar á Jóladagatali Sjónvarpsins, sem að þessu sinni er sagan um stjörnustrákinn Bláma og Ísafoldu eftir Sigrúnu Eldjárn, hefjast í dag. Þættirnir, sem Kári Halldór leikstýrði, voru frumsýndir fyrir fimmtán árum og endursýndir árið 1998. Aðalleikararnir voru þá allir nýkomnir inn í leiklistarbransann. Fréttablaðið athugaði hvar þau eru stödd í dag.

„Ég er að leikstýra jólasýningu hjá Stopp leikhópnum og kenni við Háskólann í Reykjavík," sagði Sigurþór A. Heimisson, sem hefur haldið sig innan leiklistargeirans. Hann heldur að þættirnir standist tímans tönn með prýði. „Þetta er líka tekið upp úti um borg og bæ, það er gaman að sjá hvernig borgin hefur breyst," sagði Sigurþór, sem aftók ekki að hann myndi fylgjast með dagatalinu í ár. „Ég á sex ára strák sem mun fylgjast spenntur með. Ég kann líka ákaflega vel við stjörnustrákinn Bláma," sagði hann.

Kristjana Pálsdóttir, sem fór með hlutverk Ísafoldar, er búsett fyrir norðan þar sem hún hefur kennt leiklist og sett upp sýningar með nálægum grunnskólum. „Ég hef komið að einhverju leiklistartengdu á hverju ári frá því að ég útskrifaðist," sagði Kristjana, en hlutverk Ísafoldar var eitt fyrsta hlutverk hennar. „Þó ég segi sjálf frá finnst mér þetta nú vera með skemmtilegri jóladagatölunum," sagði Kristjana. „Ég hef þá trú að þetta sé ekkert leiðinlegra núna."

Guðfinna Rúnarsdóttir fór með þriðja aðalhlutverkið í þáttunum, sem hún kallar sjálf Fruntalegu kellinguna. „Þetta var algjört draumahlutverk, hún var alltaf að þykjast vera eitthvað annað en hún var, svo ég fékk ótal gervi," sagði Guðfinna, en Fruntalega kellingin var fyrsta stóra hlutverk hennar. Guðfinna einbeitir sér nú að þýðingum og heldur námskeið í upplestri og framsögu fyrir nemendur í 7. bekk. Guðfinna segir börnum hennar finnast býsna skemmtilegt að fá að sjá dagatalið aftur. „Sonur minn hafði nú einhverjar áhyggjur af því að honum myndi finnast mamma hans eitthvað hallærisleg núna, enda var þetta mjög ýkt persóna," sagði Guðfinna hlæjandi. „Ég vona bara að fólk hafi gaman af þessu, en ég vildi helst að það væru framleidd ný jóladagatöl á hverju ári," bætti hún við.

sunna@frettabladid.is

STJÖRNUSTRÁKUR Á SKJÁINN Á NÝ Jóladagatal Sjónvarpsins er nú endursýnt í annað skiptið, en það var framleitt árið 1991.

TRÚIR Á STJÖRNUSTRÁK Kristjönu Pálsdóttur finnst þetta vera eitt skemmtilegasta jóladagatalið.

FRÁBÆRT FYRSTA HLUTVERK Guðfinna Rúnarsdóttir var hæstánægð með Fruntalegu kerlinguna, sem var fyrsta stóra hlutverk hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

SÁTTUR VIÐ BLÁMA Sigurþór Heimisson kann enn ákaflega vel við stjörnustrákinn Bláma og mun fylgjast með framvindu mála ásamt syni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ekkert lát er á umfjöllun breskra fjölmiðla um **Eggert Magnússon** og kaup hans á West Ham. Breska blaðið The Guardian birti í fyrradag ummæli talskonu Eggerts um ástæður þess að hann keypti West Ham. Tilvist þessarar talskonu kom mörgum í opna skjöldu því Eggert hefur hingað til ekki kippt sér upp við að svara sínum síma sjálfur og fyrir mál sín. Þegar Fréttablaðið hafði samband við Eggert kom hann enda af fjöllum, sagðist enga talskonu hafa á sínum snærum og bætti því við að þetta sýndi hversu mikið væri að marka breska fjölmiðla, þeir væru farnir að skálda upp persónur.

Jón Viðar Jónsson, leiklistargagnrýnandinn grimmi, „is back and he's angry". Í dómi sem birtist í tímaritinu Ísafold um Amadeus í Borgarleikhúsinu hjólar hann með slíkum ósköpum í leikstjórann **Stefán Baldursson** að varla eru nema rjúkandi rústir einar eftir. Segir að sem betur fer sé hans „alltof, allt of löngu valdatíð" í Þjóðleikhúsinu lokið þar sem hann misnotaði aðstöðu sína og setti upp flatneskjulegar stjörnusýningar. **Guðjón Pedersen**, sem telur sig nútímamann í leikhúsi, hlýtur ákúrur frá Jóni Viðari, fyrir að hleypa hinu ófrjóa stjörnuleikhúsi Stefáns afturgengnu í Borgarleikhúsið og **Hilmir Snær**, ætti, vilji hann ávaxta sitt pund sem leikari, að svipast um eftir öðrum leikstjóra en Stefáni Baldurssyni.

- fgg/jbg

Nýtt og betra Tjarnarbíó í bígerð

„Þetta er samstarf sjálfstæðu leikhúsanna og alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar, markmiðið er að reka þarna leikhús og bíóhús saman," segir Gunnar Gunnsteinsson, framkvæmdastjóri bandalags sjálfstæðra leikhúsa. Nú stendur til að efla starfsemi Tjarnarbíós, bæta og breyta húsnæðinu á ýmsan hátt. Gera á betri aðstöðu fyrir leikhópa baksviðs, og í skýrslu um framtíðarsýn á húsinu kemur fram að gera eigi það, „tæknilega fullbúið fyrir leik-, dans- og kvikmyndasýningar".

„Við köllum þetta Masterplan," segir Gunnar, en ekki er enn búið að fullfjármagna framkvæmdirnar. „Við fengum smá pening frá ríkinu og núna erum við í umræðum við Menningar- og ferðamálaráð." Fái áætlunin að ganga eftir má með sanni segja að menningarlíf borgarinnar eflist til muna. Ekki hefur verið rekið grasrótar kvikmyndahús í Reykjavík síðan Fjalarkötturinn var og hét og með tilkomu betri aðstöðu mun gatan fyrir sjálfstæða leikhópa aldrei hafa verið jafn greið. „Þetta er svona um það bil, næstum því að detta inn," segir Gunnar að lokum en ekki hefur endanleg ákvörðun verið tekin hjá eiganda hússins, en það er Reykjavíkurborg. - hal

TJARNARBÍÓ Til stendur að gera húsið „tæknilega fullbúið fyrir leik-, dans- og kvikmyndasýningar".

BREYTIR TJARNARBÍÓI Gunnar segir breytingarnar, „um það bil næstum því að detta inn".

www.icelandexpress.is

Útkall!

AÐEINS HÆGT AÐ BÓKA Á WWW.ICELANDEXPRESS.IS

SALA HEFST KL. 9:00 Í DAG

Bjóðum fjölda flugsæta í desember á frábæru verði, frá 5.895 kr., aðra leið með sköttum!

Láttu nú eftir þér að vera hvatvís og skelltu þér út í desember til að klára jólagjafirnar í einni ferð. Veðrið er betra og verðið líka! Svo er úrvalið miklu meira.

Iceland Express býður fjölda flugsæta frá 1. til 30. desember og er lægsta verð aðeins 5.895 kr. aðra leið með sköttum. **Sætaframboð er takmarkað.**

Um er að ræða valdar dagsetningar til og frá Íslandi og hefst sala kl. 9.00 í dag.

Aðeins er hægt að bóka á vefnum okkar, **www.icelandexpress.is!**

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA FI18659

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

BAKÞANKAR
ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

Heimilisgyðja í fjötrum

Morguninn hefst á því að ég fer hljóðlega á fætur til þess að vekja ekki aðra fjölskyldumeðlimi. Ég hnoða deigið sem ég útbjó fyrir svefninn, skelli brauðbollum inn í ofninn áður en ég þríf í eftirlætisskyrtu eiginmannsins og strauja hana. Þá sest ég niður í rólegheitum með öll dagblöðin og les þau gaumgæfilega yfir ilmandi morgunkaffi frá Kosta Ríka sem sagt er tendra fólk til að gera betur í lífinu. Keimurinn er flauelsmjúkur.

BÖRNIN baða ég áður en ég smyr handa þeim heimabakað brauðið og skutla þeim svo í leikskólann. Ég er óaðfinnanleg til fara og húðin geislar af heilbrigði eftir ilmkjarnaolíurnar sem ég bar á mig eftir að ég tók rúllurnar úr hárinu. Ég kveð dæturnar með lokkandi spurningu: "Á mamma að baka piparkökur eftir skóla?". Vitaskuld veina þær af gleði og hrópa upp fyrir sig: "Já, elsku mamma, gerðu það!"

SVONA lætur maður hugann reika í prófum. Sjaldan er ég jafnmyndarleg í huganum og þá. Ég sé fyrir mér smákökubakstur, sultugerð og ilmandi gott rauðkálið eins og mamma gerir en ég ætla að gera sjálf fyrir þessi jól. Strax og próftörninni lýkur. Ég get heldur ekki beðið eftir því að komast til þess að spúla gluggatjöldin, endurskipuleggja eldhússkápana, byrja í jóga og lesa gáfuleg sovésk ádeiluskáld.

TÍMINN er mín helsta hindrun. Mér gefst ekki rúm til að sinna húsverkum og öðrum hugðarefnum því ég verð að verja öllum sínum tíma yfir skruddunum. Það sama gerist á vorin. Þá læt ég mig dreyma um girnilegar spínatbökurnar sem ég ætla mér að búa til og jafnvel að bjóða gestum að smakka. Strax eftir próf. Spínatbökurnar eru í smart aukasumargrillblaði sem ég geymi í glósubunkanum. Eftir prófin er ég staðráðin í að hætta allri óhollustu og ná af mér þessum 10 kílóum sem ég bý enn að eftir fyrri meðgöngu. Eftir próf ætla ég líka að læra að baka glútenlausar skonsur, grilla silung og borða með honum hýðishrísgrjón. Þessi vondu.

ÉG veit sem er að þessar hugsanir deyja með prófatörninni. Og ég er því auðvitað guðslifandi fegin að þurfa aldrei að framkvæma þessi verk, enda er sennilega mun skemmtilegra að láta sig dreyma um verkin en að vinna þau.